

**SKOÐUN** Pawel Bartozek spyr hvort skert aðgengi að áfengi sé af hinu góða. 13



**MENNING** Tónlistarhátíð unga fólksins stendur nú yfir í Salnum. 20



**LÍFIÐ** Kári Helgason vann doktorsverkefnið með geimförum hjá NASA. 30



**SPORT** Jón Arnór Stefánsson er án samnings og verður ekki með landsliðinu. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Föstudagur
8. ágúst 2014
184. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**LÍFIÐ**



### Fólk er enn sett í box

Eva Rún Snorradóttir er ein þríeykisins í leikhópnum Kviss Búmm Bang. Hún reyndi lengi að falla í gagnkynhneigða normið þótt hún hafi alltaf vitað að hún væri lesbía.

**FRÉTTIR**


**Ungur einbúi** Eini íbúinn í Ólafsdal í Gilsfirði er ung Reykjavíkurmær sem unir sér vel. 2

**Nýsköpun á Reykhólum** Starfsfólk og húsnæði vantar í Reykhólasveit en mikill uppgangur er í sveitinni. 6

**Fjölbreytt gisting** Ferðamenn hafa nú fleiri gistimöguleika en að dvelja á hótelum. 8





14

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 9° | | NA | 6 |
| Akureyri | 10° | | N | 5 |
| Egilsstaðir | 12° | | N | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 14° | | A | 4 |
| Reykjavík | 14° | | NA | 3 |

**Hlýjast syðst** Í dag ríkja að mestu NA-áttir, 8-13 m/s NV-til en annars hægari. Rigning og þokusúld N- og A-til en úrkomulítið vestanlands. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Lífið | Fólk




# Áfall að lenda á lista Rússa

Íslendingar þurfa að stíga varlega til jarðar í samskiptum sínum við Rússa á næstu dögum og vikum, er mat forstjóra Iceland Seafood. Gríðarlegir hagsmunir eru undir fari svo að innflutningsbann Rússa nái til Íslands.

**SJÁVARÚTVEGUR** „Það væri áfall fyrir okkur, og fyrir hagsmuni Íslands og okkar sjávarútvegsfyrirtækja, að lenda á þessum lista. Þetta er okkar mikilvægasti markaður fyrir uppsjávarafurðir, og sérstaklega makríl núna þegar við erum í miðri makrílvertíð,“ segir Helgi Anton Eiríksson, forstjóri Iceland Seafood International (ISI), en fyrirtækið er einn stærsti útflytjandi íslensks sjávarfangs, þar á meðal til Rússlands.

Rússar settu í gær innflutningsbann á ýmis matvæli frá Evrópusambandinu, Bandaríkjunum, Noregi, Kanada og Ástralíu, meðal annars sjávarafurðir. Bannið er svar við viðskiptaþvingunum vestrænna ríkja vegna afskipta Rússa af innanríkismálum í Úkraínu.

Samkvæmt upplýsingum frá rússneska sendiráðinu hér á landi er Ísland ekki á listanum, en fulltrúar sendiráðsins vildu ekki tjá sig um hvort það gæti breyst. Tilkynnt hefur verið að listinn sé „sveigjanlegur“.

Helgi segir að nauðsynlegt sé fyrir Íslendinga að stíga varlega til jarðar í samskiptum sínum við Rússa á næstu dögum og vikum.

Aðspurður hvort tækifæri liggi í viðskiptabanni á samkeppnislönd á mörkuðum með sjávarafurðir segir Helgi það vera tvíeggjað sverð. Verð geti hækkað á íslenskum vörum í Rússlandi með aukinni eftirspurn, en að sama skapi gæti umframframboð á öðrum mörkuðum valdið ójafnvægi.

„Það er með öllu óvíst hvað þessi höft vara lengi, þó að talað sé um eitt ár. Hins vegar er um gríðarlegt magn vöru að ræða og erfitt að sjá hvernig þetta gengur upp fyrir rússneskt samfélag. Þeir eru ekki sjálfbærir með þennan varning, og langt frá því,“ segir Helgi. „Ef rússnesk fyrirtæki missa möguleika til að stunda rótgróin viðskipti veikjast þau hratt.“

Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir Rússland og Úkraínu hafa flutt inn sjávarafurðir frá Íslandi fyrir um 30 milljarða á síðasta ári, sem er hátt í 10 til 12 prósent af heildarútflutningi sjávarafurða frá Íslandi. Miklir hagsmunir séu í húfi og full ástæða til að hafa áhyggjur af stöðunni.

Bannið mun hafa mikil áhrif í Noregi. Á síðasta ári fluttu Norðmenn út sjávarafurðir til Rússlands fyrir 120 milljarða íslenskra króna sem er um ellefu prósent af árlegri sölu norskra sjávarafurða. „Við höfum áhyggjur af því að markaðurinn hrynji,“ sagði Ola Braanaas sem rekur Frida Management, eitt stærsta fiskeldisfyrirtæki Noregs, í samtali við Aftenposten. **shá, ih**

### ➜ Óbreyttur stuðningur við Úkraínu



**Gunnar Bragi Sveinsson** utanríkisráðherra segir viðskiptabann Rússlands á vöruinnflutning frá vestrænum ríkjum í engu breyta stuðningi Íslands við Úkraínu. Hann sagði í vor að ef stuðningur Íslands við Úkraínu hefði efnahagslegar afleiðingar í för með sér yrði svo að vera. „Já, já, það stendur og ég vil segja mjög skýrt að við getum ekki gefið afslátt af alþjóðalögum og af mannréttindum, landamærum og lýðræði ríkja þegar reynt er að breyta þessum hlutum öllum einhliða.“ Gunnar Bragi segir ekki liggja fyrir hvort staðan gagnvart Íslandi kunni að breytast.




**ÁFRAM STJÖRNUBJART Í EVRÓPU** „Maður er bara gráti næst af gleði,“ sagði Rúnar Páll Sigmundsson, þjálfari Stjörnunnar, sem tryggði sér sæti í umspili Evrópudeildarinnar í gær. Árangur Garðbæinga hefur þegar tryggt félaginu 83 milljónir í kassann. Stjörnumenn fagna hér lokaflautinu í Póllandi í gærkvöldi. Sjá síðu 26 FRÉTTABLAÐIÐ/ ADAM JASTRZEBOWSKI

Ólafur Darri í nýrri stórmynd:

## Bregður sér í nornarlíki

**KVIKMYNDIR** Ólafur Darri Ólafsson leikur á móti stórleikaranum Vin Diesel í nýrri kvikmynd sem ber nafnið The Last Witch Hunter. Ólafur Darri mun þar leika stórt hlutverk sem norn sem Diesel þarf að berjast við en hann leikur nornaveiðarann. „Við munum hittast í myndinni, það verður skemmtilegt,“ segir Ólafur.

Í myndinni leika fleiri kanónur á borð við Michael Caine og Elijah Wood. Leikstjóri myndarinnar er Breck Eisner. „Ég hef bara séð myndina The Crazies, sem er endurgerð af gamalli hryllingsmynd, og var mjög hrifinn og hlakka til að vinna með honum,“ segir Ólafur Darri. **- glp /**



sjá síðu 30

Formaður Félags prestvígðra kvenna segir farið fram hjá lögunum:

## Gagnrýna ráðningarkerfi presta

**JAFNRÉTTISMÁL** Formaður Félags prestvígðra kvenna gagnrýnir tvöfalt ráðningarkerfi presta, þar sem hægt er að boða til almennra prestskosninga ef biskup samþykkir ekki val nefndar vegna jafnréttislaga.

Síðastliðið vor hafnaði biskup Íslands vali valnefndar í Seljaprestakalli vegna jafnréttislaga, þar sem kona var hæfari en karlinn sem nefndin valdi. Í kjölfarið var staðan auglýst aftur laus til umsóknar en þá tók söknin sig saman og bað um almennar kosningar þar sem engin jafnréttissjónarmið gilda.

„Þetta býður þeirri hættu heim að jafnréttislögum sé ekki fylgt við ráðningar, heldur farið fram hjá lögunum með þessari leið, sem þó er fullkomlega lögleg,“ segir Kristín Þórunn Tómasdóttir, formaður Félags prestvígðra kvenna. **-ebg /** sjá síðu 4



> Það býður þeirri hættu heim að jafnréttislögum sé ekki fylgt við ráðningar, heldur farið fram hjá þeim með þessari leið.
>
> *Kristín Þórunn Tómasdóttir, formaður Félags prestvígðra kvenna*










## SPURNING DAGSINS



Jón Arnór, má troða í innkaupakörfuna?

**„Já, það eru þrjú stig fyrir það hjá okkur.“**

Körfuknattleiksmennirnir Jón Arnór Stefánsson og Pavel Ermolinskij opna kjöt- og fiskbúð á næstu dögum.

Utanríkismálanefnd fjallar ekki frekar um slitatillögu utanríkisráðherra:

# Verður að flytja nýja tillögu

**STJÓRNMÁL** „Utanríkismálanefnd hefur ekki fjallað um slitatillögu Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra frá því í vor,“ segir Birgir Ármannsson, formaður nefndarinnar.

Utanríkisráðherra lagði fram umdeilda þingsályktunartillögu sína um slit á viðræðum við Evrópusambandið í febrúar. Eftir umræður í þinginu var tillagan send utanríkismálanefnd Alþingis til umfjöllunar um miðjan mars og þar dagaði hana uppi.

„Ég geri ekki ráð fyrir að þetta mál komi á dagskrá hjá nefndinni nema tillagan verði endurflutt í haust annaðhvort óbreytt eða í breyttri mynd,“ segir Birgir. Hann segir að ekki liggi fyrir hvaða skref verði stigin næst í málinu.

Gunnar Bragi gaf sér ekki tíma til að svara fyrirspurn um málið í gær. Aðstoðarmaður ráðherra sagði að ekki hefði verið tekin ákvörðun um hvort önnur tillaga yrði lögð fram um formleg slit á viðræðum við Evrópusambandið. - jme



**BIRGIR ÁRMANNSON** Segir næstu skref í málinu óákveðin.

Leita til Alþjóðadómstólsins:

# Argentína vill kæra úrskurðinn

**AMSTERDAM, AP** Alþjóðadómstóllinn í Haag segir Argentínumenn hafa óskað eftir því að úrskurður bandarísks dómstóls sem leiddi til greiðslufalls Argentínu verði tekinn fyrir. Úrskurðurinn sagði til um að Argentínumönnum bæri að greiða þá 1,3 milljarða Bandaríkjadala sem ríkið skuldaði fjárfestum í New York.

Í erindi Argentínumanna til Alþjóðadómstólsins segir að þessi úrskurður hafi brotið gegn fullveldi ríkisins. - bá



**SLASAÐIR FLUTTIR Á BROTT** Verkamenn koma slösuðum vinnufélögum sínum til aðstoðar eftir átök við lögreglu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Um 1.600 verkamenn eru nú í hungurverkfalli í Bangladess:

# Táragasi beitt á mótmælendur

**BANGLADESS Lögregla í Dakka, höfuðborg Bangladess, réðst í gær inn í fataverksmiðju til að reka út stóran hóp verkamanna sem hafa verið í hungurverkfalli frá því 28. júlí. Táragasi var beitt á verkamennina, sem fara fram á að fá greidd laun fyrir vinnu sína síðustu þrjá mánuði.**

**Samkvæmt Reuters taka um 1.600 verkamenn þátt í hungurverkfallinu. Bangladess er ódýrasti staður í heimi til að framleiða föt vegna lágs launakostnaðar verkamanna.** - bá

Erlend söfnun til bjargar:

# Íslenska geitin í mikilli hættu

**LANDBÚNAÐUR** Hjónin Jóhanna og Þorbjörn á Háfelli í Borgarnesi halda úti 400 geitum, um helmingi íslenska geitastofnsins sem er í útrýmingarhættu.

Fari fram sem horfir munu hjónin missa bú sitt um miðjan september vegna mikilla skulda.

Þá mun flestum geitunum líklega verða slátrað samkvæmt geitabændunum á Háfelli. Erlend söfnun er hafin til að bjarga geitunum. Söfnunin hófst að stórum hluta vegna þess að geiturnar komu fyrir í hinum heimsfrægu Game of Thrones þáttum. - bb

Lítil breyting á fylgi flokka:

# Álíka fylgi við ríkisstjórnina

**STJÓRNMÁL** Stuðningur við ríkisstjórnina mældist 36,2 prósent í nýjustu könnun MMR en var 38 prósent í könnun frá því í júní. Lítil breyting er á fylgi annarra flokka.

Sjálfstæðisflokkurinn er stærsti flokkur landsins samkvæmt könnuninni með 24,1 prósents fylgi. Björt framtíð mælist með 19,2 prósent, Samfylkingin fær 17 prósenta stuðning og Framsóknarflokkurinn 11,8 prósent. Vinstri græn mælast nú með 11,6 prósenta og Píratar 9,6 prósenta fylgi. - ih

# Ungi einbúinn ber sig vel í eyðidalnum

Eini íbúinn í Ólafsdal í Gilsfirði við Breiðafjörð er enginn afdalabóndi heldur ung Reykjavíkurmær sem unir hag sínum vel. Fjarri alfaraleið hefur hún kynnst ógrynni af skemmtilegu fólki. Hún býr í skólahúsi fyrsta bændaskóla landsins.

**MANNLÍF** „Systir mín fékk hláturskast þegar ég sagði henni hvert ég væri að fara að flytja,“ segir Sólveig Ólafsdóttir, staðarhaldari í Ólafsdal í Gilsfirði við Breiðafjörð. „Henni fannst þetta hinn besti brandari en svo runnu á hana tvær grímur þegar ég sagði henni að þetta væri ekkert gamanmál.“

Þannig segir hún frá því þegar hún gerði heyrinkunnugt að hún ætlaði að eyða sumrinu sem eini íbúinn í Ólafsdal, utan alfaraleiðar þar sem brúin leiðir umferð þvert yfir Gilsfjörðinn og tryggir ró inni í firðinum.



**SÓLVEIG ÓLAFSDÓTTIR**

Það hefur líka sína kosti fyrir staðarhaldarann sem tekur á móti gestum í sögufrægu húsinu þar í dalnum. „Þetta verður til þess að hingað kemur skemmtilegasta fólkið. Fólk sem leggur það á sig að beygja inn fjörðinn. Það er virkilega komið til þess að fanga sögu og fegurð staðarins.“ Hún segist því hafa kynnst urmul af hinu skemmtilegasta fólki og eflaust mun fleira en margir þeirra sem sækja samkundur og mannfagnaði af krafti í þéttbýlinu.

„Verslunarmannahelgin var verulega góð en þá komu um hundrað manns,“ segir hún. En svo koma dagar þegar fáir banka upp á í Ólafsdal. Hvað gerir einbúinn þá? „Það vill nú þannig til að þá er alveg nóg að gera hjá mér við annað,“ svarar hún enda nóg umstang hjá henni, ekki síst nú þegar hin árlega Ólafsdalshátíð er fram undan. Sólveig segist hafa kynnst Ólafsdalsfélaginu í námi sínu í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og í framhaldinu var henni bent á að staðan væri laus sem hún gegnir nú.

Hún segist una sér vel ein undir fjallasal og að það eigi greinilega vel við Reykjavíkurmeyna að búa í sveit. Hún segir að sér leiðist aldrei því þegar erill vegna gesta og kynningarstarfa gefur henni frí getur hún gleymt sér í fegurð dalsins og við söguna sem syngur úr hverju skoti á bænum og hverri þúfu þar fyrir utan. jse@frettabladid.is



**EIN Í SÖGUFRÆGU HÚSI** Það væsir ekkert um eina íbúann í dalnum í þessu sögufræga húsi. Þetta er gamla skólahúsið þar sem lærisveinar mikils frumkvöðuls sátu á skólabekk. MYND/SÓLVEIG ÓLAFSDÓTTIR

## Kísildalur síns tíma

Í dalnum var stofnaður fyrsti bændaskóli landsins árið 1880 og starfaði hann til 1907. Það var hugsjónamaðurinn Torfi Bjarnason sem það gerði en hann hafði gríðarleg áhrif á athafna- og menningarlíf landans.

Þar var einnig vísir að kvennaskóla.

Margar byggingar voru í dalnum, eins og til dæmis reisuleg skóla- og íbúðabygging og smiðja þar sem smíðuð voru um 800 jarðyrkjuverkfæri.

Auk jarðræktunar og saumaskapar var matargerð með veglegasta móti í Ólafsdal. Þar var til dæmis matjurtaræktun og ostagerð. Matjurtaræktunin hefur nú verið endurvakin.

Búskapur var í Ólafsdal til 1970 en árið 1990 fór hann í eyði. Ólafsdalsfélagið, sem um þessa helgi heldur sín árlegu hátíð, sér um uppbygginguna og reksturinn í dag.




Bæjarráð Akureyrar vonar að þjónusta heilsugæslu bæjarins verði efld:

# Aukið fjármagn þarf frá ríkinu

**AKUREYRI** Bæjarráð Akureyrar boðaði Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra á fund í gær til að ræða stöðu heilsugæslunnar á Akureyri eftir sameiningu heilbrigðisstofnana á Norðurlandi.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs, segir það hljóta að vera keppikefli ríkisins að efla heilbrigðisþjónustuna í bænum.



**GUÐMUNDUR B. BALDVINSSON**

„Það er ljóst að heilsugæslan á Akureyri verður ekki rekin með óbreyttu fjármagni,“ segir Guðmundur. „Það vantar pening inn í þetta til að halda uppi þeirri þjónustu sem við viljum sjá hérna. Þannig að við vonum að ráðherra komi með aukið fjármagn þegar ríkið er búið að taka þetta yfir.“

Akureyrarbær hefur rekið heilsugæsluna frá því að þjónustusamningur við ríkið rann út um áramót. Með sameiningu heilbrigðisstofnana á Norðurlandi mun ríkið hins vegar taka alfarið yfir reksturinn. Kristján Þór segir í samtali við Fréttablaðið að það sé skiljanlegt að menn hafi áhyggjur af fjármögnun heilsugæslunnar. Hann segir hinsvegar enga ástæðu til að ætla það að þjónusta muni dragast saman við yfirtöku ríkisins.

„Það er eitthvað sem hann verður að standa við og við munum fylgja því eftir,“ segir Guðmundur og ítrekar að það sé ekki nóg að þjónustan standi í stað. - bá



**AKUREYRI** Heilsugæslan í bænum verður hluti af nýrri Heilbrigðisstofnun Norðurlands. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# BÁTUR DAGSINS




Aðeins **549kr**

## Subway kynnir bát dagsins.

7 mismunandi bátar alla daga vikunnar, allan ágúst á 549 kr.




SUBWAY®

*Ferskleiki er okkar bragð.™*

Gildir eingöngu fyrir 6 tommu bát. Gildir ekki með öðrum tilboðum eða afsláttarkjörum.

## SVONA ERUM VIÐ



**15%** **er fækkun gistinótta Íslendinga á hótelum í júní milli ára.**

Gistinóttum erlendra gesta fjölgar og þær voru 90 prósent af heildarfjölda gistinátta nú í júní. *Heimild: Hagstofan.is*

Réttarhöldunum yfir síðustu leiðtogum Rauðu kmeranna er nú lokið í Kambódíu:

# Tveir öldungar dæmdir í ævilangt fangelsi

**KAMBÓDÍA, AP** Tveir aldraðir leiðtogar Rauðu kmeranna voru í gær dæmdir í ævilangt fangelsi í Kambódíu. Réttarhöldin yfir þeim hafa staðið yfir í þrjú ár.

Ógnarstjórn Rauðu kmeranna myrti nærri tvær milljónir manna á árunum 1975 til 1979. Leiðtogi þeirra, Pol Pot, lést árið 1998 og slapp við refsingu.

Þeir Khieu Samphan, sem er orðinn 83 ára, og Nuon Chea, 88 ára, eru þeir einu sem enn eru á lífi af helstu leiðtogum Rauðu kmeranna. Khieu Samphan var þjóðarleiðtogi Kambódíu á tímum Rauðu kmeranna en Nuon Chea var helsti hugmyndafræðingur ógnarstjórnarinnar.

Einn félaga þeirra hafði áður hlotið ævilangt fangelsi, en það er fangelsisstjórinn Kaing Guak Eav. Réttarhöldunum yfir honum lauk árið 2011.

Mörgum landsmanna, sem lifðu af ógnarstjórn Rauðu kmeranna fyrir rúmlega 30 árum, þykir refsingin koma heldur seint. Öðrum er þó létt að málaferlunum sé lokið. „Ég hef beðið eftir þessum degi í mörg ár,“ segir Khuth Vouern, 58 ára kona sem missti bæði eiginmann sinn og marga ættingja. **- gb**



**NUON CHEA** Hann var helsti hugmyndafræðingur Rauðu kmeranna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**KHIEU SAMPHAN** Var formlega þjóðarleiðtogi ógnarstjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nyrstu olíubrunnar í heimi:

## Olíuleit Statoil heppnaðist ekki

**NOREGUR, AP** Norska ríkisolíufélagið Statoil tilkynnti í gær að ekki hefði fundist nægt magn nýtanlegrar olíu í holum sem boraðar voru á Hoop-svæðinu svokallaða síðasta sumar.

Svæðið er í Barentshafi og eru tvær holnanna nyrstu olíubrunnar sögunnar, um 300 kílómetra norður af meginlandi Noregs.

Í tilkynningu Statoil kom ekki fram hvort félagið hygðist halda borunum áfram að ári. **- bá**

Giftingar samkynhneigðra:

## Málið fer líklega fyrir hæstarétt

**BANDARÍKIN** Þrír dómarar í áfrýjunarrétti í Cincinnati-borg í Ohio í Bandaríkjunum munu úrskurða á næstunni um hvort lög sem banna hjónabönd samkynhneigðra í fjórum fylkjum standist stjórnarskrá.

Málflutningur lögmanna fór fram á miðvikudag en fylkin sem um ræðir eru Michigan, Tennessee, Kentucky og Ohio samkvæmt frétt USA Today.

Búist er við að málin fari að lokum fyrir hæstarétt Bandaríkjanna. **- ih**

Grunaðir hryðjuverkamenn:

## Fundu vopn og skotheld vesti

**AMSTERDAM, AP** Saksóknarar í Hollandi og Belgíu segjast hafa handtekið tvo menn sem grunaðir eru um aðild að hryðjuverkasamtökum. Mennirnir eru hollenskir ríkisborgarar af tyrkneskum ættum. Hollenskir saksóknarar segja að við leit á heimilum mannanna í Haag hafi verið lagt hald á minnislykla og áróðursefni. Einnig hafi vopn og skotheld vesti fundist í annarri leit í Brussel. **- bá**

# Farið fram hjá jafnréttislögum með prestskosningum

**Biskup samþykkti ekki ráðningu sóknarprests í Seljaprestakalli vegna brota á jafnréttislögum. Í staðinn verða haldnar kosningar þar sem jafnréttislög gilda ekki. Tvöfalt kerfi, segir formaður Félags prestvígðra kvenna.**

**JAFNRÉTTISMÁL** Kristín Þórunn Tómasdóttir, formaður Félags prestvígðra kvenna, telur tvöfalt ráðningarkerfi presta bjóða upp á að farið sé á svig við jafnréttisstefnu kirkjunnar og jafnréttislög landsins.

Í langflestum tilfellum velur valnefnd hvers safnaðar sóknarprest og skilar niðurstöðu sinni til biskups Íslands sem svo skipar í embættið. Önnur leið er að söfnuðurinn biðji um almennar kosningar en til þess þarf þriðjungur sóknarbarna að skrifa undir slíka beiðni.

Slíkar kosningar hafa verið boðaðar í Seljaprestakalli 16. ágúst næstkomandi. Valnefnd hafði aftur á móti einróma valið prest í vor, karlmann sem hefur starfað við sóknina undanfarin ár, en biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, hafnaði valinu. Segir hún í samtali við Fréttablaðið að ástæðan hafi verið meðal annars sú að hún taldi jafnréttislög vera brotin með ráðningunni þar sem einn umsækjandinn, kona, væri umtalsvert hæfari hvað varðar menntun og starfsreynslu.



**PRESTAR** Til ársins 1987 voru prestar ætíð kosnir af söfnuðinum en þá var tekin upp sú leið að valnefnd, sem skipuð er sóknarbörnum, velji úr umsækjendum. Eftir breytingu er afar sjaldan boðað til kosninga. Á höfuðborgarsvæðinu var það síðast í Garðabæ árið 1997.

Agnes segist hafa haft þrjá kosti; að skipa þann sem hún taldi hæfastan í embættið jafnvel þótt það færi gegn vali nefndarinnar, framlengja frestinn eða auglýsa starfið að nýju. Hún valdi síðasta kostinn. Í kjölfarið söfnuðu sóknarbörn undirskriftum til að halda kosningar og í kjölfarið drógu allir umsækjendur umsókn sína til baka fyrir utan þann sem valnefnd hafði valið og annan karlmann.

Þetta segir Kristín Þórunn vera hálfankannalegt ráðningarkerfi. „Það er tvöfalt kerfi í gangi. Í öðru kerfinu gilda landslög og þar af leiðandi jafnréttislög en í hinu kerfinu eru almennar kosningar sem lúta ekki sömu faglegu reglum og hæfnissjónarmiðum. Það býður þeirri hættu heim að ekki sé fylgt jafnréttislögum við ráðningar, heldur farið fram hjá þeim með þessari leið, sem þó er fullkomlega lögleg.“

Aðspurð segist Agnes ekki hafa ákveðið að skipa hæfustu konuna í starfið, jafnvel þótt það sé samkvæmt lögum og í anda jafnréttisstefnu kirkjunnar, því það samræmist ekki gildi lútersku kirkjunnar en aðrir velja. Það sé þó sú leið sem kirkjuþing hafi komið sér saman um en leiðin sé rökrædd á hverju ári enda ekki fullkomin sátt um hana. „Ég ákvað að fara ekki á móti einróma ákvörðun valnefndar enda engum til góðs, hvorki söfnuðinum né prestinum sem skipaður hefði verið með þeim hætti,“ segir Agnes. „En ég ákvað að brjóta ekki jafnréttislög með því að hafna vali nefndarinnar og auglýsa stöðuna aftur. Þannig endaði valið í höndum safnaðarins.“

Agnes segir biskupinn vera langt frá því að vera einvald í ráðningu presta og að það geti orðið flókið þegar einn eigi að skipa í embætti en aðrir velja. Það sé þó sú leið sem kirkjuþing hafi komið sér saman um en leiðin sé rökrædd á hverju ári enda ekki fullkomin sátt um hana.

erlabjorg@frettabladid.is



> **Ég ákvað að fara ekki á móti einróma ákvörðun valnefndar enda engum til góðs, hvorki söfnuðinum né prestinum sem skipaður hefði verið með þeim hætti.**
>
> *Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands*




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 32° | Friedrichshafen | 26° | New York | 28° |
| Aþena | 31° | Gautaborg | 23° | Orlando | 32° |
| Basel | 28° | Kaupmannahöfn | 23° | Ósló | 24° |
| Berlín | 26° | Las Palmas | 26° | París | 25° |
| Billund | 24° | London | 21° | San Francisco | 22° |
| Frankfurt | 27° | Mallorca | 32° | Stokkhólmur | 25° |




**Á MORGUN** Hæg NA-átt eða hafgola.




**SUNNUDAGUR** Hvessir á landinu, víða strekkingur, síst S-til

**NA-ÁTT RÍKJANDI** Í dag má búast við strekkingi NV-til en hægari vindi annars staðar. Rigning eða þokusúld N- og A-lands en fer minnkandi með deginum. Á morgun eru horfur á skúrum, síst SV- og V-til og á sunnudaginn hvessir heldur á landinu.



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# HEILSAN Í 1. SÆTI

## TILBOÐ Á HEILSUVÖRUM



14.995 KR

Vnr 905804

### Wilfa safapressa öflug og hljóðlát

Öflugur en hljóðlátur 150w mótor. Tekur hart grænmeti og ávexti. Stiglaus hraðastillir. Keramik kvörn tryggir að safinn skilur sig ekki. Stór Matari. 1l Safakanna



4.995 KR

Vnr 825720

### Melissa blandari 1l svartur

400w mótor. Tilvalinn fyrir boost, súpur og sósur
1L Glerkanna. 2 Hraðastillingar og púls hraði
Ryðfrír stál hnífur.




5.995 KR

### Princess smoothie blandari Vnr 917802

300w mótor. Stiglaus hraðastillir með Turbo Boost
2 Glös fylgja með (0.5L / 0.3L). 3 drykkjar lok fylgja
Litur: Hvítur



36.995 KR

### Hurom safapressa HB silfur Vnr 911133

Safapressan sem fagfólkið velur. Tryggir hámarksnýtingu á hráefninu, pressar meira magn af vítamínum úr hráefninu og skilar nær þurru hrati.



4.995 KR

### Ísgerðarvél Yonanas Vnr 904647

Yonanas Ísgerðarvél. Búðu til ljúffengan heimalagðan ís. Notar allar gerðir af frosnum ávöxtum
Auðvelt að taka í sundur og þrífa



9.995 KR

### Medisana nuddtæki Vnr 856562

10 styrkleikar. Hentar fyrir háls, herðar, fætur og mjaðmir
Vistvæn lögun. 5 mismunandi nudd taktar
Auðvelt og þæginlegt í notkun. 3 ára ábyrgð

*íslenskur leiðarvísir*



5.995 KR

Vnr 911133

### Medisana blóðþrýstingsmælir á upphandlegg

Einfaldur í notkun. Lætur vita ef um óreglulegan hjartslátt er að ræða. Mjög stór og skýr LCD skjár. 3ja ára ábyrgð



1.995 KR

### Melissa stílhrein baðvog Vnr 911125

Stór LCD skjár. Mælir allt að 150 kg. 100g kvarði.
Slekkur sjálfvirkt á sér. 3V Lithium ion rafhlaða fylgir.

*Notar enga olíu*



3.995 KR

### Severin poppvél 1200w Vnr 826613

Poppar með heitum blæstri. Tekur 2,5 minutur að poppa.
Gegnsætt lok með áfyllingar íláti.

Gildir til 14. ágúst á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup

OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg
og á Akureyri í sumar!

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða stofnun er gagnrýnd fyrir að vera í Indiana Jones-leik?
**2.** Hvað heitir geimfarið, sem komið er til halastjörnunnar 67P/C-G?
**3.** Hvað heitir neminn sem skrifað hefur um umfang sjávarútvegs?

**SVÖR:**

**1.** Minjastofnun Íslands. **2.** Rosetta. **3.** Ásgeir Friðrik Heimisson.

Ný rannsókn sýnir jákvæða þróun á reykingum unglinga síðustu fjögur árin:

# Helmingi færri krakkar reykja

**HEILBRIGÐISMÁL** Verulega hefur dregið úr reykingum íslenskra unglinga samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar Heilsa og lífskjör skólabarna, sem lögð var fyrir í vetur.

Ársæll Már Arnarsson, prófessor við Háskólann á Akureyri og stjórnandi rannsóknarinnar, segir að árið 2010 hafi tíðni reykinga á meðal íslenskra unglinga verið með því lægsta sem gerðist í Evrópu. Samt sem áður hafa reykingarnar minnkað um helming síðan þá.

„Þetta er ótrúlegur árangur og með þessu áframhaldi má hreinlega gera sér vonir um að þessi aldurshópur verði fullkomlega reyklaus eftir nokkur ár,“ segir Ársæll og bætir við að þróunin sé gífurlega hröð, en fyrir 20 árum reyktu 20-25 prósent barna í þessum aldurshópi.



ÁRSÆLL MÁR ARNARSSON

Í langflestum tilfellum byrjar fólk að reykja á unglingsárum eða fyrir 18 ára aldur. „Þessar niðurstöður sýna að með öflugu forvarnarstarfi fjölmargra aðila hefur tekist að lyfta grettistaki í þessu verkefni,“ segir Ársæll.

Kristján Þór Júlíusson tekur undir orð Árna. „Niðurstöðurnar eru afar ánægjulegar og gefa góð fyrirheit, ekki aðeins um reykingar, heldur einnig almennt um bættan lífsstíl unglinga á þessum aldri.“

- ebg

### ➜ Hlutfall nemenda í 10. bekk sem reykja a.m.k. vikulega




Snowden fær dvalarleyfi:

# Í Rússlandi þrjú ár í viðbót

**RÚSSLAND, AP** Bandaríski uppljóstrarinn Edward Snowden hefur fengið leyfi til að dvelja þrjú ár til viðbótar í Rússlandi. Rússar hafa þó ekki veitt honum pólitískt hæli, sem hefði gert honum kleift að vera þar til frambúðar.



EDWARD SNOWDEN

Síðasta sumar veittu rússnesk stjórnvöld honum tímabundið dvalarleyfi til eins árs, en það rann út í byrjun þessa mánaðar.

Snowden birti leyniskjöl frá bandarísku Þjóðaröryggisstofnuninni og sýndi fram á víðtækar njósnir stofnunarinnar víða um heim. Bandarísk stjórnvöld hafa hótað Snowden harðri refsingu fyrir uppljóstranirnar.

- gb

## ASKJA

### Aflétta ferðatakmörkunum

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra hefur aflétt takmörkunum á ferðum um Öskju. Ekki er talið að hætta á hruni við Öskju gefi nægjanlegt tilefni til að loka svæðinu. Engu að síður er varað við flóðbylgjum sem berghlaup við vatnið geti hrundið af stað.



**NAUTAHAKK** Ætli þessir hamborgarar séu ekki frá Spáni? FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Helmingur hakks frá Spáni:

# Ekki nóg af innlendu kjöti

**VERSLUN** Meira en helmingur af því nautahakki sem Ferskar kjötvörur, dótturfyrirtæki Haga, selur sem hamborgara er innflutt frá Spáni.

Ingibjörn Sigurbergsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir þetta vegna skorts á nautakjöti hér á landi.

„Við erum að fá innan við helming af því nautakjöti sem við þurfum hér innanlands til að geta annað eftirspurn,“ segir Ingibjörn. „Í dag erum við búin að flytja inn 100 tonn af hakkefni í samanburði við 40 tonn allt árið í fyrra.“

Aðspurður segist Ingibjörn ekki finna mun á íslenska nautakjötinu og því spænska.

- þþ


**VIÐ ERUM ÁRGANGUR 1950 ÚR KÓPAVOGI**

Sum okkar fermdust hjá séra Gunnari fyrir 50 árum og sum okkar annarsstaðar. Við gengum í Gaggann eða aðra skóla, héngum stundum í sjoppunni á Hálsinum en öll áttum við góð uppeldisár í Kópavoginum

Við ætlum að hittast í Gala Smiðjuvegi 1, Kópavogi

**Laugardaginn 23. ágúst kl. 19**

Þar verður spjallað, snætt og dansað við tónlist okkar tíma

**Miðaverð er kr.6.500,-**

Hægt að leggja inn á reikning: 0152-05-260780, kt.281250-4699 og senda kvittun á **thordise@arborg.is**

*Munið að prenta út kvittun.*

**Nefndin sjálfskipaða**

**Facebook; Gaggó Kóp. árgangur 1950**



jura Fyrir heimili og vinnustaði



EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | **www.eirvik.is**


# Brýnn lúxusvandi í Reykhólasveitinni

Starfsfólk vantar í Reykhólasveit. Erfitt er að finna húsnæði fyrir þá sem koma annars staðar að. Frumkvöðlafyrirtæki með starfsstöð þar hefur gert samning við gistiheimili sem hýsir starfsmenn viku í senn. Uppganginn má skrifa á nýsköpun.

**ATVINNUMÁL** „Við erum fyrirtæki í örum vexti og okkur bráðvantar starfsfólk á Reykhólum en við fundum ekki húsnæði þar,“ segir Garðar Stefánsson, framkvæmdastjóri og annar stofnenda fyrirtækisins Norðursalts sem er með starfsstöð á Reykhólum.

Hann segir að nú þegar hafi fyrirtækið keypt gamalt hús á staðnum og gert það upp. Það dugir ekki til svo nú hefur fyrirtækið gert samning við gistiheimili fyrir vestan sem hýsir starfsmenn eina viku í senn.

„Við könnumst við þennan vanda,“ segir Finnur Árnason, framkvæmdastjóri Þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum. „Reyndar búum við svo vel að hér starfar fólk sem hefur gert það lengi. En svo þurfum við að fá sumarafleysingafólk og það hefur nú alltaf bjargast.“

Þuríður Stefánsdóttir, hjúkrunarforstjóri á hjúkrunarheimilinu Barmahlíð, segir það staðreynd að erfitt sé að finna viðunandi húsnæði á svæðinu. Hún leitar nú logandi ljósi að starfsmanni og býr þó við það lán að geta boðið íbúð gegn vægri leigu.

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri Reykhólahrepps, segir að verið sé að ræða þessi mál með atvinnuveitendum á svæðinu. Hún segir það vissulega heppilegast að einkaaðilar fari út í að byggja en kostnaður við það sé hár svo menn sjái ekki í hendi sér að slík fjárfesting standi undir sér. En ef ekki dugi önnur ráð segir hún líklegast að sveitarfélagið taki það að sér.

Flestir viðmælendur Fréttablaðsins sögðu að húsnæðisskortur hefði varað nokkuð lengi.

Aðspurð hvað valdi uppganginum segir hún menn í nýsköpun vera að koma auga á tækifærin sem svæðið hafi upp á að bjóða. Það kemur heim og saman við tíðindin af Norðursalti sem hóf útflutning á salti í sumar en við vinnsluna er notast við vatn úr borholu og eins affallsvatn frá Þörungaverksmiðjunni.

Einnig er gert ráð fyrir því í skipulagi sveitarfélagsins að heilsulind Vatnavina Vestfjarða rísi í náinni framtíð. Þaðan koma og kraftar sem reka Sjávarböðin á Reykhólum þar sem auðlindir sveitarinnar eru nýttar til heilsubótar og yndisauka.

jse@frettabladid.is



**REYKHÓLAR** Vandi fylgir vegsemd hverri og nú glímir Reykhólasveit við vanda sem fylgir uppganginum. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR



**FRUMKVÖÐLAR Á REYKHÓLUM** Þeir Garðar Stefánsson og Sören Rosenkilde stofnuðu Norðursalt í fyrra.

Lítið hefur veiðst af hrefnu svo hvert veitt dýr klárast jafnóðum:

# Veiðimenn hafa ekki undan

**SJÁVARÚTVEGUR** Hrefnuveiðimenn hafa aðeins veitt átján hrefnur í ár sem dugir skammt fyrir verslanir og sérstaklega veitingahús sem sífellt fleiri bjóða upp á hrefnukjöt.

„Það væri gott að hafa tíu til viðbótar,“ segir Gunnar Bergmann Jónsson, framkvæmdastjóri Hrefnuveiðimanna. „Ég á 300 kíló núna af síðustu skepnu og það verður búið á mánuðinum.“

Erfitt er um veiðar meðan makríllinn er á ferð um Faxaflóann, þar sem veiðarnar fara fram, því lítið er um æti þegar hann hefur farið yfir. Eins er erfitt að hæfa hrefnu sem eltir uppi makríl því þá verður hún að vera snör í snúningum. Þá hefur veður verið óhagstætt.

Gunnar segir að hrefnuveiðimenn stefni að því að veiða álíka margar skepnur og í fyrra þótt það taki lengri tíma. „Við megum vera að til 30. október. Ætli við förum ekki langt með að nýta okkur það.“

Ástæða er einnig til að halda að hvalurinn sé að dóla sér lengur fram á vetur. Til dæmis veiddist í miðjum ágúst fyrir tveimur árum hrefna sem var með lús sem þýðir að hún var nýkomin úr syðri sjó.

- jse



**HAFA TIL SKUTULINN** Það er pressa á veiðimenn að nýta hvert tækifæri nú þegar veitinga- og verslunarmenn bíða eftir steikinni. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

# Þessi börn áttu sér nafn og framtíð!




## Aðgerðarleysi er ekki valkostur, verndum börn gegn stríðsátökum. Hjálp frá okkur þarf að berast

Sigurður Ásgeir Kristinsson læknir

Hannes Petersen læknir

# Erlendum ferðamönnum fjölgar hraðar en gistinóttum á hótelum

Gistinóttum erlendra ferðamanna á hótelum í júní fjölgaði um sex prósent frá því í fyrra. Á sama tíma fjölgaði ferðamönnum um 23 prósent. Framkvæmdastjóri SAF telur þetta skýrast af auknu framboði á öðrum gistimöguleikum og takmörkuðu rými hótela.



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

**FERÐAÞJÓNUSTA** Gistinóttum á hótelum í júní fjölgaði um þrjú prósent frá því á sama tíma í fyrra, samkvæmt tölum sem Hagstofan birti í gær. Gistinætur í júní voru samtals 239.700. Gistinætur erlendra gesta voru 90 prósent af heildarfjöldanum en þeim fjölgaði um sex prósent frá sama tíma í fyrra á meðan gistinóttum Íslendinga fækkaði um 15 prósent.

Hins vegar fjölgaði ferðamönnum um 23 prósent í júní frá því í fyrra, en nú komu um 110 þúsund erlendir ferðamenn til landsins í mánuðinum, samkvæmt talningu Ferðamálastofu í Leifsstöð.

### Aukning á íbúðargistingu

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, telur að aukning á íbúðargistingu hvers konar skýri eflaust stóran hluta þessa misræmis.

„Fjölgun í framboði á öðrum gistimöguleikum eins og leigu á herbergjum í íbúðarhúsnæði og þess háttar hefur verið mikil eins og sést vel til að mynda á vefsíðum eins og airbnb.com. Oft og tíðum er um að ræða framboð á íbúðargistingu sem ekki er með tilskilin leyfi. Það er eitthvað sem þarf svo sannarlega að ráða bót á, eins og við höfum oft bent á, til að geta til að mynda metið umfangið á fullnægjandi hátt.“

Helga segir nýtingarhlutfall heilsárshótela hafa verið hátt í júní eins og síðustu ár. Hún leiðir að því getum að ferðamenn hafi í meiri mæli nýtt sér aðrar tegundir gistingar þar sem framboð þess hefur aukist. „Áætlanir gera ráð fyrir nýjum hótelum, sér í lagi á höfuðborgarsvæðinu, á næstu misserum. Miðað við nýtingarhlutfall hótelanna á markaðurinn inni frekari fjölgun hótelherbergja.“

### Fæstir með leyfi

Í skýrslu sem VSO ráðgjöf vann nýlega fyrir borgina kemur fram að framboð heimagistingar á netinu hafði þrefaldast á átján mánaða tímabili, en þá var fjöldi auglýsenda um 795 og buðu þeir upp á samtals 2.854 rúm.

Vegna fjölda staða segir VSO ráðgjöf ljóst að flestir á bókunarvefjum hafi ekki leyfi fyrir starfsemi sinni.

### Borgin jákvæð fyrir hótelum

Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri hjá Reykjavíkurborg, tekur undir með Helgu og segist jákvæð fyrir þeirri hóteluppbyggingu sem nú á sér stað. Sér í lagi fyrir uppbyggingu sem teygir sig í austurátt, ekki síst til að létta álagi af Kvosinni.





HELGA ÁRNADÓTTIR


ÓLÖF ÖRVARSDÓTTIR

„Sum hverfi í nágrenni miðborgarinnar hafa orðið fyrir miklu álagi í kjölfar fjölgunar ferðamanna. Þetta álag lendir á íbúðahverfum vegna þess að það vantar gistingu yfir sumarmánuðina en aukið framboð á hótelum gæti haft áhrif á þetta,“ segir Ólöf.


**HÓTEL Í BYGGINGU VIÐ HÖFÐATORG** Áætlanir gera ráð fyrir nýjum hótelum á höfuðborgarsvæðinu á næstu misserum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Gistirými takmörkuð í íbúðabyggð

Í aðalskipulagi Reykjavíkur sem tók gildi nú í vor er gert ráð fyrir takmörkun á heimildum til að reka gististaði í íbúðabyggð.

Slíkt verði aðeins heimilt við svokallaðar aðalgötur, það er að segja götur sem þola meiri umferð.

Ólöf nefnir sem dæmi Hofsvallagötu og Lönguhlíð. „Það er götur sem eru tengigötur, þar sem nú þegar standa til dæmis verslanir eða að þar er boðið upp á aðra þjónustu,“ segir Ólöf.

Ólöf segir að með þessu sé verið að draga úr álagi á rólegri íbúðagötur, álagið vegna ágangs ferðamanna megi ekki verða of mikið á einstök hverfi. „Það þarf að vera gott jafnvægi í þessu.“

Í aðalskipulaginu er hins vegar ekki tekið á heimagistingu í íbúðabyggð, það er þar sem leigjandi á lögheimili í íbúðinni. Slík gistiþjónusta sé þó leyfisskyld, þrátt fyrir að fæstir sem standa í slíkum rekstri séu með leyfi.




**Nýr Volkswagen Polo.**

Kominn með nýtt útlit, nýja vél og nýja skiptingu. Nýi Poloinn er eyðslugrennri, hærri, kraftmeiri, öruggari og umhverfisvænni. Sportlegar línur, fáguð smáatriði og glæsilegt útlit grípur athyglina í umferðinni: Það er greinilega allt á réttum stað í nýjum Polo.

**Volkswagen Polo kostar frá:**
**2.590.000 kr.***

*Polo Trendline, 1.0 MPI, 5 gíra beinskiptur, 75 hestöfl.

Das Auto.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

PIPAR\TBWA • SÍA • 141768







**CHAR-BROIL** GASGRILL
2 brennarar

**54.995 KR.**
FULLT VERÐ 79.900 KR.




**CHAR-BROIL GASGRILL**
3 brennarar

**89.995 KR.**
FULLT VERÐ 129.900 KR.



**COLUMBIA** DRAINMAKER
GÖNGUSKÓR
HERRA OG DÖMU

**9.990 KR.**
ÁÐUR 19.990 KR.



40%
AFSLÁTTUR
AF ÚTILEGUSTÓLUM
MEÐ HÁU BAKI

**MOVERA**
álstóll

**13.140 KR.**
FULLT VERÐ 21.900 KR.



**COLEMAN**
Sling - grænn

**5.994 KR.**
FULLT VERÐ 9.990 KR.

50%
AFSLÁTTUR



**MITCHELL AVOCET**
veiðihjól

**3.495 KR.**
FULLT VERÐ 6.990 KR.

40%
AFSLÁTTUR
AF GRILL-
FYLGIHLUTUM



40%
AFSLÁTTUR
AF ZAMBERLAN
GÖNGUSKÓM



MERIDA-HJÓL
26" - 27,5" - 29"
40%
AFSLÁTTUR



40%
AFSLÁTTUR
AF KÆLIBOXUM



**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16

AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

Ragnar Aðalsteinsson telur Þjóðskrá ekki mega neita Harriet um vegabréf:

# Segir Þjóðskrá brjóta stjórnarskrá

**STJÓRNSÝSLA** Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður Cardew-fjölskyldunnar, hefur sent greinargerð til innanríkisráðneytisins vegna ákvörðunar Þjóðskrár Íslands um að synja Harriet Cardew um vegabréf. Foreldrar Harrietar kærðu úrskurð Þjóðskrár fyrr í sumar.

Í greinargerðinni segir að í lögum nr. 136/1998 sé kveðið á um að hver Íslendingur eigi rétt á að fá útgefið vegabréf. Þjóðskrá hafi því ekki haft lagaheimild til að neita Harriet um vegabréf og þar með svipta hana ferðafrelsi.

Jafnframt segir að nöfn manna séu hluti af sjálfsmynd þeirra sem vernduð sé með ákvæðum stjórnarskrár um friðhelgi og mannréttindasáttmála Evrópu sem Ísland er aðili að.

Þar kemur einnig fram að útlendingar geti fengið íslenskt ríkisfang og þá haldið nöfnum sínum. Að neita Harriet um vegabréf sé því brot á jafnræðisreglu stjórnarskrá.

Í greinargerðinni er fullyrt að ákvörðun mannanafnanefndar um að hafna nafninu Harriet eigi sér ekki lagastoð. Nafnið taki bæði eignarfallsendingu og eigi sér tæplega aldarlanga sögu hér á landi en nafnið var fyrst skráð hér á landi árið 1928.

Innanríkisráðuneytið mun úrskurða um hvort ákvörðun Þjóðskrár hafi staðist lög en ekki hafa fengist upplýsingar um hvenær málið verður tekið fyrir. **-ih**



**BJÖRGUN** Harriet fékk breskt neyðarvegabréf svo fjölskyldan kæmist í frí til Frakklands fyrr í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bæjarráð vill losna við dóp:

# Áhyggjur vegna fíkniefnasölu

Bæjarráð Fjallabyggðar ályktaði fyrr í vikunni að gera þyrfti átak vegna neyslu og sölu fíkniefna í Fjallabyggð svo bæjarfélagið yrði ekki „griðastaður fyrir fíkniefnasala“. Daníel Guðjónsson, yfirlögregluþjónn á Akureyri, segir: „Við höfum fengið kvartanir frá íbúum yfir ákveðnum einstaklingum á svæðinu. Við munum koma til með að skoða það. Á þessu svæði er fólk sem hefur áður komið við sögu lögreglu og við þekkjum til.“ **- skó**

Fíkniefnabrotum fjölgar:

# Færri tilkynnt kynferðisbrot

**LÖGREGLUMÁL** Tilkynningum um kynferðisbrot til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fækkaði um 41 prósent í júlí miðað við sama tímabil síðustu þriggja ára. Átta kynferðisbrot voru tilkynnt til lögreglu í mánuðinum.

Þá hefur fíkniefnabrotum fjölgað um 44 prósent samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára, en fíkniefnabrot í júlí voru 122.

Þetta kemur fram í nýútkominni skýrslu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um helstu afbrot sem tilkynnt hafa verið til lögreglu. **- rkr**

Sviptur ökuréttindum:

# Féll af bifhjóli á miklum hraða

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður bifhjóls mældist á 220 kílómetra hraða á klukkustund þar sem hámarkshraði er 90 kílómetrar á klukkustund á Jökuldal í gær. Hann féll af hjólinu og var sjúkraflutningabíll kallaður á vettvang sem flutti hann á Heilbrigðisstofnun Austurlands á Egilsstöðum.

Maðurinn reyndist lítið slasaður og var að lokinni skoðun fluttur á lögreglustöðina á Egilsstöðum þar sem hann var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða. **- rkr**

# Tugir þúsunda sitja fastir á helgu fjalli

Herskáir íslamistar hafa náð nokkrum borgum og þorpum í norðvestanverðu Írak á sitt vald. Íbúarnir hafa flúið tugþúsundum saman og hafast margir við uppi á Sindsjarfjalli, þar sem lítið er um vatn og næringu, og komast hvergi.

**ÍRAK** Herskáir íslamistar úr samtökunum Íslamska ríkið hafa síðustu dagana herjað á íbúa í norðvestanverðu Írak. Meðal annars hafa þeir náð Karakosh, stærstu borg kristinna Íraka, á sitt vald, og sömuleiðis borginni Sindsjar, helstu borg Jasída-þjóðflokksins, sem aðhyllist ævaforn trúarbrögð.

Íbúarnir hafa flúið tugþúsundum saman upp á fjallið Sindsjar, sem er heilagt fjall í augum Jasída. Allt að 50 þúsund Jasídar eru taldir vera fastir uppi á fjallinu, matar- og vatnslitlir, og hafa bæði börn og veikburða gamalmenni látist af næringarskorti.

Bandarísk stjórnvöld skoða nú hvort varpa eigi matvælum og öðrum nauðsynjum niður til fólksins úr flugvélum.

Íslamistarnir virðast einnig hafa náð Mosulstíflunni, stærstu stíflu landsins, á sitt vald, en hún er skammt frá borginni Mosul. Stíflan gegnir mikilvægu hlutverki við að útvega íbúum landsins bæði vatn og rafmagn, en er jafnframt hættuleg öllum sem búa fyrir neðan hana taki uppreisnarmenn upp á því að eyðileggja hana.

Stíflan hefur lengi verið veikburða og það eitt að hætta nauðsynlegu viðhaldi gæti þýtt að hún brysti með þeim afleiðingum að vatnsflóð mikið þeyttist niður yfir byggðina.

Næststærsta stífla landsins, Hadithastíflan, hefur einnig nokkrum sinnum fallið í hendur hinna herskáu íslamista.

Þá gerðu íslamistar sjálfsvígsárás í höfuðborginni Bagdad í gær, og kostaði hún hátt á annan tug manna lífið. Einnig sprengdu þeir tvær bílasprengjur í Kirkuk, höfuðborg Kúrdahéraðsins í norðanverðu Írak, með þeim afleiðingum að hátt á annan tug manna létu þar einnig lífið.

Samtökin Íslamskt ríki hafa á síðustu mánuðum náð stórum hluta Íraks á sitt vald, en einnig hafa þeir nokkuð stór svæði í Sýrlandi á sínu valdi.

gudsteinn@frettabladid.is



**FLÚNAR AÐ HEIMAN** Jasídakonur bíða átekta í bænum Dohuk, en þær flúðu frá borginni Sindsjar eftir að uppreisnarmenn náðu henni á sitt vald. NORDIPHOTOS/AFP



**HNÚFUBAKUR VEIFAR SPORÐI** Þessi virðist vera að fagna því að umræðan um hnúfubaksveiðar skuli vera sett í súr. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hrefnuveiðimenn doka við:

# Hnúfubaksveiðar settar í súr

**DÝRALÍF** Hrefnuveiðimenn hafa ekkert haft sig í frammi við að knýja á um veiðileyfi á hnúfubaki eins og rætt var um í fyrrasumar.

„Ef þessi umræða kemur upp þá auðvitað tökum við þátt í henni en mér skilst að það sé engin vinna í gangi,“ segir Gunnar Jónsson, framkvæmdastjóri Hrefnuveiðimanna.

„Menn eru líklega ekkert spenntir fyrir því að rugga þessum báti,“ segir Gunnar. **- jse**

**KÍNA**

## Andófsmaður látinn laus

Einn þekktasti mannréttindalögmaður Kínverja, Gao Zhisheng, var látinn laus úr fangelsi í gær en yfirvöld þar í landi eru talin fylgjast áfram grannt með honum. Gao hefur oft gagnrýnt ríkisstjórn Kína fyrir mannréttindabrot. Hann var tilnefndur til friðarverðlauna Nóbels árið 2008.






**FLÝGUR ENN** Útsýnið úr byssuturni vélarinnar er tilkomumikið. MYND/HJÁLMAR ÁRNASON

Fræg herflugvél hafði viðkomu á Íslandi:

# Flug til heiðurs hermönnum sem féllu

**SAGA** „Það var alveg magnað að standa í skytturninum og hafa 360 gráðu sýn. Magnað,“ segir Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis, sem varð þeirrar ánægju aðnjótandi í gær að sitja um borð í annarri af tveimur sprengjuflugvélum af Lancastergerð sem til eru í flughæfu ástandi í heiminum.

„Manni verður ósjálfrátt hugsað til styrjaldarinnar og setur sig í spor mannanna sem lögðu mikið á sig um borð í þessum fljúgandi virkjum. Yfir þrjú þúsund voru skotnar niður með tilheyrandi mannfórnum,“ bætir Hjálmar við spurður vistina um borð.

Lancaster-vélin hafði hér viðkomu í gær á ferð sinni yfir Atlantshafið frá Kanada til Bretlands. Ferðin er til að heiðra minningu breskra hermanna sem létu lífið í síðari heimsstyrjöldinni.

Það er ekki ofsagt að Lancastervélarnar hafi gegnt lykilhlutverki í hernaði Breta eftir 1941. Sú saga á sér þó tvær hliðar, fórnir flugliðanna en ekki síður skuggahlið sprengjuárása bandamanna á Þýskaland sem hafa frá stríðslokum verið gagnrýndar. **- shá**

# Metan á Miklubraut

## Það er ómetanlegt










### Metan í alfaraleið

Við höfum opnað nýja hraðvirka metandælu á Orku-stöðinni við Miklubraut, á fjölförnustu götu landsins.

ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
498
kr. askjan
Amerísk bláber 290g
159
kr. stk.
Amerískur ferskur maís ca. 280g FRÁBÆR Á GRILLIÐ
298
kr. 250g
NÝIR ÍSLENSKIR
Kirsuberjatómatar
359
kr 150g
Nýtt íslenskt grænkál
FRÁ SPÁNI; RAUÐ VATNSMELÓNA
SEEDLESS WATERMELON
159
kr. kg
359
KR.KG
GRÆN HOLLENSK PAPRIKA
398
KR.KG
RAUÐ HOLLENSK PAPRIKA
169
kr. kg
KARTÖFLUR Í LAUSU
Frá Danmörku, ný uppskera
BÓNUS
Bacon
1598
kr. kg
Upprunaland; Spánn
NAUTA Veisla
FJÓRIR 80 GR HAMBORGARAR MEÐ BRAUÐI
698
kr 4 stk.
Fjórir 80g hamborgarar m.brauði
259
kr. 650g
BÓNUS NÝBAKAÐ Normalbrauð
198
kr. stk.
BÓNUS NÝBAKAÐ Ostaslaufa
Coca-Cola light
Coca-Cola
Coca-Cola zero
198
kr. 1.5 ltr.
Egils
Egils APPELSÍN
129
kr. 1 ltr.
KOKTEILSÓSA FABRIKKUNNAR
FABRIKKU SÓSAN
298
kr 300ml
X-Large HAMBORGARA BRAUÐ
159
kr 4 stk.
ÍSLANDS NAUT
Nautahamborgari
498
kr. 2 stk.
100% KJÖT
ÍSLANDSNAUT Hamborgarar 2 stk. 140g
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÍSLENSKT KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS
GRÍSAKJÖT Á GRILLIÐ
1198 kr. kg
Bónus BBQ grísahnakki
1198 kr. kg
BBQ grísakótilettur m.beini
FORKRYDDAÐ
898 kr. kg.
Bónus Grill grísabógsneiðar
1398 kr. kg
Bónus Grísakótilettur úrb.
698 kr. kg.
Bónus ferskir kjúklingaleggir
1995 kr. kg
Bónus ferskar kjúklingabringur
698 kr. kg.
Bónus fersk kjúklingalæri
298 kr. kg.
Bónus ferskir kjúklingavængir
759 kr. kg.
Bónus ferskur heill kjúklingur
1198 kr. kg
Íslandslamb Ferskir lambaskankar
1198 krónur kg.
Kaupfél. Skagfirðinga Frosið heilt lambalæri FROSIÐ
FERSKT GRÍSAKJÖT
698 kr. kg.
Ferskt Grísahakk
BÓNUS BRAUÐ 1 kg.
1198 krónur kg.
KS Lamba-Sirloinsneiðar FROSNAR
998 kr. kg.
Ferskar Grísakótilettur
229 kr. 1 kg.
Bónus kornbrauð 1 kg.
13 SAMLOKUR
1398 krónur kg.
Kaupfél. Skagf. Lambalæri í sneiðum FROSIÐ
1098 kr. kg
Ferskar Grísahnakkasneiðar úrb.
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

Hvað ef Rússar setja íslenzkan fisk í bann?

# Staðið í lappirnar gagnvart Rússum

Íslenzkir fiskútflytjendur fylgjast nú áhyggjufullir með útfærslunni á innflutningsbanni rússneskra stjórnvalda á matvæli frá Vesturlöndum. Bannið er hugsað sem svar við efnahagslegum og pólitískum þvingunaraðgerðum vestrænna ríkja gagnvart Rússum vegna framferðis þeirra í Úkraínu.

Samkvæmt fyrstu fregnum af innflutningsbanninu eru íslenzk matvæli ekki á listanum yfir vestrænan mat sem verður bannað að flytja inn. Rússnesk stjórnvöld hafa reyndar tekið fram að listinn sé „sveigjanlegur“, sem þýðir að það er ekki útilokað að staðan gagnvart Íslandi gæti breytzt.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Raunar er ekki sérstaklega rökrétt að Rússar undanskilji Ísland úr hópi vestrænna ríkja sem styðja stjórnvöld í Úkraínu í baráttunni gegn ofríki Rússlands. Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hefur staðið sig vel í þeim stuðningi, farið tvisvar sinnum til Úkraínu og sagt skýrt að innlimun Rússa á Krímskaga hafi verið brot á alþjóðalögum. Ráðherrann hefur líka hvatt Rússa til að beita sér fyrir því að aðskilnaðarsinnar í austurhluta landsins leggi niður vopn í stað þess að veita þeim stuðning. Íslenzk stjórnvöld hafa sömuleiðis lýst stuðningi við og tekið þátt í þvingunaraðgerðum Bandaríkjanna, ESB og fleiri vestrænna ríkja gegn Rússlandi.

Það er þess vegna ekki ljóst hvers vegna íslenzkar útflutningsvörur eru undanskildar innflutningsbanninu frekar en til dæmis sjávarafurðir frá Noregi, en bannið mun hafa veruleg áhrif á norskan sjávarútveg.

Þátttaka Íslands í þvingunaraðgerðum gegn Rússum skiptir rússneskt efnahagslíf litlu eða engu máli. Ákveði rússnesk stjórnvöld hins vegar að bæta íslenzkum fiski á listann yfir vörur sem ekki fást fluttar inn getur það valdið íslenzkum fyrirtækjum talsverðum búsifjum. Stór hluti makríl- og síldarútflutnings Íslendinga fer til Rússlands. Helgi Anton Eiríksson, forstjóri Iceland Seafood, segir í Fréttablaðinu í dag að gífurlegir hagsmunir séu í húfi og hvetur íslenzk stjórnvöld til að „stíga varlega til jarðar“.

Á Ísland þá að tóna niður málflutning sinn til stuðnings Úkraínu og að alþjóðalög séu virt, til að tryggja hagsmuni útflytjenda? Svarið við því er nei. Hér er stærra prinsippmál á ferðinni en svo. Eins og Gunnar Bragi sagði þegar hann kom frá Úkraínu í síðasta mánuði: „Það varðar hagsmuni Íslands miklu að alþjóðalög séu ávallt virt […] Með heimsókn minni núna vil ég undirstrika það að rödd Íslands heyrist til varnar alþjóðalögum og reglu.“

Í Bylgjufréttum í gær ítrekaði Gunnar Bragi fyrri ummæli sín, um að ef stuðningur Íslands við Úkraínu hefði í för með sér efnahagslegar afleiðingar, yrði svo að vera. „Já, já, það stendur og ég vil segja mjög skýrt að við getum ekki gefið afslátt af alþjóðalögum og af mannréttindum, landamærum og lýðræði ríkja þegar reynt er að breyta þessum hlutum öllum einhliða,“ sagði Gunnar Bragi.

Þetta er rétta afstaðan í þessu máli. Innflutningsbann Rússa verður tæplega langvinnt, því að það mun skaða rússneskan efnahag ekkert síður en vestrænna ríkja. Íslenzk sjávarútvegsfyrirtæki hafa áður þurft að bregðast við viðlíka sveiflum á mörkuðum. Það er engin ástæða til að breyta stefnunni í þessu stóra máli.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson
**ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU



Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á keppinautana.
Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fylgið dalar

Fylgi við ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar mældist rúm 36 prósent í könnun MMR sem gerð var í lok mánaðarins. Fylgið hafði dalað um tvö prósentustig frá því í júní. Fylgi ríkisstjórnarinnar mældist tæp 60 prósent þegar stjórnin tók við völdum í byrjun júní í fyrra og hefur hún því tapað miklu fylgi á þessu eina ári frá því hún tók við völdum. Sömu sögu var raunar að segja af ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur, samkvæmt könnunum MMR var fylgið við hana 56 prósent þegar hún komst til valda í febrúar 2009, fylgið dalaði nokkuð hratt samkvæmt mælingum, í október 2010 mældist það ekki nema tæp 23 prósent samkvæmt MMR, á lokametrum stjórnar Jóhönnu var fylgið 31,5 prósent. Það er svo spurning hvort ríkisstjórn Sigmundar sekkur jafn djúpt og ríkisstjórn Jóhönnu gerði.



### Fastur fyrir

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hefur hvergi hvikað í stuðningi sínum við Úkraínu. Rússar hafa hótað að beita innflutningsbanni gagnvart þjóðum sem styðja Úkraínumenn. Gunnar Bragi sagði í vor að það yrði að hafa það þó að stuðningur við Úkraínumenn hefði í för með sér efnahagslegar afleiðingar fyrir Íslendinga og í gær sagðist hann sama sinnis. Ekki væri hægt að gefa neinn afslátt af alþjóðalögum og mannréttindum. Gott hjá Gunnari Braga að standa fastur fyrir og standa með Úkraínumönnum gegn Rússum. Aldrei að vita nema honum verði þakkað fyrir með því að lítið torg eða gata verði nefnd eftir honum eða Íslandi í einhverri borg Úkraínu. Íslendingar studdu dyggilega við bakið á Litháum í sjálfstæðisbaráttu þeirra gegn Rússum. Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, var í miklum metum Litháen og honum til heiðurs var torg í höfuðborginni Vilnius nefnt Íslandstorg.



johanna@frettabladid.is

## HALLDÓR




# „Ert þú klár fyrir versló?“

NEYTENDAMÁL



**Eva H. Baldursdóttir**
lögfræðingur

Svona auglýsti eitt smálánafyrirtækið fyrir verslunarmannahelgi. Inntakið – þú þarft ekki að vera nettengdur til að fá smálán heldur nægir að senda sms yfir versló. Smart. Nú er hægt að fá hraðlán í miðjum Brekkusöngnum, eða eins og segir í frægu lagi – uppá palli, illa drukkin, inní tjaldi, úti skógi o.s.frv. Vonandi skemmtiði ykkur vel fyrir smálánið.

Að öllu gamni slepptu er þessi auglýsing afar sérkennileg. Ekki síst fyrir þær sakir að í júní sl. ákvarðaði Neytendastofa að flýtiþjónustugjald allra smálánafyrirtækjanna bryti í bága við lög um neytendalán og voru öll fyrirtækin sektuð. Að sækja um á frídegi verslunarmanna og fá lánið strax er því ólögmætt af hálfu smálánafyrirtækja samkvæmt Neytendastofu.

Forsaga málsins er sú að þann 1. nóvember sl. tóku gildi ný lög um neytendalán. Í lögunum er lagt bann við að vextir og annar kostnaður við lántöku, þ.e. heildarlántökukostnaður, sé umfram 50% á ári. Við gildistöku laganna stóðu smálánafyrirtækin frammi fyrir því að viðskiptamódel þeirra, að lána litlar fjárhæðir með okurvöxtum, t.d. 600-700% vöxtum á ársgrundvelli, var bannað samkvæmt lögum. Smálánafyrirtækin létu þó ekki segjast og fyrir gildistöku laganna var boðað breytt lánafyrirkomulag. Vextirnir voru nú í samræmi við lögin, en í staðinn var tekið upp svokallað „flýtiþjónustugjald“ fyrir að fá lánshæfismat afgreitt strax. Á þeim tímapunkti vakti ég athygli á að þetta fyrirkomulag væri ólögmætt. Kostnaður við „flýtiþjónustuna“ væri enda hluti af heildarlántökukostnaði samkvæmt efni og markmiði nýrra neytendalánalaga. Með úrskurði Neytendastofu er orðið ljóst að þessi tilraun, að finna meinbugi á lögunum til þess að halda áfram með okurvaxtastarfsemi, er ekki aðeins siðlaus heldur líka ólögleg.

**➜ Smálánafyrirtækin eru enn í fullu fjöri við útlánastarfsemi sem hefur verið úrskurðuð ólögmæt.**

Í dag eru liðin 6 ár frá fjármálahruni. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er heilu bindi varið í að greina m.a. siðfræði fjármálakerfisins og lögð áhersla á siðvæðingu samfélagsins í heild sinni. Starfsemi smálánafyrirtækja er eitthvað sem truflar ekki svefn minn, en ef við viljum byggja betra samfélag þurfum við að láta okkur málin varða. Smálánafyrirtækin eru enn í fullu fjöri við útlánastarfsemi sem hefur verið úrskurðuð ólögmæt. Kannski er allt í lagi að geta tekið smálán um miðja nótt – illa drukkinn, inní tjaldi, úti skógi – t.d. fyrir pítsu –en gera verður þá lágmarkskröfu að þeir sem sinna lánastarfsemi fylgi lögum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Skipun sendiherra

STJÓRNSÝSLA



Dr. Svala Guðmundsdóttir
lektor

Í síðustu viku skipaði utanríkisráðherra tvo nýja sendiherra, þá Geir H. Haarde og Árna Þór Sigurðsson. Talsvert hefur verið fjallað um málið í fjölmiðlum og skipun þeirra Geirs og Árna verið gagnrýnd, en báðir eru sem kunnugt er fyrrverandi/núverandi stjórnmálamenn og koma ekki úr röðum starfsmanna utanríkisráðuneytisins. Í fjölmiðlum hefur auk þess verið fjallað um möguleikann á að auglýsa starfið líkt og önnur störf embættismanna og bent hefur verið á að töluvert halli á kvenfólk í skipunum í embætti sendiherra.

Í gegnum tíðina hefur í reynd verið framgangskerfi í utanríkisþjónustunni, þ.e. starfsmenn hafa átt þess kost að vinna sig upp eftir hinum diplómatísku stöðuheitum og orðið loks sendiherrar. Er það fyrirkomulag í samræmi við venju í flestum nágrannaríkjum okkar. Gallinn við framkvæmdina í þessu kerfi hefur hins vegar verið sá að utanríkisráðherrann hverju sinni hefur haft um það alræðisvald að skipa sendiherra, og hefur í þeim efnum ekki þurft að styðjast við mat á hæfni, árangri, starfsreynslu eða öðrum viðmiðunum. Með skipun þeirra Geirs og Árna í embætti sendiherra er augljóslega verið að takmarka möguleika núverandi starfsmanna utanríkisráðuneytisins til starfsframa, auk þess sem verið er að endurvekja gamla siði með því að skipa stjórnmálamenn í slíkar stöður.

**Reynsla og rannsóknir**

Bent hefur verið á þá leið að auglýsa stöður sendiherra, þar sem þeir teljist embættismenn samkvæmt skilgreiningu starfsmannalaganna svokölluðu um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Það tel ég hins vegar ekki vera góða leið. Um er að ræða tæplega fjörutíu stöðugildi innan sama ráðuneytis. Ætti þá t.d. að auglýsa sendiherrastöðurnar í Washington og Moskvu sérstaklega? Auk þess teljast sendifulltrúar í utanríkisþjónustunni til embættismanna samkvæmt starfsmannalögunum. Ætti þá einnig að auglýsa störf þeirra laus til umsóknar? Hætt er við því að það dragi úr stöðugleika innan stjórnsýslunnar ef auglýsa þarf opinberlega störf á öllum stigum innan utanríkisþjónustunnar, auk þess sem starfsmönnum yrði þá ekki gefinn kostur á að vaxa og dafna í starfi án þess að sækja stöðugt um ný störf á sama vinnustað.

Reynsla og rannsóknir hafa sýnt að erfitt getur verið að ráða starfsmenn sem eiga að starfa í alþjóðlegu umhverfi. Huga þarf að þáttum eins og aðlögunarhæfni viðkomandi starfsmanns og fjölskyldu hans. Brottfall er gjarnan mikið meðal útsendra starfsmanna og mikill kostnaður sem hlýst af ef viðkomandi starfsmaður vill koma heim fyrr en áætlað er. Einnig er þekkt að starfsmenn hætta gjarnan störfum eftir að heim er komið af ýmsum ástæðum. En eins og flestum er kunnugt felst starf sendiherra ekki bara í vinnu erlendis heldur einnig hér heima í ráðuneytinu.

**Hæfni og árangur**

Ef við lítum okkur nær og skoðum utanaðkomandi ráðningar í störf sendiherra hérlendis lítur út fyrir,

**→Með skipun þeirra Geirs og Árna í embætti sendiherra er augljóslega verið að takmarka möguleika núverandi starfsmanna utanríkisráðuneytisins til starfsframa, auk þess sem verið er að endurvekja gamla siði með því að skipa stjórnmálamenn í slíkar stöður.**

að þegar sendiherrar hafa verið skipaðir í embætti án þess að hafa unnið í utanríkisþjónustunni, þá hafa þeir í flestum tilvikum farið strax til starfa erlendis í um 4-8 ár en að þeim tíma liðnum farið til starfa á öðrum vettvangi og hætt í utanríkisþjónustunni. Þeir hafa því hvorki verið að störfum í ráðuneytinu í upphafi ráðningar né þegar heim er komið.

Á Norðurlöndunum er þessu þannig háttað að í flestum tilfellum er um að ræða framgang í starfi enda má ætla að starfsmenn utanríkisþjónustunnar hafi reynslu af því að starfa og búa erlendis og ekki óalgengt að starfandi sendiherra hafi starfað og búið erlendis í nokkrum löndum áður en viðkomandi kemur til greina sem sendiherra. Starfsmenn eru því búnir að gera það upp við sig hvort þessi starfsgrein og flutningar hentar þeim og fjölskyldum þeirra.

Utanríkisþjónustan ætti að standa að ráðningu starfsmanna sinna með því að auglýsa stöður sendiráðsritara, þar sem gerð væri krafa um ákveðna menntun, þekkingu og færni, auk þess sem jafnréttissjónarmið yrðu höfð til hliðsjónar við skipun í starfið. Eftir það myndi það ráðast af reynslu, hæfni og árangri í starfi hvort og hversu fljótt starfsmenn ynnu sig upp í það að verða sendiráðunautar, sendifulltrúar og síðan sendiherrar. Að því leyti væri ekki þörf á því að huga sérstaklega að kynjasjónarmiðum við skipun sendiherra, enda hefðu starfsmenn af báðum kynjum jafnan rétt og möguleika til að vinna sig upp í starfi og verða sendiherrar.

Til að auka fagmennsku í kringum skipan sendiherra væri hægt að skipa sérstaka framgangsnefnd innan utanríkisráðuneytisins sem væri skipuð ráðuneytisstjóra, mannauðsstjóra og skrifstofustjórum þeirra þriggja skrifstofa sem kynntar eru í skipuriti ráðuneytisins. Framgangsnefndin hefði það hlutverk að gera tillögu til utanríkisráðherra um skipun embættismanna ráðuneytisins, þ.e. sendifulltrúa og sendiherra, og væri utanríkisráðherra bundinn af því að skipa í embættin á grundvelli tillagna nefndarinnar. Ef ekki finnst einstaklingur með þá þekkingu, færni og hæfni sem til þarf, er sjálfsagt að leita utan veggja ráðuneytisins, og myndi það vera hlutverk framgangsnefndar að leggja fram þá tillögu að undangengnu mati.

Tilgangur framgangskerfisins yrði þá fyrst og fremst sá að starfsmenn og almenningur geti treyst því að við skipun í æðstu embætti utanríkisþjónustunnar verði byggt á faglegu mati, og að samhliða verði dregið úr pólitískum áhrifum varðandi þessar skipanir.






# Með bestu drykkjumennina?

Í DAG

Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Grein Silju Daggar Gunnarsdóttur, þingkonu Framsóknarflokksins, „Áfengi er engin venjuleg söluvara“, var alls ekki slæm. Silja Dögg gerir til dæmis ekki tilraun til að halda því fram, eins og margir, að verðið muni stórhækka og dreifingin versna við afnám ríkiseinokunar. Ef hvort tveggja væri satt ættu áhugamenn um minni neyslu auðvitað að fagna þessum tillögum því hærra verð og verri dreifing ættu að minnka neyslu.

Nei, rök Silju Daggar eru skárri. „Frjáls sala mun þýða betri dreifingu. Betri dreifing mun þýða meiri neyslu. Meiri neysla mun þýða meira ofbeldi. Heildaráhrifin eru því skaðleg.“ Silja Dögg kemst svo að þeirri niðurstöðu að við eigum að vera öðrum þjóðum fyrirmynd og halda í einkaleyfi ríkisins á áfengissölu.

**Ísland sem fyrirmynd?**

En hversu góð fyrirmynd erum við? Því er stundum réttilega haldið fram að heildaráfengisneysla Íslendinga sé lítil. En það segir ekki alla söguna. Það er munur á því að drekka einn bjór annan hvern dag eða 14 bjóra einu sinni í mánuði.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO reiknar sérstakt skor sem mælir það hve hættulegt drykkjumynstur þjóða er. Skorið, sem er á kvarðanum 1 til 5, er reiknað út frá nokkrum þáttum, meðal annars því hversu oft menn drekka til að verða fullir, við hvaða aðstæður menn drekka, hversu stórt hlutfall fólks neytir áfengis nánast daglega o.s.frv.

Eftirfarandi Evrópuþjóðir eru með skorið 1. Þetta eru þjóðirnar með áhættuminnstu drykkjuhegðunina: Spánn, Portúgal, Holland, Belgía, Lúxemborg, Þýskaland, Frakkland, Sviss, Austurríki, Ítalía, Malta og Kýpur.

Þjóðirnar með áhættumestu drykkjuhegðunina, 5, eru m.a. Rússland og Úkraína.

Af Norðurlöndunum fengu Noregur og Finnland skorið 3 (miðlungs áhætta), en Danmörk, Svíþjóð og Ísland skorið 2 (nokkur áhætta).

Það er auðvitað margt sem ræður neyslumynstri fólks annað en löggjöf. En í engu þessara ríkja þar sem WHO telur að áfengisnotkun sé áhættuminnst sér ríkið um smásölu áfengis. Í mörgum þessara ríkja búa miklar vínþjóðir. Öll þessi ríki hafa vitanlega fullt af lagalegum leiðum til að stýra aðgengi að áfengi: Aldurstakmörk, verðlagsstefnu og stundum lög um afgreiðslutíma. En ekkert þessara ríkja er með ríkiseinokun á áfengi.

Stundum mætti halda að við Íslendingar, og hinar Norðurlandaþjóðirnar nema Danmörk, værum öðrum þjóðum óumdeild fyrirmynd þegar kemur að áfengisstefnunni. Það er ekki. Enda er ekki eins og árangurinn sé jafn glæsilegur og sumir vilja vera láta. Við drekkum lítið en erum samt oft full.

**Áfengisverslun Ítalíu?**

Ítalía er eitt þessara ríkja í áhættuminnsta flokknum. Þar hefur neysla áfengis verið að minnka hægt og bítandi seinasta aldarfjórðung án þess þó að veruleg breyting hafi orðið á áfengislöggjöf landsins á þeim tíma. Frá 1990 hefur neyslan minnkað um 40% og er nú svipuð því sem gerist á Íslandi.

Segjum nú að einhver stjórnmálamaður á Ítalíu hefði áhyggjur af áfengisneyslu þar í landi og legði til að Ítalir tækju sér Ísland til fyrirmyndar, settu á fót ítalskt ÁTVR, hækkuðu áfengiskaupaaldur upp í 20 ár og svo framvegis. Andstæðingar þessara hugmynda myndu fljótt benda á að ekkert benti til að Íslendingum hefði tekist betur til en Ítölum við mótun sinnar áfengisstefnu: Árleg heildarvínandaneysla væri svipuð: 6,7 lítrar á Ítalíu – 7,1 lítri á Íslandi. En þegar kæmi að neyslumynstri væri munurinn sláandi. Á Ítalíu verða 4,7% þjóðarinnar full að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Á Íslandi er talan 22,7%.

Sé litið einungis til þeirra sem á annað borð neyta áfengis er munurinn enn meiri. Tölurnar eru: Ítalía: 6,2%, Ísland 34,9%.

**Árangur án einokunar**

Þeir sem vilja halda í óbreytt kerfi nota gjarnan það slagorð að áfengi sé engin „venjuleg“ söluvara. Það eru sígarettur, rítalín og byssur heldur ekki en samt látum við einkaaðila selja þær vörur. Sé litið á kort yfir þær þjóðir sem neyta áfengis liggur fyrir að vel er hægt að ná sambærilegum árangri og Ísland, eða betri, jafnvel þótt aðrir en opinberir starfsmenn afgreiði bjórinn.

*Heimildir: http://apps.who.int/gho/data/?sh wonly=GISAH&theme=main-euro*

**DRYKKJUMYNSTUR Í EVRÓPU**




*Heimild: Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin*

> Því er stundum réttilega haldið fram að heildaráfengisneysla Íslendinga sé lítil. En það segir ekki alla söguna.




†



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
**SIGRÚN JÓHANNESDÓTTIR**
**sjúkraliði,**
lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð mánudaginn 28. júlí.

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir og afi,
**GEIR RUNÓLFSSON**
**bankastarfsmaður,**
lést á Landakotsspítala laugardaginn 2. ágúst.

Útför þeirra fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 18. ágúst kl. 15.00. Blóm vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast þeirra er bent á líknarstofnanir.

**F.h. fjölskyldna,**
**Björg J. Snorradóttir**
**Arndís Snorradóttir**
**Sævar Þór Geirsson**
**Gylfi Sigurður Geirsson**
**Jóhanna Elka Geirsdóttir**
**Ingibjörg Guðrún Geirsdóttir**

**ÞETTA GERÐIST:** 8. ÁGÚST 1963

# Lestarránið mikla var framið á þessum degi



Þennan dag árið 1963 var lestarránið mikla framið í Ledburn í Buckinghamshire þar sem rúmlega tveimur og hálfri milljón punda var stolið. Þetta var mesta rán í sögu Bretlands fram til ársins 2006. Póstlest á leið frá Glasgow til London var stöðvuð á rauðu ljósi. Aðstoðarlestarstjórinn fór út til að athuga málið og sá þá að skorið hafði verið á símalínur og ljósunum hafði verið breytt. Ræningjarnir fengu lestarstjórann til að aka lestinni þangað sem bílar biðu þeirra og peninganna. Engar byssur voru notaðar en lestarstjórinn sem ráðist var á var sleginn í höfuðið með járnröri og náði hann sér aldrei.

Ræningjarnir voru fimmtán talsins og höfuðpaurinn var maður að nafni Bruce Reynolds.

Fyrsti ræninginn sem yfirvöld náðu var Roger Cordrey. Hann var handtekinn ásamt vini sínum sem hafði aðstoðað hann við að fela hluta af peningunum. Leigusali sagði til þeirra þegar þeir greiddu þrjá mánuði fyrir fram með reiðufé. Allt í allt náðust þrettán ræningjanna og voru þeir dæmdir í fangelsi árið 1964.

†



Elskuleg mamma okkar, tengdamamma,
amma og langamma,
**SIGRÚN HAUKSDÓTTIR**
**Víðivöllum 20, Akureyri,**
lést á Sjúkrahúsi Akureyrar laugardaginn 2. ágúst. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 14. ágúst kl. 13.30. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heimahlynningu á Akureyri.

**Hulda Jóhanna Baldursdóttir** **Eiríkur Örn Kristjánsson**
**Stefán Þór Baldursson** **Ragnheiður Njálsdóttir**
**Bryndís Baldursdóttir** **Baldur Þorsteinsson**
**ömmu- og langömmubörn.**

†



Ástkær eiginmaður minn og yndislegi pabbi okkar, tengdapabbi og afi,
**ÍVAR JÓNSSON**
**Víðilundi 18c, Akureyri,**
lést á gjörgæsludeild Landspítalans mánudaginn 4. ágúst. Jarðarförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Hjálmfríður Valgarðsdóttir**
**Steindór Ívar Ívarsson** **Þuríður Margrét Thorlacius**
**Róbert Steindór, Kamilla Hrund, Kristjana Hvönn, Karítas Hekla**
**Gígja Rut Ívarsdóttir** **Jón Hrannar Einarsson**
**Írena Rut, Þorvaldur Daði, Heiðdís Birta, Ívar Már**

†



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
**ALDA HALLDÓRA HALLGRÍMSDÓTTIR**
**Dvergagili 10, Akureyri,**
verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 12. ágúst kl. 13.30.

**Rafn Halldór Gíslason**
**Gísli Rúnar Rafnsson**
**Gunnar Helgi Rafnsson** **Erna Björg Guðjónsdóttir**
**Vigdís Lovísa Rafnsdóttir** **Guðmundur Ingi Geirsson**
**Anna Sigrún Rafnsdóttir** **Kristján Hreinsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

†



Elsku sonur minn,
bróðir okkar, mágur og frændi,
**SÆMUNDUR AUÐUNSSON**
sem lést á Landspítalanum við Hringbraut 31. júlí, verður jarðsunginn frá Neskirkju miðvikudaginn 13. ágúst klukkan 13.00. Innilegt þakklæti til starfsfólks 13G og gjörgæsludeildar Landspítalans fyrir frábæra umönnun og hlýju. Blóm og kransar eru afþakkaðir en við bendum á minningarsjóð spítalans.

**Sigríður Stella Eyjólfsdóttir**
**Steinunn Auðunsdóttir**
**Ásdís Auðunsdóttir** **Þórður Viðar Snæbjörnsson**
**og systkinabörn.**

†



Okkar ástkæri
**SKÚLI MAGNÚSSON**
**garðyrkjubóndi, Hveratúni,**
lést þriðjudaginn 5. ágúst á dvalarheimilinu Lundi.

**Ásta Skúladóttir** **Gústaf Sæland**
**Sigrún I. Skúladóttir** **Ari Bergsteinsson**
**Páll M. Skúlason** **Dröfn Þorvaldsdóttir**
**Benedikt Skúlason** **Kristín Sigurðardóttir**
**Magnús Skúlason** **Sigurlaug Sigurmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og vinur,
**JENS G. HALLGRÍMSSON**
**múrari,**
**Auðbrekku 8, Kópavogi,**
lést á líknardeild Landspítalans föstudaginn 1. ágúst. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 11. ágúst kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Tinna Jensdóttir**
**Tara Jensdóttir** **John F. Aikman**
**Rúnar P. Gígja**
**Baldur Þór Guðmundsson**
**Ólöf H. Aðalsteinsdóttir**
**og barnabörn.**

†



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra föður, afa og langafa,
**BRJÁNS GUÐJÓNSSONAR.**
Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hlíðar fyrir alúð og umhyggju.

**Baldur Brjánsson** **Birna Hannesdóttir**
**Júlíus Ingvar Brjánsson** **Ásta Fanney Reynisdóttir**
**Guðjón Svarfdal Brjánsson** **Dýrfinna Torfadóttir**
**Björk Elfa Brjánsdóttir** **Angantýr Arnar Árnason**
**Snjólaug Jónína Brjánsdóttir** **Kristján Már Magnússon**
**Þráinn Brjánsson** **Petra Sif Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Elskulegur faðir,
tengdafaðir, afi og langafi okkar,
**ÞORSTEINN MAGNÚSSON**
lést á líknardeild Landspítalans 6. ágúst. Útför verður auglýst síðar.

**Jens Þorsteinsson** **Kristrún Sigurðardóttir**
**Magnús Þorsteinsson** **Anna Eyjólfsdóttir**
**Kristín Jóna Þorsteinsdóttir** **Hanna Halldórsdóttir**
**börn og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

†



Eiginmaður minn, faðir okkar, afi og langafi,
**EINAR HALLMUNDSSON**
**húsasmíðameistari,**
lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni í Reykjavík, laugardaginn 2. ágúst. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Hjúkrunarheimilið í Sóltúni njóta þess.

**Erla Blandon**
**Árni Blandon Einarsson** **Guðrún Einarsdóttir**
**Berglind Einarsdóttir Blandon** **Hjálmar Árnason**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Þegar andlát ber að höndum*
*önnumst við alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi*



Framúrskarandi fyrirtæki 2013

*Við þjónum allan sólarhringinn*
*Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is*

†



Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,
**STEFANÍA GÍSLADÓTTIR**
**Hlíðarhjalla 6, Kópavogi,**
sem lést á Landspítalanum fimmtudaginn 31. júlí, verður jarðsungin frá Digraneskirkju mánudaginn 11. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Hrefna Berglind Ingólfsdóttir** **Sigurður Bergmann Jónasson**
**börn og barnabörn.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## ALDAMÓTAHÁTÍÐ Á EYRARBAKKA

**Mikið verður um dýrðir á Eyrarbakka á morgun þegar Aldamótahátíðin fer fram. Skrúðganga fyrir menn, dýr og fornbíla fer af stað kl. 11 en síðan verður dagskrá allan daginn. Hátíðinni lýkur með dansleik í Rauða húsinu. Sjá dagskrá á www.eyrarbakki.is.**








Brynja Georgsdóttir segir helsta kost Biotex-þvottaefnanna þann að virku efnin í þvottaefninu nái að þvo þvottinn á aðeins 30°C. MYND/GVA

# FÖTIN HALDAST FALLEG

**NATHAN & OLSEN KYNNIR** *Biotex er þekktast meðal Íslendinga fyrir blettaeyðinn. Ný þvottaefnalína frá Biotex er byggð á reynslu og þekkingu.*

Þvottaefnislínan frá Biotex er byggð á 45 ára reynslu og sérfræðiþekkingu á bæði blettahreinsun og þvottaeiginleikum. „Kostir Biotex eru þeir að virku efnin í þvottaefninu ná að þvo þvottinn við aðeins 30°C. Með því að þvo við 30°C slitna fötin minna og peningur sparast," segir Brynja Georgsdóttir, vörumerkjastjóri hjá Nathan & Olsen.

Biotex inniheldur ensím sem ráðast á erfiða bletti. Ensím gefa möguleika á að þvo bletti úr við lægra hitastig en ella og fer Biotex þar af leiðandi betur með flíkurnar. Ensímin eru virk upp í allt að 60°C.

„Þvottamarkaðurinn hefur breyst, fólk er meira farið að nota þvottaefni sem sérstaklega hentar fyrir hvern þvott. Þvottaefni sem eru ætluð hvítum og ljósum þvotti innihalda sterkari efni en þau sem ætluð eru marglitum og dökkum þvotti. Til þess að halda svörtum og mjög dökkum fötum fallegum er best að þvo þau með sérstöku þvottaefni fyrir svartan þvott. Biotex Black inniheldur ensím sem fjarlægja slitnar trefjar af yfirborði efnisins og gera þannig litina skýrari. Það er ekki svart litarefni í þvottaefninu svo óhætt er að nota það á dökk föt sem innihalda líka ljósari liti."

Fleiri nota nú fljótandi þvottaefni í stað hins hefðbundna þvottadufts. Brynja segir fljótandi þvottaefni hafa marga kosti fram yfir þvottaduftið. „Það leysist auðveldlegar upp í vatninu og því er engin hætta á að þvotturinn innihaldi leifar af þvottaefni eins og stundum vill gerast með þvottaduft. Af sömu ástæðu hentar fljótandi þvottaefni líka vel í handþvott og vélaþvott við lágt hitastig. Fljótandi þvottaefni fer einnig betur með viðkvæman þvott og föt úr mjög fínum efnum."

Ný viðbót í Biotex-línuna er Biotex Sport & Active, fljótandi þvottaefni sem sérstaklega er ætlað útivistarfatnaði úr vatnsheldum efnum og öndunarefnum svo sem skíðafatnaði, snjógöllum, regnfatnaði og fatnaði úr flís- og softshell-efnum. Slíkan fatnað ætti alltaf að þvo úr þar til gerðu þvottaefni þar sem venjulegt þvottaefni getur eyðilagt eiginleika efnanna í flíkunum.

**MEIRI FJÖLBREYTNI**
Kostir Biotex eru þeir að virku efnin í þvottaefninu ná að þvo þvottinn við aðeins 30°C. Með því að þvo við 30°C slitna fötin minna og peningur sparast.




















**Á ANNAN TUG GESTA** Hátt í hundrað sýnendur taka þátt en auk þess verða tuttugu aðilar í nýju markaðstjaldi.

# SÝNENDUR KOMA AFTUR OG AFTUR

**ALLS KYNS HANDVERK Á HRAFNAGILI** *Áhugafólk um íslenskt handverk ætti ekki að láta Handverkshátíðina á Hrafnagili fram hjá sér fara um helgina.*

Handverkshátíðin á Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit var sett í 22. sinn í gær og stendur hún fram á sunnudag. Aðsóknin eykst ár frá ári og hafa gestir verið hátt í tuttugu þúsund síðustu ár. Hátt í hundrað sýnendur taka þátt að þessu sinni og koma þeir úr ýmsum áttum en auk þess er í fyrsta sinn boðið upp á handverksmarkað fyrir minni framleiðendur sem vilja koma vörum sínum á framfæri.

„Við ákváðum að vera með sérstakt markaðstjald og létu viðbrögðin ekki á sér standa. Það fylltist strax og þarna verða einir tuttugu aðilar til viðbótar við þá tæplega hundrað sem verða í íþróttasalnum, kennslustofum og í 250 fermetra matartjaldi," segir Stefán Árnason, skrifstofustjóri hjá sveitarfélaginu Eyjafjarðarsveit sem jafnframt er í sýningarstjórn.

Handverksfólkið sækir um þátttöku og komast færri að en vilja. „Við reynum að velja með það í huga að sýningin verði sem fjölbreyttust en þarna er fólk sem framleiðir fatnað, fylgihlutir, skrautmuni, nytjahluti og ýmislegt fleira. Handverksfólkið er mislangt komið í að þróa vörur sínar en fjöldi nýrra sýnenda tekur þátt í ár."

Stefán segir sýnendur hafa góða reynslu af sýningunni. Það sést best á því að þeir sækja um að koma aftur og aftur. Vörurnar seljast vel en jafnframt er þetta mjög góð kynning.

Stefán segir hátíðina gríðarlega stóran viðburð fyrir ekki minna sveitarfélag en Eyjafjarðarsveit. „Þarna kemur tuttugufaldur íbúafjöldinn yfir eina helgi og margir innan sveitarfélagsins leggja hönd á plóg. Við erum því með uppskeruhátíð á laugardagskvöldinu sem er öllum opin. Séra Hildur Eir Bolladóttir verður veislustjóri en á meðal þeirra sem koma fram eru Álftagerðisbræður, Pálmi Gunnarsson ásamt hljómsveit og prestatríó skipað séra Hildi Eiri, séra Oddi Bjarna og séra Hannesi Blandon. Þá munu matreiðslumenn Greifans slá upp grillveislu auk þess sem veitt verða verðlaun í flokkunum handverksmaður ársins og sölubás ársins. Jafnframt verður fjölbreytt dagskrá á útisvæðinu alla dagana."

Hátíðin er opin á föstudag og laugardag frá 12-19 og á sunnudag frá 12-18. Aðgangseyrir er 1.000 krónur fyrir 16 ára og eldri og 500 krónur fyrir eldri borgara og öryrkja. Aðgangsmiðinn gildir alla helgina.



**FATNAÐUR, FYLGIHLUTIR, SKRAUT OG NYTJAMUNIR** Sýnendur koma úr ýmsum áttum.





**FJÖLBREYTT DAGSKRÁ** Lífleg dagskrá fyrir alla aldurshópa verður á staðnum.



**KÁLFAKEPPNI** Börn í sveitinni mæta með kálfana sína og keppa um hvert þeirra á fallegasta og best tamda kálfinn.

F **FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kkolbeins@365.is, s. 512 5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# Lífið

FÖSTUDAGUR
8. ÁGÚST 2014

*Sigrún Lilja*
**VILL AÐ KONUR LÁTI DRAUMANA RÆTAST** 2

*Hrefna Sætran*
**GRÍSARIF Í SINN-EPS-BOURBON BBQ-SÓSU** 4

*Óskar Páll Elfarsson*
**LJÓSMYNDIR FRÁ FIMM HEIMSÁLFUM** 10



*Eva Rún Snorradóttir:*

## EÐLILEIKINN ER LEIKRIT

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVER ER?



**Nafn?**
Elma Stefanía Ágústsdóttir
**Aldur?** 28 ára

**Starf?**
Leikkona.

**Hverfi?**
101.

**Stjörnumerki?**
Krabbi.

**Hreyfing?**
Sund, jóga og dans.

**Uppáhaldslistamaður?**
Guðrún S. Gísladóttir og Pina Bausch.

**Uppáhaldsmynd?**
Síðasta góða mynd sem ég sá heitir Blue is the Warmest Color.

**A- eða B-manneskja?**
Hiklaust A- og B-manneskja – það fer bara eftir dögum.

## HVERJIR HVAR?

Á veitingastaðnum Basti við Hverfisgötu var mikið um góða gesti á miðvikudaginn. Þar mátti sjá rapparana Zebra Katz og **Erp Eyvindarson**, Dóru Takefusa, sem er jafnframt eigandi Basts, hönnuðinn Frosta Gnarr, söngkonuna **Ásdísi Maríu Viðarsdóttur** og leikhúsmanninn Sigtrygg Magnason, svo einhverjir séu nefndir.



# HEILSA STANDA FYRIR ÁTTA DAGA „ANDLEGU FERÐALAGI" Á BALÍ.

***Sigrún Lilja, hjá Gyðju Collection, og jógakennarinn Guðbjörg Ósk Friðriksdóttir vilja að konur byggi upp sjálfstraust sitt.***

Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, oftast kennd við Gyðju Collection, og jógakennarinn Guðbjörg Ósk Friðriksdóttir bjóða upp á átta daga ferð og námskeið í náttúruparadísinni á eyjunni Balí. Námskeiðið, sem ber heitið Empower Women: Spiritual journey, inspiring and transforming retreat in Bali, stendur yfir dagana 21. til 28. október næstkomandi. Að sögn Sigrúnar Lilju er markmiðið með námskeiðinu að konur byggi upp sjálfstraust sitt, setji sér markmið, fullmóti drauma sína eða viðskiptahugmyndir og fái öll þau tæki og tól sem þarf til að hrinda þeim í framkvæmd.

„Þetta er einstakt andlegt ferðalag þar sem konur munu kynnast sjálfum sér, finna sig og læra að fylgja hjarta sínu og elska sig til fulls," segir Sigrún Lilja. „Við munum byrja hvern morgun á hugleiðslu og „Happy-yoga" við sólarupprás áður en farið er í dásamlegan morgunverð að hætti Balí og fyrirlestrarnir hefjast. Að auki verða einkatímar, spa og fleira spennandi í boði."

Sigrún Lilja sló í gegn með fylgihluta- og ilmvatnalínu sinni Gyðja Collection. Guðbjörg Ósk hefur haldið námskeið á borð við Lærðu að elska þig ásamt því að kenna jóga í mörg ár. Sigrún Lilja segir að svipaðar áherslur um andleg málefni og aðstoð við uppbyggingu kynsystra sinna hafi leitt þær saman.

„Eftir að við fórum að ræða saman um að sameina krafta okkar í eina heilsteypta uppbyggingarferð á Balí varð ekki aftur snúið," segir Sigrún Lilja. „Það passar fullkomlega saman að sameina tvö einstök námskeið sem eru bæði til þess fallin að byggja konur upp og hvetja þær til að láta til sín taka. Þetta verður einstakt „retreat" sem er nú að verða að veruleika."

Skráning á námskeiðið er nú hafin og sjá má nánari upplýsingar um dagskrá, hótel og fleira á síðunni facebook.com/empowerwomeninbali. Að sögn Sigrúnar Lilju er takmarkað sætaframboð til að gera reynsluna sem persónulegasta.



Sigrún Lilja Guðjónsdóttir



Guðbjörg Ósk Friðriksdóttir

> *Þetta er einstakt andlegt ferðalag þar sem konur munu kynnast sjálfum sér, finna sig og læra að fylgja hjarta sínu og elska sig til fulls.*

MASTERLINE
Professional Beauty

ÉG NÆRI
BODY
BUTTER

Ég er súper mjúk og góð blanda fyrir líkamann þinn ef þú ert með þurra og mjög þurra húð. Flott blanda með góðum innihaldsefnum eins og Shea Butter og Argan olíunni sívinsælu.



www.master-line.eu
Made in Italy
Fæst í apótekum og Hagkaup

## LÍFIÐ MÆLIR MEÐ…

***Upplestrarkvöldi Hinsegin daga, Club Soda og Gleðigöngu***

**Upplestrarkvöld hinsegin daga:** Upplestrarkvöldið verður haldið á Loft Hosteli í dag, föstudag, klukkan 17.00. Upplesarar kvöldsins eru Elías Knörr, Páll Garðarsson, Júlía Margrét Einarsdóttir, Eva Rún Snorradóttir, Björk Þorgrímsdóttir, **Sjón** og Jónína Leósdóttir. Kynnir verður Þorvaldur Kristinsson.



**Club Soda á Dolly:** Club Soda kallar saman íslenska og erlenda samkynhneigða plötusnúða sem spila Hústóna. Í fyrra var Andy Butler úr Hercules and The Love Affair að spila, en í ár verða plötusnúðar á borð við **DJ Yamaho**, DJ Gay Latino Man, Zebra Katz, Þrjár basískar og Juan Solo að þeyta skífum.



**Gleðiganga:** Laugardaginn 9. ágúst 2014 kl. 14.00. Gengið er frá Vatnsmýrarvegi að Arnarhóli. Í gleðigöngu Hinsegin daga staðfestir hinsegin fólk tilveru sína, sýnileika og gleði. Þar sameinast lesbíur, hommar, tví- og pankynhneigðir, transfólk og intersexfólk í einum hópi ásamt fjölskyldum sínum og vinum. Gleðigangan er hápunktur og stolt Gay Pride-hátíðarinnar.



## DREKKTU VATN

Þrjár ástæður fyrir því að þú ættir að drekka meira vatn.

**1. Meiri orka**
Stærsta ástæða þess að við finnum fyrir þreytu og slegu úthaldi er vökvatap í líkamanum. Ef þú passar upp á að drekka vatn yfir daginn skerpir þú einbeitingu og ert fljótari að hugsa.

**2. Heilbrigðari húð**
Með því að drekka vatn heldurðu réttu rakastigi í húðinni. Réttur raki í húð kemur í veg fyrir hrukkur og bauga.

**3. Þú grennist**
Að halda réttu vökvamagni í líkamanum passar upp á að öll líffæri virki sem skyldi. Þannig brennir þú einnig fitu. Vatn inniheldur engar kaloríur.



Lífið
www.visir.is/lifid

ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Ritstjórnarfulltrúi **Álfrún Pálsdóttir** alfrun@frettabladid.is
Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is
• Forsíðumynd **Arnþór Birkisson**


New Store Opening
Fylgstu með á Facebook
Lindex Iceland
OPNUM
LAUGARDAGINN
16. ÁGÚST
á Glerártorgi, Akureyri
LINDEX

# SILKIMJÚKT HÁR MEÐ LÁRPERUMASKA

***Ef þú vilt vita hvað er í snyrtivörunum er gott að bregða á það ráð að búa þær einfaldlega til sjálfur.***

Til þess að forðast óæskileg eiturefni í snyrtivörum er alltaf best að búa þær til sjálfur. Þá þarf engar áhyggjur að hafa af innihaldi þeirra og kostnaðurinn er töluvert minni.

Hér kemur uppskrift að maska sem er góður fyrir hár og hársvörð, hárið verður silkimjúkt og heilbrigt eftir þennan.

***Það sem þarf í maskann:***

**1** lárpera
**2** msk. bráðin kókosolía
**5** dropar geraníuilmkjarnaolía (olían er sögð vera slakandi og góð fyrir húðina)

Leiðbeiningar:

**1.** Blandið öllum hráefnunum saman í blandara eða matvinnsluvél.
**2.** Burstið maskann í allt hárið með hárbursta eða litunarbursta og nuddið svo vel í hárið með höndunum
**3.** Hafið maskann í hárinu í 30 mínútur og þvoið svo vel úr með sjampói.





AFP/NORDICPHOTOS



Hrefna Sigurðardóttir og Auður Ákadóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# HÖNNUN VILDU EKKI KAUPA ANNARRA MANNA DRASL

***Vöruhönnunarnemarnir Hrefna Sigurðardóttir, Auður Ákadóttir og Birta Rós Brynjólfsdóttir tóku málin í sínar hendur og settu á stofn verkefnið Haugfé. Viðtökurnar eru góðar.***

„Við erum búnar að vera í viðræðum við hin ýmsu fyrirtæki síðan í maí um hvort þau séu til í að deila umframefni og afgöngum með öðrum," segir Hrefna Sigurðardóttir, nemandi í vöruhönnun í Listaháskólanum, sem ásamt samnemendum sínum Auði Ákadóttur og Birtu Rós Brynjólfsdóttur hefur sett á stofn verkefnið Haugfé sem gengur út á að kortleggja efnivið sem fellur til við dagleg störf í hinum ýmsu fyrirtækjum og gera aðgengilegan öðrum.

„Hvatinn að verkefninu eru umhverfissjónarmið. Við höfum allar áhuga á að hanna umhverfisvænan varning og er endurnýting stór liður í því. Með Haugfé græða allir – því fyrirtækin eru oft á tíðum að eyða miklum peningum í að losa sig við efni, listamenn og aðrir í að kaupa það og náttúran tapar á öllu saman."

Hrefna segir efniviðinn sem fyrirtæki farga, eða senda til endurvinnslu, hér eða í útlöndum, oft á tíðum mjög fínan og að margir möguleikar séu til að nýta hann. „Maður ímyndar sér að þó að efnið sé endurunnið væri ennþá betra ef hægt væri að nýta það í staðbundna framleiðslu. Það er orkufrekt að bræða niður og að flytja efniviðinn á milli landa. Þannig að hugmyndin kviknaði og okkur langaði að safna saman upplýsingum um efni sem væri verið að henda og miðla þeim til almennings," segir hún og bætir við.

„Mann langar oft að nota efnivið sem maður veit að er til en veit ekki hvernig best er að nálgast. Ef það er búin til umgjörð í kringum þetta og maður veit að fyrirtækin vilja taka þátt er allt mun auðveldara, bæði fyrir fyrirtækin og þá sem áhuga hafa á efniviðnum. Það eru margir aðilar sem gætu nýtt sér þetta, grunnskólar til dæmis gætu sótt pappír, pappa eða efnivið í kennslu, eða hvaða skólastig sem er auk hönnuða, handverksfólks og annarra þeirra sem verðmæti sjá í efninu."

Hrefna segir þær hafa fengið góð viðbrögð.

„Við erum búnar að tala við einhver 70 fyrirtæki og ég man ekki eftir neinum sem líst illa á þetta."

Haugfé efnir til fyrsta markaðar síns á Bernhöftstorfu í dag, föstudag, og stendur hann frá 14.00 til 19.00. Á markaðnum verður m.a. boðið upp á timbur, textíl, svamp, álplötur, gler og plast en allt efni á markaðnum er umframefni sem orðið hefur til við framleiðslu hjá samstarfsfyrirtækjum Haugfjár á höfuðborgarsvæðinu.




Alvöru te í bollann þinn



teapigs s:557-1771 gourma.is

Nordquist ehf

# HELGARMATURINN GRILLUÐ GRÍSARIF MEÐ SINNEPS-BOURBON BBQ-SÓSU

***Að hætti Hrefnu Rósu Sætran, sjónvarpskokks og eiganda Fisk- og Grillmarkaðarins.***

***Grilluð grísarif með heimagerðri sinneps-bourbon BBQ-sósu***

**Grísarifin** (Fyrir 4)
**2 kg** af grísarifjum (4 lengjur)
**6 msk.** gróft sjávarsalt
**2** stilkar sítrónugras
**2** teningar nautakjötskraftur
**1 tsk.** svört piparkorn
**4 stk.** stjörnuanís
**2** hvítlauksgeirar
**2** lítrar vatn

**Aðferð:** Nuddið saltinu á rifin og látið standa þannig í 1 klst. Skolið rifin. Setjið á meðan vatnið, gróft saxað sítrónugrasið, nautakraftinn, piparkornin, stjörnuanísinn og gróft saxaðan hvítlaukinn í pott og hitið þar til krafturinn er uppleystur. Kælið vökvann þar til hann er við stofuhita. Setjið rifin í eldfast mót, hellið vökvanum yfir og eldið í 160°C heitum ofni í 2 ½ tíma. Takið rifin upp úr vökvanum og leyfið þeim að kólna.

**Sinneps-bourbon BBQ-sósa:**
**2 stk.** vorlaukur
**1 stk.** laukur
**2 stk.** hvítlaukur
**50 g** púðursykur
**100 g** tómatsósa
**40 g** tómatpurré
**50 ml** eplaedik
**100 ml** eplasafi
**1 tsk.** tabasco-sósa
**1 stk.** cummin-fræ
**200 ml** bourbon-viskí, t.d. Jack Daniels



Grísarif að hætti Hrefnu Sætran. MYND/BJÖRN ÁRNASON

**Aðferð:** Saxið grænmetið og steikið það við vægan hita upp úr olíu. Bætið hinu hráefninu út í og sjóðið saman við vægan hita þar til sósan er þykk. Maukið svo sósuna og kælið hana. Það er hægt að útbúa þessa sósu í miklu magni og geyma. Einnig er hægt að sleppa áfenginu og setja t.d. meiri eplasafa eða einhvern dökkan gosdrykk í staðinn.

Þegar sósan og rifin eru klár er næsta skref að kveikja upp í grillinu. Gott er að pensla rifin með smá hunangi og grilla þau þannig fyrst á báðum hliðum. Svo er um að gera að pensla þau vel og vandlega með BBQ-sósunni, snúa þeim reglulega og pensla reglulega eða svona 4-5 sinnum. Rifin eru elduð svo að í þessu skrefi erum við bara að gera þau djúsí og falleg með sósunni. Þetta tekur svona 20 mínútur. Gott er að bera rifin fram með bát af sítrusávexti til að fríska upp bragðið.



Hrefna Sætran

# Nú getur þú bakað pönnukökurnar hennar ömmu!






**Hin eina sanna pönnukökupanna**
sem ömmur landsins hafa löngum notað til að baka ljúffengar pönnukökur fyrir alla fjölskylduna.

Fæst í öllum betri verslunum.

**Uppskrift:**

250 g hveiti
40 g smjörlíki
1 tsk lyftiduft
1/2 tsk sódaduft
1/2 tsk salt
6-7 dl mjólk
2 egg
vanilludropar eftir smekk

Öllu hrært vel saman
í þunna hræru.

Ásbjörn
Ásbjörn Ólafsson ehf.

Köllunarklettsvegi 6 / S: **414 1100** / www.**asbjorn**.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 142259




# EVA RÚN SNORRADÓTTIR

## ÞAÐ ER FRÍKÍ AÐ VERA EÐLILEGUR

***Eva Rún Snorradóttir sviðslistakona er ein þríeykisins í leikhópnum Kviss Búmm Bang sem hefur vakið athygli fyrir óhefðbundnar leiksýningar. Fyrir tæpu ári sendi hún frá sér ljóðabókina Heimsendir fylgir þér alla ævi, þar sem hún miðlar þeirri upplifun að alast upp sem lesbía í heterónorminu í Breiðholtinu á tíunda áratug síðustu aldar. Hún segist hafa vitað að hún væri lesbía frá leikskólaaldri en lengi streðað við að falla inn í normið.***

**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is

**STARF** Sviðslistakona og ljóðskáld

**ALDUR** 32 ára

**HJÚSKAPARSTAÐA** Gift Jóhönnu Völu Höskuldsdóttur

Ég hitti Evu í Borgarleikhúsinu þar sem hún vinnur nú dag og nótt að uppsetningu næsta verkefnis Kviss Búmm Bang, Flækjum, hæli í Borgarleikhúsinu, sem forsýnt verður á leiklistarhátíðinni Lókal í lok mánaðarins og fer síðan í almennar sýningar í Borgarleikhúsinu. Auk hennar eru í hópnum þær Vilborg Ólafsdóttir og Eva Björk Kaaber og nú hafa þær í fyrsta sinn fengið leikmyndahönnuð til liðs við sig, Tinnu Ottesen. Eva beinlínis ljómar þegar hún byrjar að tala um vinnuna að sýningunni sem er í „hefðbundnum" Kviss Búmm Bang-stíl þar sem áhorfendur taka virkan þátt án þess að hafa hugmynd um hvað bíður þeirra. „Það eina sem áhorfendur munu vita þegar þeir mæta á sýninguna er að þeir eru að leggjast inn á hæli í sex klukkustundir. Og, já, það verður matur, sem er yfirleitt það fyrsta sem fólk spyr um. Umfjöllunarefnið er ýmsar flækjur sem fylgja því að vera manneskja og hælið býður dvalargestum upp á það að horfast í augu við þær. Það er oft talað um erfiðleika í lífinu en við erum að vinna með það að skoða hlutina ekki sem erfiða og sýna að um leið og við horfumst í augu við þá og förum að vinna með þá kemur einhver birta."

### *Kærastarnir gáfust upp*

Eva þekkir flækjurnar í lífinu af eigin reynslu, hún hamaðist lengi við það að falla inn í hið gagnkynhneigða norm, þrátt fyrir að hún hafi alltaf vitað að hún væri lesbía. Þeirri reynslu lýsir hún meðal annars í ljóðabókinni Heimsendir fylgir þér alla ævi. „Ég var aðeins að vinna með það hvernig það var að alast upp í svona heterónormatívu samfélagi. Ég varð fyrst skotin í konu sem var fóstra á leikskólanum mínum, en ég vissi ekki um neina lesbíu þegar ég var að alast upp í Breiðholtinu og var alveg í þrotlausum performans við að þykjast vera skotin í strákum langt fram eftir aldri. Ég reyndi stundum að eiga kærasta en þeir gáfust alltaf fljótlega upp. Þessu fylgdi mikil innri barátta því þetta gagnkynhneigða form sem samfélagið setur mann inn í er svo sterkt. Ég held að fólk sem er gagnkynhneigt geri sér ekki grein fyrir því hvað það norm er rosalega ríkjandi alls staðar. Þetta var samt alls ekki alfarið neikvætt því ég held að grunnurinn að nálgun minni í listsköpun í dag séu þessi gleraugu sem ég kom mér upp með því að standa aðeins utan við samfélagið og horfa inn. Mér finnst þetta nefnilega allt svo mikill performans. Þetta leikrit um eðlileikann."

### *Hefur fordóma fyrir gagnkynhneigðum*

Talið berst að þeirri klisju að það sé ekkert mál að koma út úr skápnum á Íslandi, hér séu allir svo jákvæðir í garð samkynhneigðra. Eva segir reyndar tvær hliðar á því máli líka. „Þó að það sé komið eitthvert tiltekið umburðarlyndi og samþykki á hegðun þá er það samt í rauninni mjög skammsýnt. Það er auðvitað frábært að sjá unga krakka vera komna út úr skápnum og geta eignast kærustu eða kærasta á þeim árum. Það er mjög jákvætt fyrir fólk sem er í hinum þröngu ramma samkynhneigðra. Það eru hins vegar ennþá mjög sterk box sem fólk er sett í. Fyrir mig hefur það alltaf verið mikið atriði að kalla mig lesbíu en hvað þýðir það í raun? Það þarf að víkka þessi hugtök. Rammarnir eru svo sterkir. Það er allt í lagi að vera hommi eða lesbía innan viss ramma en svo verður þetta allt annar handleggur þegar kemur að intersex-fólki og transfólki til dæmis. Ég held það sé meira að segja ennþá mjög erfitt að vera tvíkynhneigður því þá koma fordómarnir bæði frá samkynhneigða samfélaginu og gagnkynhneigða samfélaginu. Þú verður að vera annaðhvort eða. Ég er sjálf að glíma við fordóma gagnvart gagnkynhneigðum og þoli ekki hvað þetta heterónormatíva kerfi er stöðugt að endurnýjast og styrkjast, þótt það sé holt að innan. Ég held við þurfum öll að passa að flokka fólk hvorki í eitt né neitt hlutverk og fyrst og fremst alls

**Pana Chocolate**
Súkkulaði sem er gott fyrir þig...




- **Náttúruleg ofurfæða**
- **Enginn unninn sykur!**
- **Framleitt við lágan hita til að viðhalda miklu magni næringaefna**
- **Inniheldur hrá lífræn- og náttúruleg innihaldsefni**

**Allt okkar súkkulaði er bæði hand- gert og innpakkað**



Inniheldur lífrænt kakó sem er með mikið magn af andoxunarefnum, vítamínum og steinefnum.

IceCare
Þín heilsa

**www.icecare.is - Netverslun**

**Útsölustaðir:**
Hagkaup lífræna deildin, Fjarðarkaup - Fræið heilsuhornið, Heilsuhúsið, Blómaval – heilsuhornið, Lifandi markaður Borgartúni

*Ég vissi ekki um neina lesbíu þegar ég var að alast upp í Breiðholtinu og var alveg í þrotlausum performans við að þykjast vera skotin í strákum.*

## Myndaalbúmið







Í Helsinki með danshópi eldri dama ● Eva og Vala á brúðkaupsdaginn ● Kviss Búmm Bang

ekki að gera ráð fyrir því að fólk sé gagnkynhneigt.

Ég er lesbía og hef aldrei á ævinni borið kynferðislegar tilfinningar til karlmanns, en það þýðir ekki að það geti aldrei gerst. Lífið er allt á stöðugu flökti. Kannski byrjum við Vala bara saman með manni þegar við verðum orðnar eldri kerlingar, við þurfum að vera opin fyrir öllum tilbrigðum lífsins.“

### *Skilgreiningar eru skáldskapur*

Umrædd Vala er Höskuldsdóttir og þær Eva hafa verið saman í rúm fimm ár. Eru þær farnar að velta fyrir sér barneignum? „Já, ég er búin að vera að fara í tæknisæðingar, en það þarf mikla þolinmæði til að það takist og þótt ég hafi farið þrisvar hefur það ekki enn heppnast. Við höfum alveg skoðað það að eignast barn með einhverjum samkynhneigðum vini okkar, sem mér finnst mjög fallegt, en enn sem komið er getur barn ekki löglega átt nema tvo foreldra þannig að meðan sú staða er uppi er það ekki raunhæfur möguleiki. Mér finnst mjög skrítið að það skuli ekkert breytast þegar fjölskyldumynstrin hafa breyst svona mikið og orðið fjölbreyttari.“

Það er augljóst að réttindamál hinsegin fólks brenna á Evu og liggur því beint við að spyrja hvort henni finnist Gay Pride ennþá skipta máli fyrir þá baráttu. „Já, það skiptir máli. En ég hef samt alveg orðið hugsi yfir því hvort Gay Pride sé kannski að styrkja skiptinguna samkynhneigðir/gagnkynhneigðir sem er náttúrulega alveg hundgömul og er bara skáldskapur sem á ekki lengur við. En ég held að þessi hátíð sé rosalega mikilvæg sem áminning um það að baráttan er nýbyrjuð og þarf að halda áfram að þróast. Þetta snýst alls ekkert um samkynhneigða og gagnkynhneigða heldur um að opna hugann og leysa upp þetta heterónorm. Þetta er tækifæri fyrir alla til að líta í eigin barm og skoða sig og uppgötva að ekkert eitt er eðlilegra en annað. Það eru allir frík á einhvern hátt og eiginlega er mest fríkí að finnast maður vera „eðlilegur“, hvað þýðir það eiginlega? Það er ekki hægt að vera eins og allir hinir, það hugtak fuðrar upp um leið og maður segir það.“

Þegar sýningum á Flækjum lýkur í Borgarleikhúsinu liggur leið Kviss Búmm Bang til Ríga þar sem þær munu setja upp sýningu í Þjóðleikhúsinu. Eftir það er meiningin að taka sér frí og halda sín í hverja áttina um stund. „Kviss Búmm Bang fer á vit óvissunnar. Ég fer beint í sýningu með Sextán elskendum og svo bara sjáum við til. Kannski gerum við eitthvað innan árs, kannski ekki, en allavega ætlum við að taka okkur frí frá stórum framkvæmdum í bili. Við erum samt ekkert að hætta, það gerum við vonandi aldrei.“



# FATASKÁPURINN
## INGA GOTTSKÁLKSDÓTTIR

***Inga Gotta, eins og hún er oftast kölluð, á verslunina Gottu á Laugavegi 7. Lífið fékk að kíkja í fataskápinn hjá Ingu, þar sem Alexander Wang er í miklu uppáhaldi.***











1 Alexander Wang-hælaskór: Flottir skór sem ganga með öllum litum. Góðir til að poppa upp beisik dress.

2 Alexander Wang Rocco-taskan: Þessi taska er uppáhaldsfylgihluturinn minn. Mér finnst hún svo rokkuð og töff.

3 Alexander Wang-bolur: Ég er með æði fyrir röndóttum bolum. Bolirnir frá Wang eru ómissandi og efnin eru svo skemmtileg.

4 iPhone-hulstrið: Þetta hulstur er algjör snilld. Ég væri búin að rústa símanum ef ég væri ekki með það. Svo skemmir ekki fyrir hvað það er flott.

5 Alexander Wang-kjóll: Ég elska svona kasjúal kjóla sem eru flottir við strigaskó. Ég verð alltaf að eiga einn svona í skápnum.







### 10 SPURNINGAR
## EKKI BORÐA GULAN SNJÓ

SUNNA BEN ER MYNDLISTARKONA OG STARFSMAÐUR PLAIN VANILLA.

**1. Þegar ég var ung þá ætlaði ég að vinna við** myndlist.

**2. En núna er ég** myndlistarkona, plötusnúður og photo/content editor hjá Plain Vanilla.

**3. Ég mun eflaust aldrei skilja fólk** sem mismunar fólki vegna kyns, kynþáttar, kynhneigðar eða trúarbragða.

**4. Ég hef ekki sérstakan áhuga á** tískubloggum, ég er eiginlega með ofnæmi fyrir þeim.

**5. Karlmenn eru** jafn mismunandi og þeir eru margir.

**6. Ég hef lært að maður á alls ekki að** borða gulan snjó (ég lærði það samt bara í Friends, ekki af biturri reynslu).

**7. Ég fæ samviskubit þegar** þegar ég vakna seint og nýti ekki dagsbirtuna, sérstaklega á veturna þegar hún er af skornum skammti.

**8. Ég slekk á sjónvarpinu þegar ég** … einhvern tíma þegar ég var að endurraða í stofunni hjá mér gaf ég bróður mínum fermingartúbusjónvarpið mitt sem var á stærð við meðal Yaris til að búa til pláss og hef síðan ekki átt sjónvarp, ég er enn að bíða eftir því að byrja að sakna þess.

**9. Um þessar mundir er ég mjög upptekin af** því að æfa fyrir Reykjavíkurmaraþonið, en ég ætla að hlaupa 21 km og er að safna áheitum fyrir Stígamót. Þetta verður það lengsta sem ég mun hafa hlaupið þegar ég verð búin og ég hlakka mikið til að klára þetta verkefni.

**10. Ég vildi óska þess að fleiri vissu af** grínþáttunum Broad City, þeir ættu að vera skylduáhorf fyrir fólk með vel steiktan húmor.



# Brizo veitir lausn við óþægindum við þvaglát




## Brizo hjálpar eftirfarandi:

- Lítil eða slöpp þvagbuna
- Tíð þvaglát
- Næturþvaglát
- Skyndileg þvaglátaþörf
- Erfitt að hefja þvaglát
- Þvagleki eða erfitt að stöðva þvaglát
- Þörf fyrir þvaglát skömmu eftir síðasta þvaglát
- Sviði eða sársauki við þvaglát

„Ég hef notað Brizo í nokkra mánuði og er ánægður með hversu vel það hefur reynst mér. Ég er 66 ára og var farinn að finna fyrir því að þurfa oft að kasta af mér þvagi og náði ekki að tæma blöðruna í hvert sinn. Þetta var óþægilegt og mér líkaði ekki ástandið," segir Skúli Sigurðarson. „Ég vildi forðast að nota lyf, leist betur á að prófa eitthvað óhefðbundið og náttúrulegt. Mér bauðst fyrir nokkrum mánuðum að prófa einn mánaðarskammt af Brizo og fann fljótt að mér leið betur. Áhrifin eru minni þrýstingur á blöðrunni og þvagrásina.
Ég hef notað Brizo í nokkra mánuði samfleytt og er mjög ánægður með árangurinn og það, hvernig mér líður af notkun þess. Ég hef mikla trú á náttúrulegum lausnum sem í mörgum tilfellum geta komið í staðinn fyrir lyf."



Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og einnig í heilsuhillum stórmarkaðanna.

**Sjá einnig www.icecare.is**

## Ný sending komin! Fyrri voru fljótar að seljast upp.

# Þjáist þú af svefnleysi?

## Segðu bless við hvíldar- og svefnlausar nætur

### Sefur eins og engill

Undanfarin ár hefur Elín, sem er 62 ára, átt erfitt með að festa svefn og átti það til að vakna oft að nóttu til. „Það er óþolandi að liggja í rúminu og bylta sér af því að maður getur ekki sofið. Á daginn átti ég erfitt með einbeitingu. Ég var alltaf þreytt. Ég hljóp um eins og hauslaus hæna, og kom engu í verk vegna þess að ég fékk ekki nægan svefn. Nú líður mér stórkostlega. Ég er úthvíld og glöð þegar ég vakna. Ég er orkumeiri yfir daginn og afkastameiri. Ég tek inn töfluna klukkutíma áður en ég hátta. Það er ótrúleg tilfinning að vakna eftir góðan nætursvefn."






**Inniheldur náttúruleg vítamín og jurtir.**

Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og einnig í heilsuhillum stórmarkaðanna.
Sjá einnig www.icecare.is

# HÖNNUN 105 DAGA FERÐALAG FEST Á MYND

*Ljósmyndarinn Óskar Páll Elfarsson opnar sína fyrstu einkasýningu á Íslandi. Sýningin fjallar um heimsreisu sem hann lagði í með unnustu sinni, Hrund Þórsdóttur fjölmiðlakonu.*

Við Hrund, unnusta mín, vorum 105 daga á ferðalagi, fórum til 16 landa í 5 heimsálfum. Við tókum 19 flug og 24 rútuferðir ásamt því að gista á 51 mismunandi gististað. Eins og gefur að skilja var margt að sjá og skoða og myndavélin var með í för allan tímann," segir Óskar Páll Elfarsson, en hann opnar sýningu á myndum úr ferðalaginu laugardaginn 9. ágúst klukkan 16 í Perlunni.

Heildarþema sýningarinnar er þetta ferðalag, sem spannar allt frá sléttum Afríku til skýjakljúfa í Kúala Lúmpúr. „Mig langaði að hleypa áhorfendum í smá ferðalag. Myndirnar eru stórar og auðvelt að lifa sig inn í aðstæður," segir Óskar og bætir við að hann hafi líka langað til að opna augu fólks fyrir því hversu gott við höfum það á Íslandi. „Ég lærði það allavega í þessu ferðalagi og reyni að minna mig á það í hvert skipti sem ég ætla að fara að kvarta yfir einhverju. Við höfum það betra en flestir aðrir."

Myndunum fylgja smá frásagnir sem hægt verður að nálgast á moment.is/syning og verða settar inn sama dag og sýningin verður opnuð. „Þetta eru stuttir textar sem hleypa áhorfendum aðeins nær viðfangsefninu. Annaðhvort stutt saga af viðfangsefninu eða lítið innlit í huga minn á þessu augnabliki. Ég mynda talsvert í



Villtur api á Bali. MYND/ÓSKAR PÁLL ELFARSSON

augnablikum sem síðar sitja mér vel í minni. Ég get skoðað flestar mínar myndir og man hvað ég var að hugsa á þeim tíma."

Óskar segir þau Hrund hafa komið víða við á ferðalaginu. „Við byrjuðum í Afríku, færðum okkur svo suður til Asíu og Indónesíu. Ástralía og Nýja-Sjáland var síðan næsta stopp áður en suðurhluti Suður-Ameríku var skoðaður. „Dvölin á hverjum stað var stutt, við vorum til að mynda bara rétt rúmlega hálfan sólarhring í Úrúgvæ. Við sáum eitthvað nýtt og merkilegt á hverjum degi. Ég er



Á leikskóla í fátækraþorpi í Naíróbí í Kenía. MYND/ÓSKAR PÁLL ELFARSSON

þannig gerður að ég hef ótrúlega gaman af því að koma á nýja staði og upplifa eitthvað nýtt. Ég tek vel eftir hlutunum í kringum mig og pæli soldið í því hversdagslega, þannig að mér fannst allt merkilegt, alltaf. Það var viss draumur að fara um sléttur Afríku, draumur sem mig hafði aldrei órað fyrir að myndi rætast, hvað þá að sofa þar í tjaldi með frumbyggja sitjandi fyrir framan til að fylgjast með ljónum, fílum og öðrum hættum. Fallhlífarstökk á Nýja-Sjálandi, loftbelgsferð og fílsbak í Laos, að leika við risaskjaldbökur



Óskar að mynda á leikskóla fyrir fötluð börn í Naíróbí. MYND/HRUND ÞÓRSDÓTTIR

á Sansibar … listinn er endalaus," segir Óskar sem talar um ferðalagið af mikilli ástríðu.

Sýningin í Perlunni er fyrsta einkasýning Óskars. „Maður er loksins að fullorðnast og verða að ljósmyndara. Mig hefur lengi langað að halda sýningu, en fyrr en nú kannski ekki haft efni í höndunum, ekki neina sterka heild eða sögu sem ég þurfti að segja. Þetta er því mjög spennandi verkefni og ferðalangurinn í kollinum á mér er kominn með nettan fiðring við það að vinna svona mikið í þessum myndum undanfarnar vikur."




## HEILSA MIKILVÆGASTA MÁLTÍÐ DAGSINS

***Það getur verið freistandi að sleppa morgunmatnum og fá nokkrar aukamínútur í svefn. Það er þó alveg þess virði að rífa sig fram úr á morgnana og fá sér næringarríkan morgunverð því að það stuðlar að aukinni vellíðan yfir daginn.***

Flestir hafa eflaust heyrt það sagt að morgunverðurinn sé mikilvægasta máltíð dagsins. Hér koma nokkur atriði þeirri staðhæfingu til stuðnings.

**1. Það dregur úr líkum á því að þú borðir allt í augsýn seinnipart dags.**
Til þess að halda blóðsykrinum í jafnvægi og koma í veg fyrir ofát yfir daginn er talið mikilvægt að borða hollan og staðgóðan morgunverð. Því minni sem blóðsykurinn verður í líkamanum, því svengra verður fólk yfir daginn og líkaminn er verr undir það búinn að taka á móti óhollustunni sem verður oft fyrir valinu þegar hungrið hellist yfir.

**2. Þú færð orku til þess að takast á við daginn.**
Morgunverðurinn kemur þér af stað og gefur þér orku fyrir daginn eftir að hafa fastað í 8-10 klukkustundir. Það skiptir þó máli að morgunverðurinn sé hollur og næringarríkur. Sjáðu til þess að morgunverðurinn innihaldi trefjar, prótein og holla fitu. Það stuðlar að aukinni orku yfir daginn.



AFP/NORDICPHOTOS

**3. Einbeitingin verður betri.**
Ef þú átt erfitt með að einbeita þér, vendu þig þá á að borða hollan og góðan morgunmat. Rannsóknir sýna að morgunmatur bætir vitræna starfsemi okkar og eykur námsárangur.

**4. Til þess að koma í veg fyrir þyngdaraukningu.**
Rannsóknir sýna að fólk sem borðar morgunverð er líklegra til þess að vera í kjörþyngd en þeir sem gera það ekki og konur sem borða morgunmat neyta færri kaloría yfir daginn. Morgunverður er því talinn mikilvægur til þess að koma í veg fyrir þyngdaraukningu.

100% NATURAL NOT SYNTHETIC

# CC Flax



Frábært við **fyrirtíðarspennu** fyrir konur á öllum aldri og öllum einkennum **breytingaskeiðs**

## Mulin hörfræ – Lignans
## Trönuberjafræ
## Kalk úr Hafþörungum

CC Flax gefur frábæran árangur við tifinningasveiflum, pirringi, hita- og svitakófi, svefntruflunum, fitusöfnun og húðþurrki. Stuðlar að hormónajafnvægi og vellíðan. Kemur í veg fyrir bjúg og vökvasöfnun, styrkir nýru og hindrar sýkingu í þvagfærum.* Fjölbreyttar trefjar og ríkt af Omega-3.

**Heilbrigðari og grennri konur**
Rannsókn sýndi að konur sem hafa mikið Lignans i blóðinu hafa að meðaltali 8,5 kg minni fitumassa en þær konur sem skortir eða hafa lítið af Lignans.**




* Howel AB Journal of the American Medical Associaton june 2002 287:3082
** British Journal of Nutrition(2009), 102: 195-200 Cambridge University.



- Styrking
- Jafnvægi
- Fegurð

1 kúfuð teskeið á dag - 40 daga skammtur

**FÆST Í APÓTEKUM, STÓRMÖRKUÐUM OG HEILSUBÚÐUM** **WWW.CELSUS.IS**

# BLOGGARINN DROTTNING SAMFÉLAGSMIÐLANNA

**The Amanda Palmer Blog**

**http://www.amanda-palmer.net**

Söngkonan Amanda Palmer er helmingur tvíeykisins Dresden Dolls en hefur einnig átt mikilli velgengni að fagna á sólóferli sínum. Hún er þekkt fyrir að liggja ekki á skoðunum sínum, en einnig fyrir að vera einstaklega útsmogin þegar kemur að notkun á samfélagsmiðlum. Hún á metið í að safna hæstu upphæð sem safnað hefur verið á Kickstarter fyrir útgáfu nýjustu plötu sinnar, 1,2 milljónir Bandaríkjadala, sem samsvarar tæpum 140 milljónum íslenskra króna.

Palmer er opinská og oft skemmtileg, stundum dónaleg, á blogginu, auk þess sem hún getur kennt okkur hinum hvernig á að hegða sér á samfélagsmiðlum – hún virðist allavega kunna að fanga athygli fólks þar.





## Instagram



**Instagram**

**Lorena at Gemagenta**

**http://instagram.com/gemagenta**

Lorena er skartgripahönnuður sem ferðast um allan heim. Hún tekur ótrúlega fallegar myndir á ferðalögum sínum, oft af byggingum sem eru sérstakar á að líta. Hún hefur einstakt auga fyrir fallegum litasamsetningum á ljósmyndunum sem eru oftar en ekki eins og sena úr Wes Anderson-kvikmynd.

## facebook




**Do it yourself – it's easier than you think**

**https://www.facebook.com/crhideas**

Facebook-síðan The DIY – It's easier than you think er endalaus uppspretta skemmtilegra verkefna. DIY-verkefni, sem stendur fyrir Do It Yourself, hafa vaxið í vinsældum á síðustu árum en á síðunni er hægt að læra hvernig maður býr til lampa, garðhúsgögn, litar koddaver og býr til óróa, svo eitthvað sé nefnt.

## Pinterest



**The Perfect Pallette**

**http://www.pinterest.com/perfectpalette/**

Pinterest-síðan The Perfect Pallette er allt sem þú þarft til að skipuleggja brúðkaupið þitt. Allt frá hugmyndum að lýsingu, brúðkaupstertum, veitingum, blómaskreytingum, kjólum, jakkafötum og litasamsetningum er hægt að finna á þessari Pinterest-síðu.





# smáauglýsingar FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-17

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



BMW M 5 400 HÖ.Árgerð 2000,ekinn aðeins 149.þ km,mikið endurnýjaður,topp eintak,er á staðnum.Rnr.104009. S:562-1717 eða 866-9633. Bílnr AP-868.



M.BENZ C 240 WAGON. Árg.2004,ek. aðeins 118.þ km,bensín, sjálfskiptur,leður og topplúga.Verð aðeins 1.690.000.- er á staðnum. Rnr.104695.S:562-1717



VW TRANSPORTER KASTEN SYNCRO LANGUR LWB 4X4.Árgerð 2007,ek.125.þ km,dísel,6 gírar,er á staðnum.Verð 2.490.000.með VSK.er á staðnum. Rnr.390843



**TILBOÐ 4.990.000.-**
BMW X5 3.0 SI.Árgerð 2008,ekinn 129.þ km,bensín, sjálfskiptur,flott eintak,er á staðnum. Rnr.351752.S:562-1717.



**TILBOÐ 1.490.000.-**
KNAUS EIFELLAND-DESEO 400QL Árgerð 2007,með fortjaldi. Rnr.104557, er á staðnum.S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

bilfang.is S.567 2000



**SKEMMTIBÁTUR !**
Flipper 630 DC (19 fet) árg ,07 með 150 HÖ Mercury Optimax , Glæsilegur bátur sem vert er að skoða ! Skráður með öll siglingartæki plotter GPS ofl Flott verð 4.9 mil ( ymis skipti skoðuð ) (153866)

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

SUZUKI



Rafmagnsfjallareiðhjólin vinsælu fást hjá okkur. Þægileg 26" reiðhjól sem henta mjög vel fyrir íslenskar aðstæður. Verð kr. 188.900,- eigum einnig 2 gerðir 28" Borgarhjóla. Verð kr .168.900,-

**Suzuki Umboðið ehf**
**SKEIFAN 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**SUZUKI@SUZUKI.IS**
**SUZUKI.IS - SUZUKISPORT.IS**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2013, ekinn 42 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.390.000. Rnr.210358. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES-BENZ Ml 350 bluetec 4matic . Árgerð 2012, ekinn 32 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 11.390.000. Rnr.990883.



SUZUKI Grand vitara. Árgerð 2009, ekinn 66 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.190.000. Rnr.240150. Tilboð kr: 2.890.000,-



TOYOTA Rav4 VX. Árgerð 2011, ekinn 45 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.090.000. Rnr.161041.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

ÍSBAND.IS BÍLAINNFLUTNINGUR



**2014 NÝJIR CHRYSLER TOWN & CONTRY LIMITED**
Flottasti fjölskyldubíllinn, V6 290hö, eyðsla í blönduðum akstri 11.8, Með öllum lúxus, 2x Blueray DVD afurí, Rafmagn í hurðum omfl, Tilboðsverð aðeins 8.390þkr, Eru í salnum,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 11-15**
**http://www.isband.is**

BÍLALIND.is



BMW 3 330i Touring E90. Árgerð 2007, ekinn 87 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, gler topplúga, 259 hö. Verð 3.790.000. Skipti skoðuð á ódýrari. Rnr.411168.

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**www.bilalind.is**

100bílar.is bílasala
Skráðu bílinn frítt hjá okkur

VANTAR ALLAR GERÐIR BÍLA Á SKRÁ OG Á STAÐINN!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar. is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00, lokað lau**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Nissan Almera árg 2000. 5 dyra. Hvítur. Ekinn 188 þús. Ssk. Sko ,15. Í topp standi en þarfnast smá útlitslagfæringar. 295.000 uppl. S. 852-3501



Honda HR-V, 4X4, árg. ,04, ek. 112 þ. Sumar- og vetrardekk. Uppl. í s. 616 2597.

Seldur.is

**KAUPUM ALLA BÍLA**
**HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ**
Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!**
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Fellihýsi

Americana Santa Fe, árg.'07, 220 w rafmagn, heitt og kalt vatn, útvarp með CD spilara, sjónvarpsloftnet og sturta, allt ný yfirfarið. Verð 1300-1400 þ. Uppl. í S.896 5613.

## Vinnuvélar



Palmes malarvagnar 12 og 18 tonna Búvís ehf. sími: 4651332

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnuð 1969 Traustir og vanir menn.

Teppahreinsun, gluggahreinsun, flutningsþrif, húsgagnahreinsun, bónun o.s.fr. Uppl. Tómas, s. 699 6762 og www.gluggahreinsir.is

## Garðyrkja

SMÁVÉLAVIÐGERÐIR & UTANBORÐSMÓTORAR
Viðgerðir
Skemmuvegur 34 Brún gata
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS
Sími: 554 0661

Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

GARÐLIST 554 1989

Útsala stórar plöntur allar gerðir veljum íslenskt. Blómsturvellir v. Reykjalund s.8641202

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Alhliða málningarþjónusta. Fagþjónusta. Vönduð vinnubrögð. Frí verkskoðun og verðtilboð. Sími. 891 9890 malarar@simnet.is

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
Alhliða málningarþjónusta. Tilboð eða tímavinna. S. 778 0100.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

## til sölu

**Club car golfbílar**




Ný sending frá Ameríku árgerðir 2013 og 2014
Einnig til sölu Curtis cap hús á golfbíla
**19019 ehf sími 893-3393 Gunnsteinn www.19019.is**

## Húsaviðhald

**TRÉSMÍÐI**
ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐA-VINNA INNAN SEM UTAN.
20 ÁRA REYNSLA.
TILBOÐ/TÍMAVINNA
UPPL. HJÁ GUÐMUNDI Í S. 895 6820
ALPARSLF@HOTMAIL.COM

**bílaland**
**- NOTAÐIR BÍLAR -**
**www.bilaland.is**



HYUNDAI Getz. Nýskr. 06/08, ekinn 91 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 990.000.** 100% VISA/EURO lán mögulegt. Rnr.281429.



CITROEN C5. Nýskr. 02/08, ekinn 66 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.690.000.** Rnr.320165.



OPEL Astra Enjoy. Nýskr. 09/04, ekinn 97 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 850.000.** 100% VISA/EURO lán mögulegt. Rnr.131193.



SUBARU Impreza Wagon 4WD. Nýskr. 06/02, ekinn 167 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 690.000** 100% VISA/EURO lán mögulegt



TOYOTA Corolla Terra. Nýskr. 10/07, ekinn 152 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.390.000.** Rnr.191482.



OPEL Meriva Enjoy. Nýskr. 02/06, ekinn 81 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 990.000.** 100% VISA/EURO lán mögulegt. Rnr.142089.



SUZUKI Swift GL. Nýskr. 06/09, ekinn 106 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.190.000.** Rnr.320187.

Kletthálsi 11
**525 8000**
www.bilaland.is

## fasteignir

BORGIR
FASTEIGNASALA

### Einarsnes 29 – Einbýli




**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17.00 TIL 17.30**

BORGIR fasteignasala sýna lítið einbýli staðsett rétt við Flugvöllinn í Skerjafirði. Húsið er jarðhæð og ris, alls líklega ca 80 fm að grunnfleti. Allar innréttingar í húsinu eru upprunalegar en húsið sjálft er forskalað timburhús. Óeinangrað útihús á baklóð er nýtt sem geymslur. Gróin garður . Eignarlóð.

Íbúðin er: Stofa og tvö svefnherbergi eldhús og lítið baðherbergi niðri en uppi er svefnloft.

Húsið er með 1 árs leigusamning – þriggja mánaða uppsagnarfrestur.

**Ásett verð kr. 28,9 milj.**
**Sölumaður Borga á staðnum s. 896-8030**

Grensásveg 50, 108 Rvk • Sími 588-2030 • borgir@borgir.is
Lögg.fast. Sigríður Gunnlaugsdóttir

Öryggisíbúðir fyrir aldraða og almenn leiga

## OPIÐ HÚS Í EIRBORGUM

laugardaginn 9. ágúst og sunnudaginn 10. ágúst milli kl. 14 og 16
Inngangur við Fróðengi 5, Grafarvogi

**Íbúðir til leigu í lengri eða skemmri tíma**



Vandaðar tveggja og þriggja herbergja íbúðir til leigu í Fróðengi 1 – 11, Grafarvogi 112, Reykjavík.

- Öryggisíbúðarleiga, ótímabundin.
- Almenn leiga til allt að tveggja ára.

Innangegnt er úr Eirborum í Borgir menningar- og þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar.

Verslunar- og þjónustumiðstöðin við Spöngina í göngufæri. Golfvöllur Korpu, Egilshöllin, góðar göngu- og reiðhjólaleiðir í næsta nágrenni.

**Eir, hjúkrunarheimili og öryggisíbúðir, Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík. s: 522 5700**
**Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið: edda@eir.is**



STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Félag Fasteignasala — vísir

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

FASTEIGNIR.IS

## Húsaviðhald

**VIÐHALD**
fasteignaviðgerðir

Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

- múrviðgerðir
- píþulagnir
- þakviðgerðir
- raflagnir
- málningarvinnu
- flísalagnir
- trésmíðavinnu
- jarðvinna
- gluggaskipti
- hellulagnir
- glerskipti
- alstæðningar

Sími 567 6699
vidhald@vidhald.is
www.vidhald.is

**STRÚCTOR BYGGINGAÞJÓNUSTA EHF.**
Flísalagnir - Múrverk - Flotun. Áratuga reynsla. Þorsteinn s. 893 6994

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

**SPÁSÍMI 908-6116**
Ástir, fjármál & heilsa.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 235x235, 217x217, 210x210, 200x200, 217x235, 217x174. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 587 5976.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




Heimavík ehf. S. 892 8655 Smiðjuvegur 28 (rauð gata) www.heimavik.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 600 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 160- 400 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

**RAÐHÚS VIÐ NAUSTAHLEIN FYRIR 60 ÁRA OG ELDRI.**
Til leigu glæsilegt 106 fm raðhús með bílskúr við Naustahlein í Garðabæ. Nánari upplýsingar hjá Naustavör ehf. í sima 585-9300

3 herb. lítil íbúð til leigu á svæði 104. Verð 120 þús pr.mán. (ekki húsaleigubætur) 3 room apartment for rent. Price 120 thous pr.month. contact number 699 0911

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**VEITINGAHÚS NINGS - FRAMTÍÐARSTARF**
Veitingahús Nings óskar eftir þjónustuliprum og brosmildum starfsmönnum í fullt starf og dagvinnu. Aðeins 20 ára og eldri og aðeins íslenskumælandi.
**Áhugasamir setji inn umsókn á www.nings.is**

Wilson's PIZZA

**WILSON'S PIZZA LEITAR AF STARFSFÓLKI Í EFTIRFARANDI STÖÐUR:**
Pizzabakara - Pizzasendlum - Símsvörun og í afgreiðslu í lúgu (Drive in Vesturlandsvegi) -
**Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn með ferilskrá og mynd á netfangið: atvinna@wilsons.is**

101 LE BISTRO

**VAKTSTJÓRAR MEÐ REYNSLU ÓSKAST Í FULLT STARF Á ANNASÖMU BISTRÓ /**

**SHIFT MANAGER NEEDED AT A BUSY BISTRO**
Full vinna, laus strax. Aðeins fólk með reynslu og vandaða ferilskrá kemur til greina. Vinsamlegast sendið ferilskrá á lebistro@lebistro.is.

Full time, available immediately. Only people with experience and a good CV need apply. Please send your CV to lebistro@lebistro.is

KvikkFix

**KVIKKFIX GETUR BÆTT VIÐ SIG FÓLKI.**
Vantar fólk í smur - dekk og smáviðgeðir.
**Áhugasamir sendi upplýsingar um sig ásamt meðmælum á orri@nrg.is**

**www.kvikkfix.is**

**BAKARI / KAFFIHÚS HELGAVINNA**
Óskar eftir starfskrafti fyrir hádegi virka daga annan hvern laugardag, ekki yngri en 20 ára. Verður að tala íslensku.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**BAKARÍ Í BREIÐHOLTI - HELGAVINNA**
Óskar eftir starfskrafti aðrahvora helgi, ekki yngri en 20 ára. Verður að tala íslensku.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**KAFFIHÚSIÐ 10 DROPAR Á LAUGAVEGI 27**
óskar eftir vaktstjóra með reynslu af kaffihúsi/bar. Unnið er á 15 daga vöktum, 100% starf. Umsóknarfrestur er til 15. ágúst. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
**Umsóknir berist til fanney.10dropar@gmail.com**

Vélstjóra og háseta vantar á Gullhólma SH-201, Stykkishólmi sem gerður er út á línuveiðar. Vélastærð 1038 kw. Upplýsingar í síma 898-4874

**VEITINGAHÚS**
Veitingastaðurinn Buddha Restaurant á Laugavegi 3 óskar eftir starfsfólki í sal. Uppl. veitir Torfi í S. 663-6652 & 571 5522.

**LEBOWSKI BAR**
óskar eftir að fólki til að grilla góða hamborgara í allan vetur. Reynsla úr eldhúsi er kostur. Það eru 4 stöður í boði. Umsóknarfrestur er til 15.ágúst. Umsóknir skulu sendast á arnar@lebowskibar.is

## skemmtanir

BOLTINN Í BEINNI

**Cafe Catalina**
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"



**STÓRSVEITIN UPPLYFTING SPILAR Í KVÖLD.**

*Allir velkomnir*

http://www.facebook.com/cafecatalina

Snyrtilegur klæðnaður áskilinn • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu



STÖÐ 2 OG BYLGJAN KYNNA
BÓ&BUBBI
SAMAN Í HOFI
LAUGARDAGINN 13. SEPTEMBER KL. 20.00 Í HOFI ÁSAMT HLJÓMSVEIT
TROMMUR BENEDIKT BRYNLEIFSSON BASSI EIÐUR ARNARSSON GÍTAR GUÐMUNDUR PÉTURSSON
GÍTAR JÓN ELVAR HAFSTEINSSON HLJÓMBORÐ ÞÓRIR ÚLFARSSON HAMMOND ÞÓRIR BALDURSSON
HOF
GLÆSILEGT TÓNLEIKATILBOÐ Á HÓTEL KEA!
TÓNLEIKATILBOÐ A
3JA RÉTTA KVÖLDVERÐUR, TÓNLEIKAR, GISTING OG MORGUNVERÐUR
29.500
PR MANN Í EINS MANNS HERBERGI
24.000
PR MANN Í TVEGGJA MANNA HERBERGI
TÓNLEIKATILBOÐ B
TÓNLEIKAR · 3JA RÉTTA KVÖLDVERÐUR Á MÚLABERGI
15.000
PR MANN.
KEAHÓTEL
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
prime
BYLGJAN
midi.is
MIÐASALA Á MIÐI.IS, MENNINGARHUS.IS OG Í SÍMA 450 1000



KL. 21:05
**Sense And Sensibility**
Rómantísk mynd með Emmu Thompson, Kate Winslet og James Fleet í aðalhlutverkum.

# Skemmtilegt föstudagskvöld

KL. 20:00
**Mike And Molly**
Skemmtileg gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn.



KL. 20:20
**NCIS: Los Angeles**
Spennuþáttaröð með Chris O´Donnell og LL Cool J í aðalhlutverkum.



KL. 22:00
**Phil Spector**
Dramatísk mynd sem byggð er á sönnum atburðum með Al Pacino og Helen Mirren í aðalhlutverkum.



KL. 20:15
**Spurningabomban**
Logi Bergmann stjórnar þessum stórskemmtilega spurningaþætti.



Krakka stöðin | KL. 07:00-20:30
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



KL. 21:50
**Sons Of Anarchy**
Adrenalínhlaðin þáttaröð með dramatískum undirtón og svörtum húmor.



Fáðu þér áskrift! 365.IS


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 9 | 3 | | 1 |
| 7 | 9 | | 8 | | 2 | | 5 | 6 |
| | | | | | 7 | 8 | 9 | |
| | | 1 | 2 | 3 | | | 4 | 9 |
| | 3 | 2 | 9 | | 4 | | | |
| | | | | 5 | 8 | | 6 | |
| | 7 | 4 | 6 | | | | 3 | |
| 2 | | | | | | | 8 | |
| | 6 | | 4 | | | 1 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 2 | 6 | | | 7 | 9 | |
| | | 7 | 2 | 3 | | | | |
| | | 3 | 5 | | | 8 | | 4 |
| 2 | | 4 | | | 6 | | | |
| 7 | 5 | | 9 | | | | | |
| | 6 | | | | 8 | | 5 | |
| 3 | 9 | | | | | 5 | | 2 |
| | | | | 9 | | 3 | | |
| | | | 4 | | | 6 | 1 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 2 | | | | | 9 | |
| | 3 | | | | 1 | 5 | | |
| 8 | 9 | | 2 | | | 1 | 4 | |
| | | | 9 | | 4 | 6 | 5 | |
| | | 9 | | | 8 | 7 | 1 | |
| 1 | | | | | 7 | | 2 | 4 |
| | | 1 | | | 9 | | | |
| | 8 | | | | | | | |
| | | 3 | | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 3 | 8 | 2 | 7 | 5 | 9 | 4 | 6 |
| 5 | 6 | 9 | 4 | 8 | 1 | 3 | 7 | 2 |
| 2 | 7 | 4 | 3 | 6 | 9 | 5 | 8 | 1 |
| 6 | 8 | 7 | 1 | 5 | 3 | 2 | 9 | 4 |
| 9 | 1 | 3 | 6 | 2 | 4 | 7 | 5 | 8 |
| 4 | 5 | 2 | 7 | 9 | 8 | 6 | 1 | 3 |
| 7 | 2 | 1 | 9 | 4 | 6 | 8 | 3 | 5 |
| 3 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 4 | 6 | 7 |
| 8 | 4 | 6 | 5 | 3 | 7 | 1 | 2 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 3 | 7 | 8 | 5 | 1 | 6 | 9 | 2 |
| 6 | 1 | 2 | 9 | 7 | 3 | 4 | 5 | 8 |
| 5 | 8 | 9 | 2 | 4 | 6 | 7 | 1 | 3 |
| 7 | 6 | 1 | 3 | 2 | 5 | 8 | 4 | 9 |
| 8 | 4 | 3 | 7 | 1 | 9 | 5 | 2 | 6 |
| 9 | 2 | 5 | 6 | 8 | 4 | 1 | 3 | 7 |
| 1 | 7 | 8 | 4 | 3 | 2 | 9 | 6 | 5 |
| 2 | 9 | 4 | 5 | 6 | 8 | 3 | 7 | 1 |
| 3 | 5 | 6 | 1 | 9 | 7 | 2 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 4 | 2 | 1 | 8 | 3 | 7 | 6 | 9 |
| 9 | 6 | 8 | 2 | 4 | 7 | 3 | 5 | 1 |
| 7 | 1 | 3 | 5 | 9 | 6 | 2 | 4 | 8 |
| 6 | 9 | 4 | 7 | 1 | 2 | 8 | 3 | 5 |
| 8 | 2 | 5 | 3 | 6 | 4 | 9 | 1 | 7 |
| 1 | 3 | 7 | 8 | 5 | 9 | 4 | 2 | 6 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 2 | 8 | 5 | 9 | 4 |
| 2 | 5 | 9 | 4 | 7 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 4 | 8 | 6 | 9 | 3 | 5 | 1 | 7 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** — Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Tilgangur lífsins er að vera hamingjusamur."

*Dalai Lama*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT 2.** hæfileika, **6.** ólæti, **8.** nafar, **9.** pfn., **11.** tveir eins, **12.** bæ, **14.** drífa, **16.** skóli, **17.** nægilegt, **18.** fornafn, **20.** átt, **21.** krafs.

**LÓÐRÉTT 1.** afkvæmi, **3.** í röð, **4.** fyrirhyggja, **5.** dýrahljóð, **7.** heimting, **10.** litningar, **13.** sjón, **15.** steintegund, **16.** samræði, **19.** kusk.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gáfu, **6.** at, **8.** bor, **9.** mig, **11.** rr, **12.** bless, **14.** knýja, **16.** ma, **17.** nóg, **18.** öll, **20.** na, **21.** klór.

**LÓÐRÉTT: 1.** lamb, **3.** áb, **4.** forsjón, **5.** urr, **7.** tilkall, **10.** gen, **13.** sýn, **15.** agat, **16.** mök, **19.** ló.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Englendingurinn Michael Adams (2.740) hafði svart gegn Víetnamanum Liem Le Quang (2.710) í sjöttu umferð Ólympíuskákmótsins.**

**Svartur á leik:**



**35...Hxc5! 36. Dxc5 Bf8** (nú fellur hrókur) **37. Dxb5 De4+ 38. Kg1 Dxc2 39. Ha4 Db1+ 40. Kg2 De4 41. f3 Dc2+ 42. Kh3 Dd1 43. f4 h5 44. Dc4 Hxd4!** Hvítur gafst upp vegna 45. Dxd4 Df1 46. Kh4 Be7+.

**www.skak.is** Færeyjar og Ísrael í dag.


BÍLSKÚRSDAGAR
Gegnheil postulínsflís
15% afsláttur
KAI Grá bílskúrsflís 33x33 cm
1.890 pr. m²
1.606
MARC-LEO3
Leo hillueining 90x40x165cm. 4 hillur
6.890 5.512
20% afsláttur
ENGAR SKRÚFUR!
MARC-Errex1 Errex hillu-eining. 100x40x185cm. 5 hillur
15.990
20% afsláttur
HDD1106 580W stingsög DIY
3.990
3.192
DIY Rafhlöðuborvél /skrúfvél HDD3213 12V
8.990
7.192 20% afsláttur
20% afsláttur
Drive skrúfvél Lion rafhlaða 12V
5.990
4.792
20% afsláttur
Slípirokkur HDD432 800W 125mm DIY
4.890
3.912
20% afsláttur
Drive Delta Sander 180W
3.390
2.712
20% afsláttur
Drive Fjölnotatæki 300W
7.990
6.392
20% afsláttur
HAGMANS-39292 Milligróf Gólfmálning 4 kg
11.995
9.596
20% afsláttur
AQUA 25
COL-25004 Hágæða Veggjamálning 4 L
4.495 3.596
20% afsláttur
GOLVFÄRG
COL-73003. Gólflakk 3 L
4.695 3.756
Drive toppasett 17 stk 1/4"
990 742
Slönguhjól 1/2" f/45 metra
990
Skóbakkar, tilvalið á heimilið eða í bílinn
990
G 002 með hjólum 52 lítra 58x42x34cm
2.175
1.740
20% afsláttur
G B003 með hjólum 28 lítra 49x36x28cm
1.470 1.176
20% afsláttur
Gluggaþvottakústur, gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun
2.690
1/2" slanga 15 metra með stút og tengjum
1.190
ZBS 2105 LED ljós með hleðslurafhlöðu og hleðslustöð
4.490
3.592
20% afsláttur
64515 Strekkibönd
395
DRIVE ryksuga í bílskúrinn
• 1200W
• 20 lítra
• sogkraftur > 16KPA
• fjöldi fylgihluta
7.490
5.992
20% afsláttur
20% afsláttur
Hleðsluljós LM6006
3.990
3.192
20% afsláttur
64407 Strekkibönd
995
ANN-12902 Black&Decker háþrýstidæla 110 bar
14.990
Rafmagnshita-blásari 3Kw 1 fasa
8.990
7.192
20% afsláttur
Ryco lampi með perum hvítur spegill 2x36W
4.690
3.752
20% afsláttur
CR Plast skolvaskur 55x34x21cm með botn-ventli og vatnslás
8.590
6.872
20% afsláttur
Gua-54 vegghengdur, 1mm stál, einnig fáanlegur í borð kr. 17.990
19.900 15.920
Ryco LCL-M2 T8 lampi 2x36W 113 cm IP30 með perum
7.990
6.392
20% afsláttur
Gúmmídreglar
2.495 pr. meter
1700W, 370 litr./klst. Þolir 50°C heitt vatn 5,5 metra barki, sápubox
20% afsláttur
Black&Decker háþrýstidæla max bar 130
29.990 23.992
Verðlisti á heimasíðu
Panelofnar 20% AFSLÁTTUR
Takmarkað úrval
EN 442 EURONORM
KRANAR OG HITASTILLAR FRÁ Danfoss
SHA-2625 Vinnuljóskastari Rone 28W m. innst. blár 1,8m snúra
6.990
Málband, 5 metra
375
Þrýstiúðabrúsi 2 lítr.
745
596
20% afsláttur
20% afsláttur
kapalkefli 15 metrar
4.190 3.352
Strákústur 30cm breiður
795
Mako sterkir ruslapokar. 120 lítrar 10stk
390
Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 9-12 & 13-18
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# Humperdinck fyrir fjórar hendur

Michael Hagemann og Shoko Hayashizhaki leika fjórhent í Norræna húsinu í dag.

Norræna húsið og Wagnerfélagið efna til sameiginlegra tónleika í Norræna húsinu í dag klukkan 18. Þýska píanódúóið Michael Hagemann og Shoko Hayashizhaki munu leika fjórhent tólf píanóútsetningar úr óperunni Parsifal, eftir þýska tónskáldið Engelbert Humperdinck, sem þekktastur er fyrir óperu sína Hans og Grétu.

Píanódúóið Shoko Hayashizhaki og Michael Hagemann hafa starfað saman í 25 ár allt frá námsárum í Freiburg. Þau hafa tekist á við hin fjölbreytilegustu verkefni og sýnt frumleika í efnisvali sem hefur vakið bæði athygli og aðdáun áheyrenda að því er fram kemur í tilkynningu frá Wagnerfélaginu.

Tónleikarnir eru öllum opnir og aðgangur ókeypis. -fsb



**PÍANÓDÚÓ** Shoko Hayashizhaki og Michael Hagemann hafa starfað saman í 25 ár. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Stíla inn á nýja tónlist

Tónlistarhátíð unga fólksins stendur sem hæst. Þrennir tónleikar eru í Salnum næstu kvöld, þar verður fluttur fjöldi nýlegra, íslenskra verka.



**SKIPULEGGJENDUR** Gunnhildur Daðadóttir, Elín Ásta Ólafsdóttir og Guðný Þóra Guðmundsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Hér iðar allt af ungu fólki og það er létt yfir öllum," segir Guðný Þóra Guðmundsdóttir, skipuleggjandi Tónlistarhátíðar unga fólksins, þar sem hún er stödd í menningarmiðstöðinni Molanum í Kópavogi.

Gegnt Molanum blasir Salurinn við. Þar voru opnunartónleikar hátíðarinnar í gærkveldi en í kvöld er röðin komin að Hughrifum tónanna þar sem Sólborg Valdimarsdóttir píanóleikari og María Ösp Ómarsdóttir sameina krafta sína. Þær hafa verið við framhaldsnám í Danmörku síðustu ár og tekið þátt í margs konar tónlistarstarfi bæði þar og hér heima að sögn Guðnýjar Þóru. Annað kvöld verða Magnús Hallur Jónsson tenór og Ingileif Bryndís Þórsdóttir píanóleikari með ljóðatónlist í Salnum. Að sögn Guðnýjar Þóru hafa þau bæði verið í löngu námi í Þýskalandi og starfa þar. Á sunnudaginn koma svo kennararnir á námskeiðunum og í vinnustofunum fram á sviðið með sína list.

Þetta er sjötta árið sem Tónlistarhátíð unga fólksins er haldin.

## Dagskráin í Salnum

**HUGHRIF TÓNANNA,** föstudaginn 8. ágúst klukkan 20.
**María Ösp Ómarsdóttir og Sólborg Valdimarsdóttir**
Dúóið mun frumflytja verk eftir Báru Grímsdóttur og Finn Karlsson auk þess að leika verk eftir Þóru Marteinsdóttur, Oliver Messiaen, Þorkel Sigurbjörnsson, Piazzola og Pärt, fyrir píanó og þverflautu.

**LJÓÐAGRÜTZE,** laugardaginn 9. ágúst klukkan 20.
Magnús Hallur Jónsson og Ingileif Bryndís Þórsdóttir flytja íslensk og erlend ljóð og lög. Sem dæmi má nefna *Ég lít í anda liðna tíð*, *Kall sat undir kletti* og *Brúnaljós þín blíðu*.

**KAMMERTÓNLEIKAR KENNARA,** sunnudaginn 10. ágúst klukkan 11.
Auður Hafsteinsdóttir, Svava Bernharðsdóttir, Pia Eva Greiner-Davis, Peter Maté, Hallfríður Ólafsdóttir og Gyða Valtýsdóttir.

Auk ofangreindra tónleika er þar fjöldi námskeiða, vinnustofa, fyrirlestra og tónleika í boði fyrir ungt tónlistarfólk á öllum námsstigum.

Guðný Þóra hefur haldið utan um starfið frá upphafi. „Ég stofnaði hátíðina í samstarfi við vin minn, Helga Jónsson, til að gefa ungum tónlistarnemum kost á að sækja námskeið hér heima. Áður þurftu flestir að fara til útlanda til að taka þátt í þeim," útskýrir hún.

Hún segir hátíðina hafa þróast gegnum árin. „Til að byrja með vorum við með hefðbundin verk eftir eldri tónskáld en nú erum við meira farin að stíla inn á nýja tónlist og erum með fjölda íslenskra verka, bæði frumflutt og endurflutt. Á hátíðinni koma því saman þeir sem semja tónlistina og þeir sem miðla henni til fólks. Það þykir okkur gaman."

gun@frettabladid.is

**FRÉTTABLAÐIÐ** ER HELGARBLAÐIÐ



FJÖLSKYLDUR ERU ALLS KONAR

**Hilmar Magnússon** og **Sigríður Birna Valsdóttir** eru bæði samkynhneigð en ákváðu að eignast saman soninn Kára Val sem þau hafa sameiginlegt forræði yfir. Þeim finnst tímaskekkja að tala um að eitt fjölskylduform sé eðlilegra en annað.



**Jarðfræðilega forvitnilegt**

**Suðurlandið** er ríkt af náttúru- og jarðfræðiminjum bæði í byggð og að fjallabaki.

**Ástin kemur út á mér tárunum**

**Dóra Takefusa** er viðkvæm sál sem horfir ekki á bíómyndir sem eru bannaðar yngri en 16 ára. Samt er fullt af fólki hrætt við hana sem henni þykir óskiljanlegt.



FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000 | Auglýsingar 512-5401 | visir.is

**HELGARBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS** *Ómissandi hluti af góðri helgi*

# HUMAR TILBOÐ

STÆRÐ 30/40



# 1.990 kr.kg

HUMAR Í ÖLLUM REGNBOGANSSTÆRÐUM

## HUMARSÚPA 1.350 Líter

NÝ LÖGUÐ OG ROSALEGA GÓÐ

Til hamingju
með daginn
allir saman

**OPIÐ
LAUGARDAG
10 - 15**



**FISKIKÓNGURINN**
HÖFÐABAKKA 1
v/Gullinbrú
SÍMI 555 2800

**FISKIKÓNGURINN**
SOGAVEGI 3
SÍMI 587 7755

www.fiskikongurinn.is

GÓÐA HUMARHELGI

Finndu Fiskikónginn á f

# LÍFIÐ

## TÍST VIKUNNAR



**Berglind Festival**
**@ergblind**
**6. ágúst**
Mamma heldur að barnabarnið sé með vítamínskort því það vill bara vera inni að horfa á sjónvarpið en ekki úti í einakrónu. #ammaawards



**Auðunn Blöndal**
**@Auddib**
**7. ágúst**
Er að reyna að plata Brján Breka í spjall annan hvern föstudag í vetur! Hentu í favorite ef þú saknar þess meistara! #FM95BLÖ



**Snorri Helgason**
**@snorrihelgason**
**6. ágúst**
Late night songwriting session and whiskey sipping. #sorrynewneighbours #sorrímemmig #thankgoditstuesday



**Gunnar Nelson**
**@GunniNelson**
**6. ágúst**
EPIC UFC Dublin: http://youtube/E6yA3bNRYnU THANK U IRELAND! Being called honorary Irish by the fans is the greatest title anyone could ask for!



**Unnur Eggertsdóttir**
**@UnnurEggerts**
**5. ágúst**
Eina ömurlega við að flytja til útlanda er að heita Unnur. #únerrh #únna

# Gleymdu sér í gleðinni og gervunum

**Hin árlega draggkeppni Hinsegin daga var haldin í vikunni þar sem skrautlega klæddar konur og karlar kepptust við að vera sem mest sannfærandi í gervi hins kynsins. Þorsteinn Guðmundsson var kynnir og að sögn gesta var stappað alveg út að dyrum í Eldborg.**



**DÚNDUR DÍVA** Keppendur lögðu sig alla fram.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**WELCOME TO THE JUNGLE** Þessi keppandi var sönn rokkstjarna.



**AÐLAÐANDI ALKÓHÓLISTI** Þessi unga stúlka brá sér í gervi síðhærðs manns í flónel-skyrtu með viskiflösku.



**SÆTUR SÖNGFUGL** Vinsælt er að bregða sér í gervi söngkvenna og flytja kraftmiklar ballöður.



**ATTITJÚD** Sviðsframkoman er mikilvæg.



**VEL KLÆDDUR** Þorsteinn Guðmundsson hélt uppi stuðinu á draggkeppninni.






## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FÖSTUDAGUR 8. ÁGÚST 2014**

### Tónleikar

**18.00** Þýska píanódúóið Michael Hagemann og Shoko Hayashizhaki leika fjórhent 12 píanóútsetningar í Norræna húsinu.

**19.00** Kristján Jóhannsson, Garðar Thór Cortes og Gissur Páll Gissurarson slá upp tónlistar- og matarveislu í Björtuloftum, veislusölum Hörpu.

**20.00** Hughrif tónanna í Salnum Kópavogi. María Ósp Ómarsdóttir og Sólborg Valdimarsdóttir koma fram á tónleikunum.

**21.00** Hljómsveitin Boogie Trouble koma fram á Loft Hostel.

**22.00** Hljómsveitirnar Johnny and the rest, Bíbí og Blakkát og Caterpillarmen halda tónleika á Gauknum.

### Sýningar

**20.00** Verkið Landsliðið á línu í Tjarnarbíó. Miðaverð 2.000 krónur.

**20.00** Opnun sýningarinnar Við erum öll elskendur í galleríinu Hótel Kaffistofa á Hverfisgötu.

### Upplestur

**17.00** Upplestrarkvöld hinsegin daga á Loft Hostel.

### Uppákomur

**22.00 Sálarsysturnar Kolbrún Klara Gunnarsdóttir og Julia Ruslanovna Zakharchuk blása til tónlistarveislu á Lava Bar, Lækjargötu 6a. Plötusnúðarnir lofa löðrandi sveittu partíi þar sem djúpir tónar og gígantískur bassi verða í fyrirrúmi.**

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*




EXPO • www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

LAUGARÁS BÍÓ · midi.is · Miðasala og nánari upplýsingar · ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI

LUCY · POWERSÝNING KL. 10 · BEINT Á TOPPINN Í USA!

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| LUCY | 6, 8, 10(P) | 16 |
| NIKULÁS LITLI | 3:50 | L |
| HERCULES | 8, 10:10 | 12 |
| SEX TAPE | 8 | 14 |
| PLANET OF THE APES 3D | 10:10 | 14 |
| TEMJA DREKANN SINN 2D | 5 | L |
| 22 JUMP STREET | 5 | 12 |

5% · Sími: 553-2075 · www.laugarasbio.is

SAMbio.is

MYNDIN SEM ALLIR HAFA BEÐIÐ EFTIR

GUARDIANS OF THE GALAXY

★★★★★ HITFIX ★★★★★ WASHINGTON POST ★★★★★ NEW YORK DAILY NEWS

„BESTA MYND MARVEL TIL ÞESSA“ MOVIEPILOT.COM

CLINT EASTWOOD · „MEÐ BESTU MYNDUM SUMARSINS!“ · STÓRKOSTLEG TÓNLIST · JERSEY BOYS · „JERSEY BOYS ER ÓMÓTSTÆÐILEG.“

SCARLETT JOHANSSON · MORGAN FREEMAN · LUCY · THE AVERAGE PERSON USES 10% OF THEIR BRAIN CAPACITY. TODAY SHE WILL HIT 100% · FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA

CHEF · ★★★★★ SAN FRANCISCO CHRONICLE · TARZAN · SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI Í 2D · DWAYNE JOHNSON · HERCULES

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| GUARDIANS OF THE GALAXY | KL. 3D: 3 - 5:30 - 8 - 10:40 2D: 3:20 - 10:40 | 12 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY VIP 2D | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:40 | |
| LUCY | KL. 6 - 8 - 10:10 | 16 |
| HERCULES | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:40 | 12 |
| CHEF | KL. 5:40 - 8 - 10:10 | 12 |
| TAMMY | KL. 8 | 12 |
| TARZAN ÍSL TAL 2D | KL. 3:40 - 5:50 | 7 |
| MALEFICENT 2D | KL. 3:40 | 10 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| GUARDIANS OF THE GALAXY 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| JERSEY BOYS | KL. 10:10 | 12 |
| LUCY | KL. 8 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| GUARDIANS OF THE GALAXY | KL. 3D: 5:20 - 8 - 10:40 2D: 7 - 9:30 | 12 |
| JERSEY BOYS | KL. 5:15 - 8 - 10:20 | 12 |
| HERCULES | KL. 5:20 - 8 - 10:45 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| GUARDIANS OF THE GALAXY | KL. 3D: 5 - 7:30 - 10 2D: 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| JERSEY BOYS | KL. 5:15 - 8 - 10:45 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| GUARDIANS OF THE GALAXY 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| JERSEY BOYS | KL. 8 | 12 |
| HERCULES | KL. 10:45 | 12 |
| TAMMY | KL. 5:50 | 12 |

SPARBÍÓ · MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU · KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

SMÁRABÍÓ · HÁSKÓLABÍÓ

LUCY · EIN ÓVÆNTASTA SPENNUMYND ÁRSINS · FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA · GUARDIANS OF THE GALAXY

| SMÁRABÍÓ (5%) | | |
|---|---|---|
| LUCY | KL. 3.10 - 5.40 - 8 - 10.10 | 16 |
| LUCY LÚXUS | KL 10.40 | 16 |
| GUARDIAN OF THE GALAXY 3D | KL 3.10 - 5 - 8 - 10.40 | 12 |
| GUARDIAN OF THE GALAXY 3DLÚXUS | KL 5 - 8 | 12 |
| SEX TAPE | KL 8 - 10.10 | 14 |
| DAWN_PLANET OF THE APES 3D | KL 8 - 10.45 | 14 |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 ÍSL TAL 2D | KL 3.30 - 5.45 | L |
| VONARSTRÆTI | KL 5.20 | 14 |

| HÁSKÓLABÍÓ (5%) | | |
|---|---|---|
| LUCY | KL 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| NIKULÁS Í FRÍI | KL 5.45 - 8 | L |
| SEX TAPE | KL 5.40 - 8 - 10.10 | 14 |
| DAWN_PLANET OF THE APES 3D | KL 10.15 | 14 |
| 22 JUMP STREET | KL 10.40 | 12 |
| VONARSTRÆTI ENSKUR TEXTI | KL 5.20 | 14 |
| VONARSTRÆTI | KL 8 | 14 |

Miðasala á: eMiði

FJÖLSKYLDUPAKKINN · Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði · NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING

# Í HM-draumi spilar enginn á gervigrasi

**BAKÞANKAR**
Kolbeins Tuma Daðasonar



Enn eina ferðina hafa forsvarsmenn Alþjóðaknattspyrnusambandsins FIFA, með trúðinn Sepp Blatter í broddi fylkingar, gert sig að fífli. Maðurinn sem ætlaði að auka vinsældir kvennaknattspyrnu á einu bretti um árið með því að stytta stuttbuxur leikmanna hefur nú gefið grænt ljós á að leikir í næstu heimsmeistarakeppni í Kanada fari fram á gervigrasi. Töluvert er síðan gestgjafarnir óskuðu eftir að sá háttur yrði hafður á en vonir stóðu til að FIFA myndi ekki samþykkja tillöguna.

**EÐLILEGA** eru leikmenn og áhugafólk um knattspyrnu um allan heim ósátt við ákvörðun FIFA. Skiljanlega. Aldrei í sögunni hefur leikur á HM í knattspyrnu farið fram á gervigrasi sem þykir, eðli málsins samkvæmt, ekki komast með tærnar þar sem náttúrulegt gras hefur hælana. Það segir sína sögu að karlalandslið Kanada hafi í undankeppni fyrir HM 2014 í Brasilíu neitað að spila einn leikja sinna á gervigrasi.

**ÁHUGI** á kvennaknattspyrnu er grátlega lítill samanborið við áhuga á karlaknattspyrnu. „Það eru eiginlega bara strákar sem veðja á leikina sem mæta,“ sagði vinkona mín í Pepsi-deild kvenna við mig á dögunum. Ástæður fyrir muninum á áhuga eru efni í aðra bakþanka, reyndar efni í meistararitgerð, en vandamálið er ljóst.

**LAUSNIN** er ekki að höfuð knattspyrnunnar í heiminum fari í tilraunastarfsemi með fremstu leikmenn heimsins í kvennaflokki. Eftir glæsilega heimsmeistarakeppni í Þýskalandi árið 2011 var liðum í lokakeppni fjölgað úr 16 í 24. Fleiri þjóðir, þar á meðal Ísland, áttu allt í einu töluvert meiri möguleika á að spila á stóra sviðinu sem allt knattspyrnufólk dreymir um.

**STELPURNAR** okkar mæta Dönum í því sem mætti kalla úrslitaleik um annað sætið í riðli Íslands í undankeppninni í Laugardalnum eftir tvær vikur. Möguleiki á sæti í lokakeppninni er fyrir hendi þótt hann sé nokkuð fjarlægur draumur. Draumur er hann engu að síður og í þeim draumi er enginn að spila á gervigrasi.



**Á SETTI** Leikstjórinn ræðir við aðalleikarana, Hilmar Jónsson og Hörpu Arnardóttur. MYND/VESTURPORT



**TÆKNILEG ATRIÐI** Stefnt er á að frumsýna myndina eftir áramót.

# Spennandi verkefni

**Vesturport og 365 framleiða saman kvikmyndina Blóðberg. Myndin verður frumsýnd í sjónvarpi á svipuðum tíma og í bíói, líklega í fyrsta sinn á Íslandi.**

Tökur hófust í vikunni á kvikmyndinni Blóðbergi, en hún er framleidd af Vesturporti í samvinnu við 365 miðla og framleiðslufyrirtækið Pegasus. Að sögn Jóhönnu Margrétar Gísladóttur, framkvæmdastjóra sjónvarpssviðs 365 miðla, er um nokkuð einstakt samstarf að ræða.

„Þetta er rosalega spennandi verkefni,“ segir Jóhanna Margrét. „Mér skilst að þetta sé í fyrsta sinn sem mynd af þessari stærðargráðu er frumsýnd í íslensku sjónvarpi.“

Til stendur að Blóðberg verði frumsýnd í tveimur hlutum á Stöð 2 eftir áramót og í heild sinni í kvikmyndahúsum á svipuðum tíma. Jóhanna Margrét segir að engin ákvörðun hafi verið tekin um fleiri framleiðsluverkefni af þessu tagi.

„Við erum bara spennt fyrir því að sjá hvernig þetta verkefni gengur,“ segir hún. „Þetta er náttúrulega bara hluti af öflugri, innlendri dagskrárgerð hjá Stöð 2.“

Það er Björn Hlynur Haraldsson sem leikstýrir myndinni en handritið er byggt á leikriti hans, Dubbeldusch, sem Vesturport setti fyrst upp árið 2008. Sagan er gamansöm með alvarlegum undirtón og fjallar um hefðbundna íslenska fjölskyldu í úthverfi Reykjavíkur sem þarf að takast á við gamalt leyndarmál, sem einn daginn bankar upp á og þá breytist allt.



**FRUMRAUNIN** Þetta er fyrsta myndin í fullri lengd sem Björn Hlynur leikstýrir.

Rakel Garðarsdóttir, framkvæmdastjóri Vesturports, segir tökur fara vel af stað.

„Myndin er búin að vera lengi í þróun hjá okkur í Vesturporti og hún ætti að höfða til allra,“ segir Rakel. Hún bendir á að hægt sé að fylgjast með tökum á Facebook-síðunni Blóðberg og undir #bloðberg á Instagram.

> **Myndin er búin að vera lengi í þróun hjá okkur og hún ætti að höfða til allra.**
> *Rakel Garðarsdóttir, framkvæmdastjóri Vesturports*

bjarkia@frettabladid.is

BÍÓ ★ PARADÍS · EUROPA CINEMAS

MONTY PYTHON LIVE (mostly) 7 - 12 ÁGÚST: 20.00

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas




# Glæsilegur árangur Hyundai í gæðakönnun J.D. Power

Eins og fram kom í bílablaði Fréttablaðsins í vikunni rataði Hyundai í fyrsta sæti gæðakönnunar J.D. Power í síðustu viku. Einkum voru það áreiðanleiki og lág bilanatíðni sem skiluðu Hyundai sigri í þremur stærðarflokkum. Þessi niðurstaða staðfestir að Hyundai bílar eru með þeim traustustu og endingarbestu á markaðnum.



**Hyundai i10**
Eyðsla frá 4,7 l/100 km í blönduðum akstri.
Verð frá **kr. 1.990.000**



**Hyundai i20**
Eyðsla frá 3,8 l/100 km í blönduðum akstri.
Verð frá **kr. 2.390.000**



**Hyundai ix20**
Eyðsla frá 4,5 l/100 km í blönduðum akstri.
Verð frá **kr. 3.790.000**



**Hyundai i30**
Eyðsla frá 4,1 l/100 km í blönduðum akstri.
Verð frá **kr. 2.990.000**



**Hyundai ix35**
Eyðsla frá 5,3 l/100 km í blönduðum akstri.
Verð frá **kr. 4.490.000**

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Nýi bíllinn er Hyundai

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kauptúni 1 – Beint á móti IKEA – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

ENNEMM / SÍA / NM63863

ENSKA ÚRVALS-DEILDIN HEFST EFTIR 8 DAGA



visir.is
Finna má meira um ensku úrvalsdeildina á Vísi

## Stjörnuleikmaðurinn

**ENNER VALENCIA** sló í gegn á HM í Brasilíu í sumar, þar sem hann skoraði öll þrjú mörk Ekvadors. Í lok júlí West Ham keypti hann á 12 milljónir punda frá mexíkóska liðinu Pachua.

Valencia, sem gengur undir gælunafninu Superman, er sterkur og öflugur í loftinu og ætti þ.a.l. að passa vel inn í leikstíl Hamranna. Það er sérstaklega mikilvægt fyrir West Ham að hann verði duglegur að skora í upphafi tímabils þegar Andy Carroll verður frá vegna meiðsla.

## Fimm lið sem verða í miðjumoði í ár

Fréttablaðið mun á næstu dögum birta spá sína fyrir ensku úrvalsdeildina í fótbolta og nú er komið að liðum sem sigla lygnan sjó.

West Ham verður líklega í basli en stuðningsmenn liðsins eru margir hverjir orðnir þreyttir á leikstíl liðsins undir stjórn Sam Allardyce. Gus Poyet og Tony Pulis gerðu frábæra hluti með Sunderland og Crystal Palace í fyrra, eftir að hafa tekið við á miðju tímabili. Þeirra verkefni er að gera betur í ár sem verður hægara sagt en gert. Aston Villa hefur verið í basli undanfarin ár og ekki bætir óvissan utan vallar úr skák. Félagið hefur verið til sölu undanfarna mánuði, en ekki hefur enn fundist neinn kaupandi. Southampton hefur misst sína bestu menn og missi liðið Jay Rodriguez og Morgan Schneiderlin gæti það sogast niður í fallbaráttuna.

### SPÁ FRÉTTABLAÐSINS

| | |
|---|---|
| **Englandsmeistari** | ??? |
| 2. ??? | 3. ??? |
| 4. ??? | 5. ??? |
| 6. ??? | 7. ??? |
| 8. Á morgun | 9. Á morgun |
| 10. Á morgun | 11. Southampton |
| 12. Aston Villa | 13. C. Palace |
| 14. Sunderland | 15. West Ham |
| 16. Hull | 17. QPR |
| **Þessi lið falla** | |
| 18. WBA | 19. Leicester |
| 20. Burnley | |

## NÝJU ANDLITIN



**DUSAN TADIC**
Fór frá Twente
➜ Gekk til liðs við Southampton

**JACK RODWELL**
Fór frá Manchester City
➜ Gekk til liðs við Sunderland

**BREDE HANGELAND**
Fór frá Fulham
➜ Gekk til liðs við Crystal Palace

# Verður aðalstjarnan

## Gunnar Nelson fer fyrir bardagakvöldi í Stokkhólmi.



**MMA** Gunnar Nelson berst í aðalbardaga kvöldsins á bardagakvöldi í Stokkhólmi þann 4. október, en þetta er í fyrsta skipti sem hann verður aðalstjarnan á bardagakvöldi. Hann berst gegn Bandaríkjamanninum Rick Story (17-8).

UFC bauð Gunnari fyrr í vikunni að fara fyrir kvöldinu og náðust samningar í gær. Þetta er mikill heiður fyrir bardagakappann og sýnir hversu mikils hann er metinn.

Síðast barðist Gunnar í Dyflinni á Írlandi sem var annar af tveimur aðalbardögum kvöldsins, en nú verður hann stjarnan. Því fylgir mun meiri athygli og auknar tekjur.

„Ég ætlaði nú að taka mér frí en hugsaði að ég gæti tekið þennan bardaga og farið svo í frí. Ég ætlaði aðeins að vera með fjölskyldunni,“ segir Gunnar, sem er nýbakaður faðir, við Fréttablaðið.

Rick Story, mótherji hans, er aðeins annar af tveimur mönnum sem unnið hafa núverandi meistara, Johnny Hendricks.

„Þetta er helvíti góður og reyndur kappi. Hann er búinn að berjast við alla þessa bestu og bæði unnið og tapað. Hann er góður glímumaður og mjög höggþungur. Þetta verður hörkubardagi,“ segir Gunnar Nelson sem segist þó sigurviss að vanda. - tom

LANDSLIÐ KARLA Í KÖRFUKNATTLEIK
UNDANKEPPNI EUROBASKET 2015
ÍSLAND
BRETLAND
Laugardalshöllinni 10. ágúst 2014 kl. 19.00
Íslenska karlalandsliðið í körfubolta leikur fyrri heimaleik sinn í undankeppni Evrópumótsins, **EuroBasket 2015** á sunnudaginn kl. 19.00 í Laugardalshöllinni. Miðasala fer fram á midi.is.
MÆTUM OG STYÐJUM STRÁKANA TIL SIGURS!
ICELANDAIR · DOMINO'S DEILDIN · Landflutningar Samskip · POWERADE ION4 · Hertz · Lýsing · KPMG · advania · DHL · ISS · NÓI SÍRÍUS · HÓPBÍLAR · Landsbankinn · ÍSHESTAR



**KOMNIR ÁFRAM** Stjörnumenn fagna í leikslok eftir að hafa slegið Poznan út á heimavelli þess.
FRÉTTABLAÐIÐ/ADAM JASTRZEBOWSKI

# Evrópustjarnan skín

## Stjörnumenn slógu út Lech Poznan í gær, tryggðu sér sæti í umspili Evrópudeildarinnar og urðu fyrsta íslenska liðið til að slá þrjú lið út í Evrópukeppni.

**FÓTBOLTI** „Það gekk allt upp í leiknum. Við þurftum líka þannig leik til að komast áfram,“ sagði Rúnar Páll Sigmundsson, þjálfari Stjörnunnar, eftir markalaust jafntefli Stjörnunnar og Lech Poznan í gær en þessi úrslit þýddu að Garðbæingar komust áfram á marki Rolfs Toft í fyrri leiknum og fram undan eru leikir við öfluga mótherja í umspili Evrópudeildarinnar.

„Þeir skora ekki hjá okkur mark í tveimur leikjum. Þetta er alveg ótrúlegt. Við munum aldrei upplifa stemningu eins og var á vellinum í dag aftur. Það var magnað að standast þessa raun,“ sagði Rúnar Páll.

Ingvar Jónsson, markvörður Stjörnunnar, átti frábæran dag og fékk líka mikið hrós frá þjálfara sínum. „Ingvar hélt okkur inni í leiknum fyrstu fimm til tíu mínúturnar. Hann varði alveg ótrúlega. Það var alveg ótrúlega mikilvægt að fá ekki á sig mark í byrjun og hann kom í veg fyrir það. En síðan voru þetta einu alvöru færin þeirra. Við fengum eiginlega besta færið þegar Heiðar Ægisson komst einn í gegn,“ sagði Rúnar Páll.

Rúnar Páll átti samt varla til orð til að lýsa hversu glaður hann var. „Við erum bara í skýjunum. Við ætlum að njóta þessarar stundar, sem er svo stór fyrir Stjörnuna og fótboltann, í botn. Við erum núna búnir að fara í gegnum þrjár hindranir, hverja erfiðari en sú næsta, og vinnum Lech Poznan sem er stórlið,“ sagði Rúnar Páll.

Stjarnan hélt líka áfram að skrifa nýjan kafla í knattspyrnusögu Íslands. Íslensk lið höfðu áður náð að slá tvo andstæðinga út, en Stjörnumenn bættu um betur í gær. Gjaldkeri félagsins fékk líka tvöfalda ástæðu til að brosa. Með sigrinum vann Stjarnan sér inn 150 þúsund evrur til viðbótar við þær 390 þúsund evrur sem liðið hafði þegar unnið sér inn. Árangur Stjörnunnar í Evrópukeppninni í sumar hefur því þegar skilað 83 milljónum í kassann og sú tala mun hækka stórlega takist liðinu að komast í riðlakeppnina.

Andstæðingur Stjörnunnar í umspilinu verður möguleika Inter frá Ítalíu, Tottenham frá Englandi, PSV Eindhoven frá Hollandi eða Villarreal frá Spáni en sigur þar myndi tryggja liðinu sæti í riðlakeppni Evrópudeildar og um leið 1,3 milljónir evra eða um 200 milljónir íslenskra króna.

ooj@frettabladid.is

# Allir myndu taka þessa ákvörðun

## Jón Arnór Stefánsson verður ekki með íslenska landsliðinu í undankeppni EM.

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson verður ekki með íslenska landsliðinu í undankeppni EM sem hefst með heimaleik við Bretland á sunnudaginn. Jón Arnór er samningslaus og tekur ekki áhættuna á að meiðast í þessum landsleikjum og missa af möguleikanum á því að finna sér nýjan samning. Jón Arnór er brenndur því hann meiddist illa á ökkla í landsleik haustið 2006.

„Ég lenti í slæmum meiðslum með landsliðinu sem klúðraði þessu Valencia-ævintýri fyrir mér,“ sagði Jón en hann tekur þessa ákvörðun í samráði við stjórn KKÍ. „Það hafði samt ekki áhrif á mig fjárhagslega því ég var það ungur. Það er bara annað dæmi í dag þegar ég er 31 árs og að verða 32 ára. Ungu pungarnir eru að berjast við mann um stöður og því þarf ég að vera klókur,“ segir Jón Arnór Óttast hann hvað fólk úti í bæ segi við þessu?

„Ég gerði það en það er ekki hægt að álasa mér fyrir að hugsa um mitt lifibrauð og mína fjölskyldu. Ég held að allir myndu taka þessa ákvörðun þó að þeir láti mig heyra það núna,“ sagði Jón Arnór og hann gæti enn dottið inn í liðið ef hann fær nýjan samning. „Ég er búinn að æfa með landsliðinu og ætlaði allan tímann að vera búinn að klára þetta og vera með. Það gæti enn þá gerst ef ég sem í kvöld eða á morgun. Það er samt ólíklegt,“ sagði Jón Arnór og hann fær stuðning frá liðsfélögum sínum og þjálfara.



**ERFIÐ ÁKVÖRÐUN** Jón Arnór Stefánsson í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Auðvitað er slæmt að missa Jón og Jakob er ekki heldur búinn að vera með okkur í sumar. Þetta eru tveir bestu skorarar okkar. En um leið og þetta kom í ljós þá þurfti maður bara að gleyma því að Jón væri til,“ sagði Pavel Ermolinskij í léttum tón. Jón Arnór nefnir Pavel sem og Loga Gunnarsson sem tvo leikmenn sem þurfa að skila meiru. „Þetta er mikill missir enda okkar aðalmaður. Þetta er mjög erfið aðstaða sem hann er í en við skiljum hann allir og vitum bara að það er ákveðin ábyrgð sem færist á aðra núna,“ sagði Logi.

„Þetta er óheppilegt en alveg skiljanlegt. Ég hefði gert það sama og hann í sömu stöðu. Það styðja hann allir í hópnum, það væri auðvitað mjög gott að hafa hann en við erum ekki eina liðið sem er í svona stöðu,“ sagði Craig Pedersen, þjálfari íslenska liðsins.

Jón Arnór tekur það líka fram að hann hefur ekki spilað sinn síðasta leik. „Ég er ekki hættur í landsliðinu, það er pottþétt. Ég ætla ekki að gefa eftir mína stöðu og kem bara og berst fyrir henni aftur næsta sumar,“ segir Jón Arnór léttur. Hvað með ef strákarnir koma liðinu inn á EM án hans? „Hvernig væri það? Ef þeir gera það án mín það get ég kannski bara hætt þessu. Það væri frábært og ég hef fulla trú á því að strákarnir geti unnið Bretland,“ sagði Jón Arnór. Hann lofaði því líka að kíkja inn í klefa fyrir leik. „Það verður samt fáránlegt að vera bara uppi í stúku að horfa á,“ sagði Jón að lokum. - óój

# Brostu!

SAMSUNG SETRIÐ

ORMSSON

# SPARIDAGAR
## eru byrjaðir

2014 Spari dagar

**TILBOÐ! AFSLÆTTIR! VERÐLÆKKUN!**

*Það er at,*
*það er annríki*
*og það er gaman*
*á Ormsson lagernum*
*á SPARIDÖGUM*
*- allt í þína þágu.*




**25% AFSLÁTTUR**
AEG
kaffivélar, brauðristar, blandarar, töfrasprotar, hraðsuðukönnur, straujárn, espressovélar o.m.fl.

**22% AFSLÁTTUR**
AEG
þvottatæki, kæliskápar, ofnar, helluborð, viftur, gufugleypar, ryksugur o.m.fl.

# Allar vörur á SPARIDÖGUM frá

AEG · SAMSUNG · Tefal · Pioneer
ZANUSSI · Haier · SHARP · OLYMPUS · Nintendo · Verbatim · brabantia




WF80F7E3P6W
**Þvottavél**
8 kg · 1400 sn/mín
~~149.900~~
TILBOÐSVERÐ
**139.000**

SDC16709
**Þurrkari**
7 kg · barkalaus/rakask.
~~119.900~~
TILBOÐSVERÐ
**99.900**




- LED 3D Smart TV
- Sería: 6470
- Upplausn: 1920 x 1080
- Clear Motion Rate 400Hz
- Netvafri: Já
- Örgjörvi: Quad Core
- USB Movie: Já
- Sjónvarpsmóttakari: Stafrænn DVB-T / C x1, Gervihnatta x1, Analog x 1

| Stærð | Verð | Tilboðsverð |
| --- | --- | --- |
| 48" | ~~239.900~~ | 199.900 |
| 55" | ~~329.900~~ | 279.900 |
| 65" | ~~649.900~~ | 549.900 |

Hágæða hljómflutningstæki

**25% afsláttur**




**Úrval Samsung kæli- og frystiskápa á Sparidaga verði.**
Dæmi: 178 cm hár hvítur skápur = ~~Kr. 136.900~~
*á Sparidögum: 99.900*




Treystu Samsung til að framleiða afburða uppþvottavélar.
Verð frá ~~kr. 142.900~~
*á Sparidögum: 119.900*

Heimilistækitæki af allra bestu gerð




OFNAR OG SPANHELLUBORÐ
*Frá kr. 99.900,- á Sparidögum*




Myndavélar *á sértilboði*

OPIÐ VIRKA DAGA KL.10–18
LAUGARDAGA KL.11–15

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ
SAMSUNG-SETRIÐ ER HLUTI AF ORMSSON EHF.
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

| | | | | | | | | | |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR · BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 19.15
### Super Fun Night
Gamanþáttaröð um þrjár frekar klaufalegar vinkonur sem eru staðráðnar í að láta ekkert stoppa sig í leita að fjöri á föstudagskvöldum. Ástralska gamanleikkonan Rebel Wilson úr Pitch Perfect og Bridesmaids er í einu aðalhlutverkanna.

## Í KVÖLD



### NCIS: Los Angeles
**STÖÐ 2 KL. 20.20** Fjórða þáttaröðin um starfsmenn sérstakrar deildar innan bandaríska hersins sem hafa það sérsvið að rannsaka glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt.



### Blackburn – Cardiff
**STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 18.35** Stöð 2 Sport 2 sýnir beint frá leik Blackburn og Cardiff í ensku 1. deildinni en landsliðsmaðurinn Aron Einar Gunnarsson leikur með velska liðinu.



### Breaking Bad
**STÖÐ 2 GULL KL. 21** Fimmta þáttaröðin um efnafræðikennarann og fjölskyldumanninn Walter White sem nýtir efnafræðiþekkingu sína til framleiðslu og sölu á eiturlyfjum og sogast inn í hættulegan heim eiturlyfja og glæpa.

## Bylgjan kl. 16
### Reykjavík síðdegis
Þeir Þorgeir Ástvaldsson, Kristófer Helgason og Bragi Guðmundsson fara yfir þjóðmálin á föstudegi. Hverjir fá lof eða last þessa vikuna?




Afmælis-tilboð!

PIZZA LAUTIN HRAUNBÆ 1 árs

Sótt

Tvær 15" með 2 áleggjum og brauðst. 2.990 kr.
Ein 15" með 3 áleggjum og 2L Pepsi 1.990 kr.
Ein 15" með 2 áleggjum og brauðst. 1.990 kr.
Mánudagstilboð
Ein 15" pizza með 2 áleggjum 1.000 kr.

Sent

Tvær 15" með 2 áleggjum og 2L gos 3.990 kr.
Ein 15" með 2 ál., brauðst. og 2L gos 2.990 kr.

Pizzutilboð á Facebook alla daga. Veldu Lautin Pizza og pantaðu!

Hádegishlaðborð
Tveir heitir heimilisréttir, salat, súpa, nýbakað brauð og pizzuhlaðborð
kr. 1.590
Pizzuhlaðborð og súpa
kr. 1.000

Lautin Pizza Restaurant • Hraunbæ 102 • 110 Reykjavík
Opið alla daga frá 12-22 Sími: 577-3311


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**07.40 Malcolm in the Middle** *(13:22)*
**08.05 Young Justice**
**08.25 Drop Dead Diva** *(10:13)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(33:175)*
**10.15 Last Man Standing** *(14:24)*
**10.40 The Face** *(8:8)*
**11.25 Junior Masterchef Australia** *(7:16)*
**12.15 Heimsókn**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Notting Hill**
**15.05 Pönk í Reykjavík** *(4:4)*
**15.55 Young Justice**
**16.20 The Big Bang Theory** *(19:24)*
**16.45 How I Met Your Mother** *(23:24)*
**17.10 Bold and the Beautiful** *(6415:6821)*
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** *(4:22)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Super Fun Night** *(10:17)*
**19.35 Impractical Jokers** *(2:15)*
**20.00 Mike & Molly** *(20:23)*
**20.20 NCIS. Los Angeles** *(10:24)*
**21.05 Sense and Sensibility** Frábærlega vel gerð bíómynd eftir sögu Jane Austen um systurnar Elinor og Marianne sem eru ólíkar mjög. Elinor er raunsæ en Marianne tilfinninganæm og fyrirferðarmikil. Pegar faðir systranna deyr gengur sveitasetrið þar sem þær búa lögum samkvæmt í arf til sonar hans af fyrra hjónabandi. Systurnar neyðast til að flytja í fábrotnari húsakynni ásamt móður sinni og þar gerast ævintýrin.
**23.20 Killing Bono**
**01.10 Midnight Run**
**03.15 Wrecked**
**04.45 Notting Hill**

## SPORT
*besta sætið*

**14.15 Meistaradeild Evrópu. Bayern München - Man. City**
**16.00 A-úrslit** Útsending frá A-úrslitum á Íslandsmótinu í hestaíþróttum í Víðidal.
**17.45 Pepsímörkin 2014**
**19.00 Keflavík - Víkingur**
**21.30 Community Shield 2014 - Preview Show** Upphitunarþáttur fyrir leik Arsenal og Manchester City um Samfélagsskjöldinn.
**22.00 Stjarnan**
**22.30 Box - Kovalev vs. Caparello**
**00.50 Community Shield 2014 - Preview Show**

## SPORT 2
*enski boltinn*

**14.10 Liverpool - Norwich**
**15.50 Premier League World**
**16.20 WBA - Man. City**
**18.05 PL Classic Matches. Blackburn - Leeds, 1997**
**18.35 Blackburn - Cardiff** Bein útsending frá leik Blackburn og Cardiff í ensku 1. deildinni.
**20.40 Community Shield 2014 - Preview Show**
**21.10 Guinness International Champions Cup 2014**
**22.55 Blackburn - Cardiff**

## ÍNN

**20.00** Norðurlandsleiðangur 2013 Skagafjörður
**21.00** Norðurlandsleiðangur 2013 Skagafjörður
**21.30** Norðurlandsleiðangur 2013 Skagafjörður

## STÖÐ 3

**16.45 Jamie's 30 Minute Meals** *(24:40)*
**17.30 The Neighbors** *(15:22)*
**17.50 Cougar Town** *(5:13)*
**18.15 The Secret Circle** *(12:22)*
**19.00 Top 20 Funniest** *(11:18)*
**19.40 Britain's Got Talent** *(9:18)*
**20.05 Community** *(20:24)*
**20.25 The Listener** *(6:13)* Önnur röðin af þessum dulmögnuðu spennuþáttum um ungan mann sem nýtir skyggnigáfu sína til góðs í starfi sínu sem sjúkraflutningamaður.
**21.10 Grimm** *(4:22)*
**21.55 Sons of Anarchy** *(6:14)*
**22.35 Longmire** *(4:10)*
**23.20 Top 20 Funniest** *(11:18)*
**00.00 Britain's Got Talent** *(9:18)*
**00.25 Community** *(20:24)*
**00.50 The Listener** *(6:13)*
**01.30 Grimm** *(4:22)*
**02.15 Sons of Anarchy** *(6:14)*
**03.00 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## Krakkastöðin

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.45** Elías **08.55** UKI **09.00** Brunabílarnir **09.22** Leyndarmál vísindanna **09.26** Ljóti andarunginn og ég **09.48** Gulla og grænjaxlarnir **10.00** Ævintýri Tinna **10.25** Latibær **10.47** Hvellur keppnisbíll **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.45** Elías **12.55** UKI **13.00** Brunabílarnir **13.22** Leyndarmál vísindanna **13.26** Ljóti andarunginn og ég **13.48** Gulla og grænjaxlarnir **14.00** Ævintýri Tinna **14.25** Latibær **14.47** Hvellur keppnisbíll **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.45** Elías **16.55** UKI **17.00** Brunabílarnir **17.22** Leyndarmál vísindanna **17.26** Ljóti andarunginn og ég **17.48** Gulla og grænjaxlarnir **18.00** Ævintýri Tinna **18.25** Latibær **18.47** Hvellur keppnisbíll **19.00** Úti er ævintýri **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.00 Strákarnir**
**18.25 Frasier** *(5:24)*
**18.45 Friends** *(22:24)*
**19.10 Seinfeld** *(10:22)*
**19.30 Modern Family** *(8:24)*
**19.55 Two and a Half Men** *(3:23)*
**20.15 Spurningabomban** *(9:21)*
**21.00 Breaking Bad** *(7:8)*
**21.45 Wallander**
**23.15 It's Always Sunny in Philadelphia** *(10:12)*
**23.40 Boardwalk Empire** *(6:12)*
**00.35 Footballers' Wives** *(1:8)*
**01.45 Spurningabomban** *(9:21)*
**02.30 Breaking Bad** *(7:8)*
**03.20 Wallander**
**04.50 It's Always Sunny in Philadelphia** *(10:12)*
**05.15 Boardwalk Empire** *(6:12)*

## BÍÓSTÖÐIN

**09.30 Dolphin Tale**
**11.20 Broadcast News**
**13.30 The Bourne Legacy**
**15.45 Dolphin Tale**
**17.35 Broadcast News**
**19.45 The Bourne Legacy**
**22.00 Phil Spector**
**23.35 Runner, Runner**
**01.05 This is the End**
**02.50 Phil Spector**

## RÚV

**15.40 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20 Kúlugúbbarnir** *(5:18) (Bubble Guppies, II)*
**17.44 Undraveröld Gúnda** *(10:11) (Amazing World of Gumball)*
**18.05 Nína Pataló** *(33:39) (Nina Patalo, I)*
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Með okkar augum** *(4:6)* Einlæg og skemmtileg þáttaröð þar sem fólk með þroskahömlun skoðar málefni líðandi stundar með sínum augum og spyr spurninga á sinn einstaka hátt. Dagskrárgerð: Elín Sveinsdóttir.
**18.55 Verðlaunafé**
**18.56 Verðlaunafé**
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veðurfréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Orðbragð** *(5:6)* Orðbragð er skemmtiþáttur þar sem Bragi Valdimar Skúlason og Brynja Þorgeirsdóttir snúa upp á íslenska tungumálið, teygja það, toga og umfaðma, knúsa og blása í það lífi.
**20.05 Saga af strák** *(10:13)*
**20.30 Séra Brown** *(5:10) (Father Brown)* Breskur sakamálaþáttur um hinn slungna séra Brown sem er ekki bara kaþólskur prestur heldur leysir glæpsamleg mál á milli kirkjuathafna.
**21.20 Wallander – Horfinn** *(Wallander)* Sænsk sakamálamynd frá 2013. Kurt Wallander rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni glímir við erfitt sakamál. Leikstjóri er Charlotte Brändström og meðal leikenda eru Krister Henriksson og Charlotta Jonsson Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**22.50 Bræðraböl** *(Submarino)* Tveir bræður hittast í jarðarför móður sinnar. Báðir eru þeir illa haldnir af sjálfseyðingarhvöt og laskaðir á sálinni vegna harmleiks frá æskuárunum.
**00.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Everybody Loves Raymond** *(2:25)*
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**15.05 The Voice** *(19:26)*
**16.35 The Voice** *(20:26)*
**17.20 Dr. Phil**
**18.00 Necessary Roughness** *(16:16)*
**18.45 An Idiot Abroad** *(8:9)*
**19.30 30 Rock** *(10:22)*
**19.50 America's Funniest Home Videos** *(43:44)*
**20.15 Survivor** *(11:15)*
**21.00 The Bachelorette** *(8:12)*
**22.30 The Tonight Show** Spjallþáttasnillingurinn Jimmy Fallon hefur tekið við keflinu af Jay Leno og stýrir nú hinum geysivinsælu Tonight Show þar sem hann hefur slegið öll áhorfsmet. The Millers-leikarinn Will Arnett sest í stólinn hjá Jimmy ásamt rapparanum T.I.
**23.15 David Bowie - Five Years in the Making of an Icon**
**00.00 Leverage** *(14:15)*
**00.45 Inside Men** *(3:4)*
**01.35 Survivor** *(11:15)*
**02.25 The Tonight Show**
**03.10 The Tonight Show**
**03.55 Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** PGA Championship 2014 **11.05** Inside The PGA Tour 2014 **11.30** Golfing World 2014 **12.20** PGA Tour 2014 **16.05** PGA Tour 2014 **17.00** LPGA Tour 2014 **19.00** PGA Championship 2014 **22.00** Champions Tour 2014 **22.55** Golfing World 2014

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 |
| **FM 89,5** Retro | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |



539 KR
VERÐ ÁÐUR 799 KR.
399 KR
GRIFFILSVERÐ 2.899 KR.
GRIFFILSVERÐ 2.799 KR.
299 KR
4.999 KR
VERÐ ÁÐUR 7.999 KR.
4.999 KR
VERÐ ÁÐUR 9.499 KR.
4.999 KR
VERÐ ÁÐUR 9.999 KR.
MIKIÐ ÚRVAL AF SKIPTIBÓKUM
GRIFFILL MARKAÐUR!
GRIFFILL SÍMI: 533-1010
WWW.GRIFFILL.IS
LAUGARDALSHÖLL
GRIFFILL
Tilboðið gildir frá 8.ágúst til og með 11. ágúst eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

UPPÁHALDSDÝRIÐ



**„Hestar. Ég er hestakona. Þeir eru yndislegar og skynugar skepnur.“**

Björt Ólafsdóttir alþingiskona.

# Ólafur Darri berst við Vin Diesel

Ólafur Darri leikur stórt hlutverk í nýrri mynd sem ber nafnið The Last Witch Hunter.

„Ég hef nú aldrei hitt hann en hann er flottur. Ég hef séð myndirnar hans og hann var flottur í Pitch Black og The Fast and the Furious-myndunum,“ segir leikarinn Ólafur Darri Ólafsson. Hann leikur á móti stórleikaranum Vin Diesel í nýrri kvikmynd sem ber nafnið The Last Witch Hunter. Ólafur Darri mun þar leika stórt hlutverk sem norn sem Diesel þarf að berjast við en hann leikur nornaveiðarann. „Við munum hittast í myndinni, það verður skemmtilegt,“ bætir Ólafur Darri við. Hann segist hafa fengið að vita að hann hefði fengið hlutverkið í síðustu viku en hann fór í prufur fyrir myndina í maí.

Í myndinni leika fleiri kanónur á borð við Michael Caine og Elijah Wood. „Mig hefur alltaf langað til að hitta Michael Caine, ég veit að hann er góður vinur Dorritar þannig að ég ætla að muna að skila kveðju frá Dorrit,“ segir Ólafur Darri og hlær. Myndin fer í tökur í byrjun september og fara þær fram í Pittsburgh í Pennsylvaníu og hlakkar Ólafur Darri mikið til. „Það er alltaf gaman þegar maður fær vinnu og ég er mjög þakklátur.“

Leikstjóri myndarinnar er Breck Eisner. „Ég hef bara séð myndina The Crazies, sem er endurgerð af gamalli hryllingsmynd, og var mjög hrifinn og hlakka til að vinna með honum,“ segir Ólafur Darri.

Þá er hann einnig að fara til Los Angeles að leika í prufuþætti fyrir AMC-sjónvarpsstöðina sem framleiddi meðal annars Breaking Bad-þættina. **- glp**



## Nokkur verk Ólafs Darra í Hollywood

Ólafur Darri er vel kunnugur Hollywood-myndum en ekki er langt síðan hann lauk við tökur á myndinni A Walk Among the Tombstones þar sem hann leikur meðal annars á móti Liam Neeson.

Hann lék einnig í The Secret Life of Walter Mitty á móti Ben Stiller. Þá lék hann í Contraband árið 2012 á móti Mark Wahlberg. Í nýju myndinni, The Last Witch Hunter, leikur hann meðal annars á móti Rose Leslie, Vin Diesel, Elijah Wood og Michael Caine.

– KOMDU NÚNA –
TAXFREE DAGAR
20,32% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
SÓFAR | SÓFASETT | HÆGINDASTÓLAR | SÓFABORÐ | BORÐSTOFUBORÐ | BORÐSTOFUSTÓLAR | SVEFNSÓFAR | BORÐSTOFUSKÁPAR | BAKBORÐ | HORNBORÐ | ALLSKONAR-SMÁVARA | O.FL. | O.FL.
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söluverði. 20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

TAXFREE VERÐ! 254.972 KRÓNUR
BRIGHTON – 3JA SÆTA SÓFI – EIK & LEÐUR

AROS stóll, margir litir
TAXFREE VERÐ! 10.350 KRÓNUR

IVV SPEEDY skálar, 6 í setti
TAXFREE VERÐ! 12.741 KRÓNUR
SÍÐUSTU DAGAR
EKKI MISSA AF ÞESSU
HÚSGAGNAHÖLLIN
– Reykjavík – Akureyri –
EITT SÍMANÚMER 558 1100

# Myndi ekki afþakka boð um far út í geim

Ungur Íslendingur útskrifaðist nýlega með doktorsgráðu í stjörnufræði. Doktorsverkefnið vann hann með geimförum hjá NASA. Hann segir þetta forréttindi.

Kári Helgason útskrifaðist í júlí með doktorsgráðu í stjörnufræði frá háskólanum í Maryland en doktorsverkefni sitt vann hann ásamt ekki síðri mönnum en vísindamönnum hjá bandarísku geimvísindastofnuninni, NASA. Kári fékk verðlaun fyrir bestan árangur í rannsóknum á sínu ári.

„Það var frábær viðurkenning og mikil hvatning,“ segir Kári þegar blaðamaður Fréttablaðsins nær af honum tali þar sem hann situr að störfum í Háskóla Íslands. „The show must go on,“ segir hann og hlær. „Það má ekkert slaka á þó maður sé útskrifaður.“

Kári vann gögn úr geimsjónaukum NASA sem byggðir voru á sama stað og hann vann á. „Maður gat séð verkfræðingana í hvítu sloppunum setja saman geimsjónauka sem verða sendir út í geim eftir 10 ár,“ útskýrir Kári. „Þetta var mjög hvetjandi umhverfi og áhugavert að vera í námunda við allt.“

Hinn nýútskrifaði doktor fékk tiltölulega frjálsar hendur síðustu fjögur árin við val á rannsóknarefnum. „Ég hef mestan áhuga á alheiminum þegar hann var mjög ungur.“ Sérstaklega þykir honum spennandi að rannsaka risasvarthol, hvaðan þau komu og hvort þau hafi haft áhrif á hvernig stjörnurnar mynduðust.

Starfsumhverfi Kára breytist þó töluvert á næstu misserum þar sem hann fékk styrk frá Evrópusambandinu til þess að starfa á geimrannsóknastöðinni Max Planck Institute for Astrophysics í Þýskalandi. Hann segir ákveðna eftirsjá að því að halda ekki áfram hjá NASA en hann verður þó í nánu sambandi við stofnunina.

„Ég lít fyrst og fremst á það sem forréttindi að fá að starfa á þessu sviði.“

En er engin löngun til að fara út í geim? „Ég held að konan mín vilji það ekki, það er helsta vandamálið.“ Hann segist þó ekki munu slá hendinni á móti því að fara út í geim fái hann boð um það. „Ef það verður hringt í mig og ég spurður hvort ég vilji fara út í geim þá er ég alveg tilbúinn í það.“

**nanna@frettabladid.is**



**MENNTAÐ PAR** Hér er Kári ásamt konu sinni, Þórhildi Halldórsdóttur, sem útskrifaðist á sama tíma úr klínískri barnasálfræði. MYND/ÚR EINKASAFNI



**GEIMVÍSINDAMAÐUR** Kári slær ekki slöku við og starfar nú uppi í Háskóla Íslands við ritrýni og situr símafundi með NASA. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Syngur Pride-lagið í fyrsta sinn

Sigríður Beinteinsdóttir syngur lagið Á þitt vald og er það Pride-lag ársins 2014.

„Já, þetta er í fyrsta sinn sem ég flyt Pride-lagið og er mjög ánægð með lagið,“ segir tónlistarkonan Sigríður Beinteinsdóttir en hún syngur lagið Á þitt vald sem er Gay Pride-lag ársins 2014. Lagið hefur verið í spilun á útvarpsstöðvum landsins og ætlar Sigga að flytja það um helgina. „Ég syng það á Arnarhóli á morgun og hlakka mikið til, þessi hátíð er svo frábær og vonandi verður veðrið ágætt,“ bætir Sigga við.

Lagið sömdu þær Ylva og Linda Person en þær eru sænskar og hafa samið fjölda popplaga sem náð hafa langt. „Ég þekki þær ekki neitt og hef aldrei séð þær en þær sendu mér upphaflega nokkur demó og þetta lag greip ég strax. Lagið var sent í forkeppni Eurovision en komst ekki áfram og fannst mér það mjög skrítið miðað við hvað lagið er hresst og mikið stuð í því,“ útskýrir Sigga.

Höfundunum var svo boðið að lagið yrði Gay Pride-lagið í ár og voru gerðar smábreytingar á því. „Þorvaldur Bjarni útsetti lagið og setti meiri diskóbrag á það en það var rokkaðra áður. Ég elska þetta lag, við í Stjórninni tókum lagið meira að segja um verslunarmannahelgina á Akureyri og fólk tók mjög vel í það.“

Sænsku lagahöfundarnir ætla einnig að syngja bakraddir með Siggu á laugardaginn á Arnarhóli. **- glp**



**MIKIÐ STUÐLAG** Sigríður Beinteinsdóttir syngur Gay Pride-lagið í ár sem ber titilinn Á þitt vald. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Panasonic

## SJÓNVARPSTILBOÐ




42"

50"

Panasonic TX42AS500Y

**129.990**

VERÐ ÁÐUR **159.990**

Panasonic TX50AS500Y

**159.990**

VERÐ ÁÐUR **189.990**

## GLÆSILEG HÖNNUN

Vönduð Smart Viera sjónvörp frá Panasonic á frábæru tilboði. Tækin eru notendavæn, vel búin og með skínandi myndgæðum.

**Myndgæði**
Vandaður FullHD 100 riða skjár með háskerpu 1920x1080 punkta upplausn. Vreal Smart myndvinnslubúnaður með háskerpu filter.

**Þráðlaus nettenging**
Tækið er með nýjustu snjall tækni þar sem allt er mjög einfalt og aðgengilegt í notkun. Aðgangur að fjölda forrita og eins er hægt að tengjast inn á samfélagsvefi eins og Facebook og Twitter. Tengjast má Skype ef bætt er við myndavél.

**Tengibúnaður**
Tækið býður upp á mikla tengimöguleika svo sem 2 HDMI tengi, Scart, USB, RCA, Ci+ kortarauf auk fleiri tengja. Einnig er hægt að tengjast sjónvarpinu á einfaldan hátt með spjaldtölvu eða snjallsíma til að sýna myndir eða spila tónlist yfir á sjónvarpið eða til að stýra tækinu.

FULL HD 1920x1080 · 100Hz blb Back Light Blinking · my Home Screen · HIGH CONTRAST · SWIPE & SHARE · VIERA Connect · Wireless LAN Built-in · Media Player

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

Official 3D Equipment Partner
Panasonic

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Þorsteinn J snýr aftur

Fjölmiðlamaðurinn **Þorsteinn Jens Vilhjálmsson**, oftast kallaður Þorsteinn J, snýr aftur á RÚV á næsta ári af miklum krafti.

Ekki aðeins verður hann með helgarþátt á Rás 1 sem heitir Smásögur með Þorsteini J, heimildarþáttur um hversdagslífið, heldur verður sýnd heimildarmynd eftir hann í sjónvarpinu. Heimildarmyndin kallast Ó, borg, mín borg, Chicago og fjallar um hina íslensku Möttu Jónsdóttur Kelley. Kelley hefur unnið með HIV-smituðum eiturlyfjaneytendum í borginni síðastliðin 25 ár.



-nej

### Fréttir af fólki

Heyrst hefur að **Atli Fannar Bjarkason** ætli sér að opna nýjan vef síðar í ágúst og að hann hafi þegar tryggt sér lénið nútíminn.is. Þar verða sagðar fréttir ásamt því að pistlahöfundar á borð við þau Braga Valdimar Skúlason, Ölmu í Charlies, Loga Pedro úr Retro Stefson, Björgu Magnúsdóttur rithöfund og Snæbjörn úr Skálmöld koma til með að viðra skoðanir sínar með reglulegum pistlum. Atli Fannar gefur þó ekkert upp um fyrirhuguð plön enn sem komið er.



- ka

## Mest lesið Vísir

1. Það var orðin algjör pína að fara í sturtu
2. Slær „að því er virðist" í gegn
3. Gummi Ben: Ég held að ég hafi gert risamistök
4. Kallaður „helvítis hommadjöfull"
5. Fundu tilbúna sprengju í húsi í Pelamörk







